



SKOÐUN Þórólfur Árnason skrifar um Samgöngustofu og öryggi. **16**



MENNING Norræna húsið skrifstofa Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. **24**



LÍFIÐ Jóhann fær góða dóma fyrir myndina The Theory of Everything. **28**



SPORT Þórsasar verða af fimmtán milljónum eftir fallið í 1. deild. **30**



FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
17. september 2014
218. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Sagður hafa bitið fleiri

Eigandi hundsins Myrkva sem ásamt öðrum hundi er sagður hafa drepið fimm lömb í síðustu viku var kærður vegna árásar á minni hund í fyrra. **2**

Meiri ferðakostnaður Íþróttamenn munu þurfa að borga meira fyrir ferðalög vegna breytinga á lögum um virðisaukaskatt. **4**

Aukið sjálfstæði Aðskilnaðarsinnar í Austur-Úkraínu munu fá meira sjálfstæði frá stjórninni í Kænugarði. **10**

Holuhraun Hraunið er orðið stærra en allar byggingar á Íslandi samanlagt. **12**



Bolungarvík	10°		A	5
Akureyri	11°		A	4
Egilsstaðir	10°		A	4
Kirkjubæjarkl.	11°		A	5
Reykjavík	10°		A	5

VÆTA SYÐRA Í dag verða austan 5-10 m/s og rigning einkum S-til enyfirleitt úrkomulítið N-lands. Hiti 8-16 stig. **4**

3 SÉRBLÖÐ

Markaður | Raki & mygla | Fólk



Alþingi setji sérlög um vegarlagningu

Skipulagsstofnun hafnar tillögu Vegagerðarinnar um veg um Teigsskóg. Forseti Alþingis vill að þingið setji lög um vegarlagninguna. Formaður Bygðastofnunnar tekur undir. Skipulagsstofnun bundin að lögum, segir talsmaður stofnunarinnar.

SAMGÖNGUR „Þetta er alvarlegt mál og það er tæknilega hægt að setja sérlög um vegtengingu í gegnum Teigsskóg. Ég hef sjálfur flutt þannig tillögu. Þetta er framkvæmd sem getur ekki beðið lengur. Hér er um að ræða mikilvægustu vegaframkvæmd Íslands að mínu mati. Þetta snýst ekki um náttúruvernd, og hefur aldrei gert og allra síst núna þegar Vegagerðin hefur lagt fram hugmynd að vegstæði sem raskar náttúrunni afar lítið,“ segir Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis.



EINAR K. GUÐFINNSSON

Theodórsdóttir, forstjóri Skipulagsstofnunar, segir að það sé stjórnsýslunni til vansa að ekki hafi tekist að leysa málið á þeim langa tíma sem það hefur velkst um í kerfinu. „Hins vegar er Skipulagsstofnun bundin af þeim lögum sem hún vinnur eftir,“ segir Ásdís.

Þóroddur Bjarnason, stjórnar-

inu árið 2009. Með úrskurði Skipulagsstofnunar munu íbúar á sunnanverðum Vestfjörðum þurfa að bíða enn um sinn eftir bættum vegasamgöngum.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, forstjóri Skipulagsstofnunar, segir að það sé stjórnsýslunni til vansa að ekki hafi tekist að leysa málið á þeim langa tíma sem það hefur velkst um í kerfinu. „Hins vegar er Skipulagsstofnun bundin af þeim lögum sem hún vinnur eftir,“ segir Ásdís.

formaður Bygðastofnunar, er afar ósáttur við úrskurð Skipulagsstofnunar frá því í gær um að setja vegtengingu um Teigsskóg aftur í bið. Hann vill að tekið verði fram fyrir hendur Skipulagsstofnunar og að Alþingi setji sérlög svo Vegagerðin geti hafist handa við nýjan veg um Teigsskóg sem Vestfirðingar hafa beðið lengi eftir. „Það er í sjálfu sér gott að þetta óralanga ferli embættismannanna sé loksins komið á endastöð. Nú er það einfaldlega pólitísk spurning hvort öryggi íbúanna og framtíð byggðar á sunnanverðum Vestfjörðum skipti minna máli en 1% af kjarrendinu sem gengur undir nafninu Teigsskógur,“ segir Þóroddur. Nú sé það Alþingis að setja sérlög um nýjan veg. **-sa**



SKÁLA Unnur og Elín Oddný stofna félag um bjórdrykkju. **FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI**

Stofna félag bjórkvenna: Krefjast áhuga á bjórdrykkju

ÁFENGI „Þetta byrjaði út frá því að það fauk í okkur einhvern tímann þegar við vorum að tala um að okkur þætti viss bjór góður. Þá heyrðist í einhverjum strák að við vissum ekkert um það, þetta væri ekki stelpubjór,“ segir Unnur Tryggvadóttir Flóvenz, sem ásamt Elínu Oddnýju Sigurðardóttur stendur fyrir stofnun Félags íslenskra bjórahugakvenna.

Skilyrðin fyrir inngöngu í félagið eru að vera kona og að hafa áhuga á bjór. Nú þegar um 60 konur boðað komu sína á stofnfundinn. **-vh /sjá síðu**

Mikið hjólaæði er skolið á: Óþarfi að leggja fáknum í vetur

HJÓLREIÐAR „Það eru nokkrir nógu bilaðir til að fá sér svona, þetta er eins og að kaupa jeppa á risastórum dekkjum,“ segir Emil Þór Guðmundsson, einn eigenda Kríu Cycles, um Fatboy-hjólið með sérstaklega breiðum dekkjum. Mikið hjólaæði hefur gripið landann og þó að hitastig fari lækkandi er engin ástæða til að leggja hjólunum að sögn Emils. Hjólið vekur mikla athygli þeirra sem á vegi þess verða enda um mikið tryllitæki að ræða. **-þj / sjá síðu 34**



ÓPEFUR Mikil virkni hefur verið í Gunnuhver á Reykjanesi að undanförunu, en hann er öflugasti leirhver landsins. Práinn Friðriksson jarðefnafræðingur segir að hægt sé að rekja þessa virkni til Reykjanesvirkjunar. **FRÉTTABLAÐIÐ/GVA**

Umboðsmaður borgarbúa segir samskipta- og stjórnunarvanda hjá borginni: Mikil innri átök á velferðarsviði

STJÓRNSÝSLA Talsverður samskipta- og stjórnendavandi er til staðar á velferðarsviði Reykjavíkurborgar og hann hefur áhrif á þá þjónustu sem sviðið veitir, þetta er meðal þess sem kemur fram í áfangaskýrslu umboðsmanns borgarbúa sem kynnt var á borgarstjórnarfundi í gær. Í skýrslunni kemur fram að 423 mál komu til kasta umboðsmanns á sextán mánaða tímabili, af þeim tengdist 161 velferðarsviði borgarinnar.

Í skýrslunni kemur fram að strax í upphafi eftir að umboðsmaður tók til starfa hafi komið fram ítrekaðar athugasemdir við það sem megi kalla vinnustaðameningu á velferðarsviði. Umkvörtunarefni borgarbúa, sem sneru að velferðarsviði, hafi verið á sömu lund. Ofuráhersla væri lögð á fjárhagslegar hindranir og notendur þjónustu velferðarsviðs heyrðu oftast en ekki þau rök að Reykjavíkurborg hefði ekki fjár-

161 mál kom til kasta umboðsmanns sem tengdust velferðarsviði.

hagslegt bolmagn til að veita þá þjónustu sem óskað væri eftir. „Þá bar einnig á góma mikil innri átök á vinnustaðnum,“ segir í skýrslu umboðsmanns borgarbúa. **-jme / sjá síðu 8**

Betri melting!
Probiotic 16 Strain

- 16 tegundir góðra gerla
- Sérvalin steinefni
- Má taka hvenær sem er dags

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

Iceland

Vertu laus við LÍÐVERKINA!

NUTRILEN GOLD

www.gengurvel.is

SPURNING DAGSINS



Björk, eru borgarstafsmenn eitthvað slappir?

„Stundum. Samt er mikill styrkur í borgarstafsmönnum.“

Björk Vilhelmsdóttir er formaður velferðarráðs Reykjavíkur. Veikindi hjá starfsmönnum velferðarsviðs borgarinnar kostuðu borgina yfir hundrað milljónir króna á fyrri hluta ársins.

Sósíaldeómkratar og Umhverfissinnar reyna myndun minnihlutastjórnar:

Vinstriflokkurinn skúffaður

SVÍPJÓÐ, AP Tomas Löfven og félagar hans í sænska Sósíaldemókrataflokknum hafa átt í stjórnarmyndunarviðræðum við Umhverfissinnaflokkinn, en hafa ákveðið að hafa Vinstriflokkinn ekki með í væntanlegri minnihlutastjórn.

Þetta er gert til þess að eiga auðveldara með að starfa með stjórnarandstöðu hægri flokkanna.

Hvorug fylkingin hlaut hreinan meirihluta í þingkosningum í Svíþjóð á sunnudaginn, þar sem hinir umdeildu Svíþjóðardemókratar

fengu þrettán prósent atkvæða og koma þannig í veg fyrir að hægt verði að mynda meirihlutastjórn hvort sem er á hægri eða vinstri vængnum.

Jonas Sjöstedt, leiðtogi Vinstri-flokksins, var heldur undrandi á þessari stöðu mála, þar sem hann hafði reiknað með að vinstri flokkarnir þrjú myndu reyna að mynda minnihlutastjórn saman.

Sjöstedt hét því að flokkurinn yrði öflugur í stjórnarandstöðu.

-gb



Í VIÐRÆÐUM Forystumenn Umhverfissinnaflokksins hafa verið í viðræðum við Sósíaldemókrata. NORDICPHOTOS/AFP



SKOTÁRÁS Lögregla fyrir utan dómhús fógætaréttarins í Kaupmannahöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Morð í Kaupmannahöfn:

Afinn sekur um skotárás

DANMÖRK Tveir menn urðu fyrir skotum byssumanns í réttarsal í Kaupmannahöfn í gærmorgun, skammt frá Ráðhústorginu. Annar þeirra lést af völdum skotsára.

Árásarmaðurinn er 67 ára gamall, afi barns sem forræðisdeila stendur um. Sá sem særðist er 31 ára gamall faðir barnsins, sem um er deilt, og þar með barnsfaðir dóttur árásarmannsins.

Skotvopnið var að sögn lögreglu ríffill, og hafði verið sagað framan af hlaupinu. Árásarmaðurinn hleypti af nokkrum skotum. Hann var handtekinn stuttu síðar. -gb

Ráðleggingar vísindamanna:

Vilja enn minni sykurneyslu

HEILSA Alþjóðaheilbrigðisstofnunin og ráðgjafar stjórnvalda á Englandi hafa mælt með því að aukin áhersla verði lögð á að draga úr sykurneyslu almennings. Mælt er með því að neyslan verði fimm prósent af orkuinntöku á hverjum degi en hún hefur hingað til verið tíu prósent.

Í rannsókn sem var birt í tímaritinu BMC Public Health Journal er gengið skrefinu lengra og lagt til að viðmiðið verði ekki meira en þrjú prósent, samkvæmt frétt BBC. Vísindamennirnir segja þetta nauðsynlegt ef tekið er mið af slæmum heilbrigðis- og fjárhagslegum áhrifum af auknum tanskemmdum. -fb

Meintur lambabítur áður í lögreglumáli

Eigandi labradorblendingsins Myrkva sem talið er að hafi, ásamt öðrum hundi, drepið fimm lömb á bænum Ósabakka í síðustu viku var kærður vegna árásar á minni hund í fyrra. Lögreglan komst ekki í að rannsaka málið.

LÖGREGLUMÁL „Mann grunar að það séu fleiri tilfelli,“ segir Ísabella Theodórsdóttir, sem kveður hundinn Myrkva, sem talinn er hafa lagst á lömb í síðustu viku, hafa ráðist á hund hennar í fyrrasumar.

Ísabella var ásamt sínu fólki í heimsókn á bæ nærri Flúðum um verslunarmannahelgina í fyrra. Með í för var Fox Terrier-hundur fjölskyldunnar. Við annað hús þar nærri var labradorblendurinn Myrkvi.

„Hann rýkur beint í okkar hund án nokkurs aðdraganda og læsir kjaftinum alveg yfir bakið á honum, reisir hann upp og skellir honum í jörðina. Hann var bara að fara aflífa hundinn okkar,“ segir Ísabella, sem kveður hundunum þá strax hafa verið stíað í sundur.

Að sögn Ísabellu námu dýralæknisreikningar í kjölfarið tugum þúsunda króna. Eigandi Myrkva hafi ekki viljað taka þátt í kostnaðinum. Því hafi málið á endanum verið kært til lögreglu.

Eigandi Myrkva, sem ekkert vill láta hafa eftir sér undir nafni, segir kærur Ísabellu hafa verið ástæðulausa. Aðkomu-hundur hafi komið askvaðandi að húsinu og lent saman við hans hund líkt og gangi og gerist.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær voru hundarnir tveir hvor úr sínu húsinu á tvíþýli í nágrenninu og hafa þeir íðulega verið í slagtoگی saman. Um er að ræða jörð austan Stóru-Laxár en Ósabakki stendur handan árinna. Yngri hund-



MIKIÐ TJÓN Bændurnir á Ósabakka vita ekki enn hversu mikið tjón þeirra verður vegna hundaárásarinnar í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

urinn var handsamaður af hús-freyjunni á Ósabakka og síðan aflífaður en hinn hundurinn, sem talinn er vera Myrkvi, komst undan.

Eigandi Myrkva segist alls ekki viss um að Myrkvi hafi átt þátt í atlgunni að lömbunum enda sé hann ekki árásgjarn. Þegar lögreglu hafi borið að garði hafi hundurinn legið þurr og hreinn á hlaðinu sem bendi til þess að hann hafi ekki lent í nokkru misjöfnu. Hann hafi þó verið aflífaður í gær því ekki væri hægt að vera í óvissu með hundinn.

“Hann var bara að fara aflífa hundinn okkar.”

Ísabella Theodórsdóttir.

Lögreglan á Selfossi staðfestir að Myrkvi sé dauður. Málið frá í fyrra hafi ekki verið rannsakað vegna anna í öðrum málum. Nú verði bæði málin rannsökuð ofan í kjöllinn.

Séu efasemdir eiganda Myrkva réttar gengur stórtækur dýrbítur enn laus við Stóru-Laxá.

gar@frettabladid.is

Rektor Háskóla Íslands segir hrunið hafa tekið á:

Kristín hættir í vor

MEINTUN Kristín Ingólfssdóttir hyggst ekki sækjast eftir endurkjöri sem rektor Háskóla Íslands þegar skipunartími hennar rennur út á næsta ári.

Kristín segir tíma sinn hafa verið bæði sérstakan og erfiðan vegna efnahagshrunsins. „Þrátt fyrir miklar skerðingar á fjárframlögum til skólans þá hafa síðustu ár engu að síður verið mikill sóknartími,“ segir Kristín.

Árið 2006 setti skólinn sér það markmið að komast í hóp hundrað bestu háskóla í heimi og gerði um það samning við stjórnvöld. „Svo kom efnahagshrunið og samningurinn við stjórnvöld var blásinn af. Við héldum hins vegar okkar striki og héldum okkur við stefnuna sem sett hafði verið,“ segir Kristín. Háskóli Íslands



REKTOR Kristín Ingólfssdóttir hyggst ekki sækjast eftir endurkjöri til embættis rektors Háskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

fór hæst í 269. sæti á lista Times Higher Education yfir 400 bestu háskóla í heimi sem Kristín segir hafa verið algjört kraftaverk í ljósi efnahagshrunsins. -skh

Aukahluta-pakkar á tilboði

FREISTANDI
AUKAHLUTA-
PAKKAR
FYRIR AURIS
MEÐAN
TILBOÐIÐ
VARIR

SPORT PAKKI

Filmur í rúður
Toppgrindarboogar
Skíðafestingar
fyrir 4 skíði
Gúmmímotta í skott
Hlíf á afturstuðara
(póleruð)

Tilboðsverð
105.000 kr.
Fullt verð 173.568 kr.

HLÍFÐAR PAKKI

Toyota ProTect
5 ára lakkvörn
Filmur í rúður
Gluggavindhlífar 4 stk.
Hliðarlistar (svartir)
Hlíf á afturstuðara
(póleruð)
Stuðaravörn (svört)
Gúmmímotta í skott
Filmur á handföng
að framan

Tilboðsverð
168.000 kr.
Fullt verð 246.581 kr.

LIVE PAKKI

Filmur í rúður
Krómliasti á skott
Krómstútur á púst
Pokuljósasett
Krómliasti á hliðar
16" álfelgur (Orion)

Tilboðsverð
259.000 kr.
Fullt verð 426.829 kr.

*Live pakkinn er ætlaður fyrir grunnútgáfu Auris og Auris TS. Óskir um Live pakka fyrir aðrar útgáfur bílanna kalla á sérsniðna aðlögun í samráði við söluráðgjafa.



Nicotinell

20% afsláttur af Nicotinell Mint, IceMint og Spearmint. Allar stærðir og styrkleikar.

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVER.IS

Opíð mán.-fös 8.30-18 og lau 10-14

LYFJAVER

APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN

20%
AFSLÁTTUR
Í SEPTEMBER

Aukahluta-
pakkar á tilboði



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

ENN RÍKARI ÁSTÆÐA TIL AÐ KAUPA AURIS Verð frá 3.190.000 kr.



TÍMABUNDIN VERÐLÆKKUN Á AURIS

Nú er enn ríkari ástæða til að koma við hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota og nýta sér verðlækkun á velflestum útfærslum á Auris. Meðan tilboðið varir bjóðast freistandi aukahlutapakkar fyrir Auris.

Komdu við hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota og finndu Auris sem er eins og skapaður fyrir þig.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is.



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgengið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

SVONA ERUM VIÐ



1,2% karlmanna báru nafnið Jóhann árið 2013.

Jafnstór hlutdeild kvenna bar nafnið Jóhanna.

Alengt er að fjarvistir á vinnumarkaði vegna veikinda séu þrjú til fjögur prósent af fjölda vinnustunda:

Færri fjarvistir á Íslandi vegna veikinda

ATVINNULÍF Hlutfall fjarvista á vinnumarkaði vegna veikinda er tiltölulega lágt á Íslandi miðað við önnur lönd. Þetta segir Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

„Við teljum að fjarvistir vegna veikinda hér á landi séu almennt á bilinu þrjú til fjögur prósent en það vantar traustari tölur til að virkilega leggja mat á þetta,“ segir Þorsteinn. „Við teljum mikilvægt að það sé unnin betri tölfræði í kringum þetta og höfum

átt í viðræðum við Hagstofuna um hvernig bæta megi úr þessu,“ segir hann en Fréttablaðið greindi frá því í gær að veikindi borgarstarfsmanna á fyrstu sex mánuðum ársins hafi kostað borgina 145 milljónir króna.

Hagstofa Íslands mun nota vinnumarkaðsrannsóknir sínar til að finna nánari upplýsingar um veikindatölur. Lárus Blöndal, deildarstjóri hjá Hagstofunni, segir að eins og staðan sé núna sé erfitt að koma auga á

veikindatölur í hagtölum stofnunarinnar. Í vinnumarkaðsrannsóknum hefur verið spurt út í fjarveru frá vinnu og ætlað stofnunin að skoða þau svör betur.

„Auðvitað eru þetta mjög gagnlegar upplýsingar og það væri gott að geta metið þetta yfir einhvern tíma,“ segir Lárus og reiknar með því að upplýsingar um veikindadaga verði tilbúnar á seinni hluta þessa árs.



SKOÐA BETUR Þorsteinn Víglundsson telur að bæta þurfi tölfræði um fjarveru fólks vegna veikinda. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



BYGGINGAVÖRUR Aukin verslun með byggingavörur er merki um meiri veltu í byggingariðnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Uppsveifla í byggingariðnaði: Meira keypt af byggingavörum

VERSLUN Velta byggingavöruverslana jókst um tæplega tíu prósent að raunvirði í ágúst miðað við sama mánuð í fyrra. Á fyrstu átta mánuðum ársins var velta byggingavöruverslana 11,6 prósentum meiri en á sama tímabili í fyrra samkvæmt tölum frá rannsóknasetri verslunarinnar.

Telja sérfræðingar rannsóknasetursins þetta til marks um aukna veltu í byggingariðnaði. - ih

Íþróttamenn borga meira

Ferðakostnaður íþróttafélaga og íþróttafólks eykst ef tólf prósent virðisaukaskattur verður lagður á hópferðaflutninga. Framsóknarmenn tóku ekki þátt í umræðum um hækkun matarskatts á Alþingi í gær.

ALÞINGI Kristján Möller, Samfylkingu, gerði fyrirhugaða hækkun á virðisaukaskatti á rútuferðir íþróttafélaga að umtalsefni á Alþingi í gær.

Samkvæmt frumvarpi fjármálaráðherra um breytingar á virðisaukaskatti leggst tólf prósent virðisaukaskattur á fólksflutninga verði frumvarpið að lögum í óbreyttri mynd. Kristján sagði að ef farið væri með strætó væri það virðisaukaskattsfrjálst, sömuleiðis ef farið er með flugi en rútuferðir hækki því á það leggst virðisaukaskattur og langflestir noti rútu til að fara á milli staða.

„Þetta er bara einfalt reiknisdæmi. Ferð sem kostar eina milljón króna með 40 manns innanborðs hækkar um 120 þúsund krónur. Svo get ég eftirlátið fjármálaráðherra að reikna út hvað það þýðir fyrir hvern einstakling,“ sagði Kristján.



KRISTJÁN MÖLLER

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, segir auðvelt að halda því fram að þar sem eitthvað sé virðisaukaskattskylt eigi annað ekki að vera það. „Línan sem er unnið eftir varandi fólksflutninga er þessi: Áætlanarferðir eru undanskildar. Aðrar ferðir, sérstaklega í afþreyingarskyni og þar er horft til ferðamannaíðnaðarinnar, komi inn í kerfið. Það þýðir, já, að rútuferðir sem ekki eru í áætlun, sama hvort verið er að flytja íþróttafólk eða hóp eldri borgara eða þingmenn eða aðra, koma inn í kerfið,“ sagði Bjarni.

Fyrirhuguð hækkun á virðisaukaskatti á mat var til umræðu og gagnrýndu þingmenn Samfylkingar og Vinstri grænna að þingmenn Framsóknar voru ekki



FYRSTA UMRÆÐA Þingmenn ræða frumvarp fjármálaráðherra um breytingar á virðisaukaskatti á þingi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

viðstaddir umræðuna. Margir þingmenn flokksins hafa lýst andstöðu við hækkun matarskatts.

„Á þessum fundi að ljúka án þess að við, almennir þingmenn, fáum að ræða við framsóknarmenn?“ spurði Össur Skarphéðinsson, þingmaður Samfylkingarinnar, og bætti við að það væri mikilvægt að þingmenn fengju að spyrja framsóknarmenn út í afstöðu þeirra.

„Ég hef ekki keypt ísskáp frá því 2001, þannig að hann má lækka ansi mikið í verði til að vega upp á móti öllum þeim matarkörfum sem ég hef keypt á því tímabili,“ sagði Árni Páll Árnason, formaður Sam-

fylkingar, og benti á að ekki væri hægt að fresta matarkaupum.

„Lágtekjufólk þarf alla daga að kaupa mat en það getur frestað ýmsum útgjöldum af þessum toga,“ sagði Árni Páll.

Bjarni svarði Árna Páli og benti á að tekjulágir notuðu að jafnaði herra hlutfall ráðstöfunartekna í neyslu en aðrir tekjuhópar.

„Það gildir ekki bara um matvöruna, sem menn vilja einblína á í þessari umræðu, sem er að hækka vissulega. Það gildir líka um alla hina neysluna, sem er í öðrum flokkum sem eru að lækka. Þess vegna njóta tekjulágir umfram aðra lækkana á öðru því sem lækka-



„Tekjulágir njóta hlutfallslega meiri ávinnings af lækkunum í frumvarpinu en aðrir tekjuhópar.“

Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra.

ar í þessu frumvarpi. Þeir njóta hlutfallslega meiri ávinnings af lækkunum í frumvarpinu en aðrir tekjuhópar.“

johanna@frettabladid.is

Stofna átti embættið 2009: Fresta stofnun nýs embættis


DÓMSMÁL Seinka á stofnun embættis héraðssaksóknara um eitt ár til viðbótar eða til 1. janúar 2016.

Upphaflega voru lög um stofnun embættisins samþykkt árið 2008 en vegna efnahagshrunsins hefur í fjórang verið seinkað að koma embættinu á fót.

Þetta kemur fram í frumvarpi sem Sigmundur Davíð Gunnlaugsson dómsmálaráðherra lagði fram á Alþingi í gær.

Embætti héraðssaksóknara átti að verða nýtt stjórnsýslustig innan ákærvaldsins. - ih

Veðurspá



RIGNING MEÐ KÖFLUM Austanátt og rigning með köflum á landinu í dag og á morgun. Á föstudag gengur í vestanátt með skúrum en léttir til suðaustanlands.

Elísabet Margeisdóttir veðurfréttamaður

AUGLÝSINGAÐEILDIR FRÉTTABLAÐSINS - AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hjördis Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sveinir Birgir Sveinsson sveinir@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFID/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Sólvéig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einaradóttir vera@365.is RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hranar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is PIJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

Fyrirlestur um sjálfsvíg

Sr. Svavar Stefánsson fjallar um sjálfsvíg á fyrirlestri hjá Nýrri dögum, samtökum um sorg og sorgarviðbrögð, 18. september n.k. í safnaðarheimili Háteigskirkju. Fyrirlesturinn hefst kl. 20:00 í kjölfarið fer af stað stuðningshópur fyrir aðstandendur sem misst hafa í sjálfsvíg.

Sjá vetrardagskrá Nýrrar dögunar á www.sorg.is

Allir velkomnir.

NÝ DÖGUN
Samtök um sorg og sorgarviðbrögð

www.nydogun.is • www.sorg.is • sorg@sorg.is

NÝR MITSUBISHI OUTLANDER PHEV

VIÐ FÖGNUM

35

ÁRUM MEÐ
ÍSLENDINGUM

ÉG MAN VARLA LENGUR HVERNIG BENSÍNDÆLA LÍTUP ÚT



Mitsubishi Outlander PHEV er fyrsti fullvaxni rafknúni fjórhjóladrifsbíllinn sem knúinn er íslenskri orku og bensíni; þitt er valið. Hann er tvíorkubíll svo að þú stingur bara í samband og sparar bensínið til betri tíma. Ef þú vilt vernda umhverfið, hvíla veskið eða fá þér öruggan fjórhjóladrifinn fjölskyldubíl er Outlander málið.

Mitsubishi Outlander
PHEV (Plug-in Hybrid)

6.690.000 kr.

Mitsubishi Outlander
Sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn frá:

5.290.000 kr.

TIL AFHENDINGAR STRAX!

Búnaður í Outlander PHEV: 18" álfelgur, aðgerðastýri, upplýsingaskjár í mælaborði með bakkmyndavél, USB tengi og handfrjáls símabúnaður, hraðastillir með fjarlægðarskynjara, árekstravörn, akreinavari, tvískipt tölvustýrð miðstöð, upphituð framsæti, upphituð framrúða, AM/FM útvarp, CD/MP3 spilar, rafdrifnir og upphitaðir útspeglar með stefnuljósum, vindskeld að aftan með LED lýsingu, þokuljós að framan með beygjuljósum, regnskynjari á rúðupurrkum, sjö öryggisþúðar, skyggt gler í hliðar- og afturrúðu, svartir langbogar á þaki, þvottasprautur á aðaljósum, dagljósabúnaður.



FYRIR HUGSANDI FÓLK

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

VEISTU SVARIÐ?



1. Í hvaða bæjarfélagi eru plastpokar svo gott sem útlægir?
2. Hvað er fyrrverandi aðstoðarmaður innanríkisráðherra með í laun?
3. Hvernig fór leikur Fram og Fjölnis í úrvalsdeild karla í fótbolta?

SVÖR

1. Spýkshólmí. 2. Tæpar 900 þúsund krónur. 3. 3-1 fyrir Fjölni.

Íbúahreyfingin vildi láta eyða bjarnarkló úr Mosfellsbæ en bæjarstjórnin gengur ekki svo langt: Bjarnarkló lýst ágeng planta í Mosfellsbæ

UMHVERFISMÁL Risahvönnin bjarnarkló verður sett á lista yfir ágengar plöntur í Mosfellsbæ. Umhverfisstjóri og garðyrkjustjóri bæjarins eiga enn fremur að láta útbúa fræðslufni um einkenni og skaðsemi Bjarnarklóar.

Málið má rekja til erindis eins íbúa bæjarins, Magnúsar Guðmundssonar, sem vakti athygli á útbreiðslu Bjarnarklóar við Reykjaveg. Fulltrúi Íbúahreyfingarinnar í bæjarstjórn lagði til að bærinn léti „útbúa auglýsingu með mynd af

bjarnarkló til að vekja athygli íbúa á skaðsemi og útliti plöntunnar og birta í Mosfellingi og á vef Mosfellsbæjar.“

„Drátt fyrir þá jákvæðu viðleitni áhaldahússins að bregðast strax við ábendingum Magnúsar Guðmundssonar hefur útbreiðsla hennar ekki verið kortlögð á heildstæðan hátt, heldur einungis stöku plöntu verið eytt,“ bókaði fulltrúi Íbúahreyfingarinnar sem vildi að útbreiðsla bjarnarklóar yrði kortlögð og henni eytt.



BJARNARKLÓ Í HAUSTBÚNINGI
Eitruð risahvönn sem getur valdið gróðarlegum útbrotum.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Krefjast sjö milljóna í bætur af Gísla Frey

Tvær konur krefja fyrrverandi aðstoðarmann innanríkisráðherra um sjö milljónir króna í miskabætur vegna upplýsinga um þær sem lekið var úr ráðuneytinu. Hanna Birna Kristjánsdóttir verður meðal vitna í málinu sem þingfest var í gær.

DÓMSMÁL Tvær konur krefja Gísla Frey Valdórsson, fyrrverandi aðstoðarmann Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra, um samtals sjö milljónir króna vegna upplýsinga sem komu fram í minnisblaði innanríkisráðuneytisins um hælisleitandann Tony Omos. Þetta kemur fram í framhaldsáskæru sem ríkissaksóknari lagði fram við þingfestingu í Héraðsdóm Reykjavíkur í gær.

Gísl Frey er ákærður fyrir brot gegn þagnarskyldu í opinberu starfi. Í ákærinni er Gísl Frey sakaður um að hafa látið „óviðkomandi í té“ minnisblað um Tony Omos nítjándi og tuttugasta nóvember 2013. Að morgni tuttugasta nóvember birtust í fjölmiðlum, meðal annars í Fréttablaðinu, upplýsingar úr minnisblaðinu.

Gísl Frey segist hins vegar saklaus af öllum ákæruliðum og vill að málinu verði vísað frá sökum þess hve óskýr ákæran sé. Gísl krefst þess einnig að fá allan sakarkostnað greiddan úr ríkissjóði.

Í greinargerð sem lögfræðingur Gísla Freys hefur unnið segir að málsvörn verði mjög erfið þar sem ekki sé tekið fram hverjum Gísl Frey á að hafa afhent minnisblaðið eða með hvaða hætti.

Minnisblaðið var síðast skoðað á opnu drifi klukkan 05.39 að morgni tuttugasta nóvember þegar Gísl Frey hafði ekki aðgang að drifinu samkvæmt greinargerð verjanda Gísla Freys.

Gísl Frey viðurkennir að hafa rætt við starfsmenn Fréttablaðsins og Morgunblaðsins innan þess tímaramma sem tiltekinn er í ákærinni. Þau samskipti séu hins vegar eðlilegur hluti af starfi aðstoðarmanns ráð-



Í HÉRAÐSDÓMI Gísl Frey Valdórsson segist saklaus og vill að málinu verði vísað frá.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

herra. Einnig hafi aðrir starfsmenn innanríkisráðuneytisins getað komið minnisblaðinu í fjölmiðla þar sem minnisblaðið hafi legið í opnu drifi í innanríkisráðuneytinu. Minnisblaðið hafi síðast verið skoðað á drifinu klukkan 05.39 að morgni þegar Gísl Frey hafði ekki aðgang að drifinu samkvæmt því sem fram kemur í greinargerðinni. Frávísunarkrafan verður tekin fyrir 30. september næstkomandi.

Við þingfestingu var einnig birtur vitalisti í málinu en alls munu 14 manns bera vitni í málinu. Meðal vitna verða Hanna Birna Kristjánsdóttir innanrík-

→ Meðal vitna verða Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra og Pórey Vilhjálmssdóttir, aðstoðarmaður Hönnu Birnu

isráðherra, Ragnhildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri, Pórey Vilhjálmssdóttur, aðstoðarmaður Hönnu Birnu, Einar Steingrímsson, stærðfræðingur og bloggari, Jón Bjarki Magnússon, blaðamaður á DV, og Mördur Árnason, varaþingmaður Samfylkingarinnar.

ingvar@frettabladid.is

Kúrdar í Evrópuríkjum halda til Íraks að hjálpa þarlendurum Kúrdum: Berjast gegn vígasveitunum

ÍRAK, AP Nokkur fjöldi Kúrdar hefur farið frá Evrópulöndum til Íraks að berjast gegn vígasveitum Íslamska ríkisins, sem meðal annars hafa herjað á þarlenda Kúrdar.

„Ég er reiðubúinn til að deyta fyrir málstað Kúrdar,“ segir Shaho Pirani, þritugur Kúrdi sem býr í Danmörku en hyggur nú á ferðalag til Íraks. Hann flúði frá Íran ásamt eldri bróður sínum árið 1991 og telur sér skylt að hjálpa löndum sínum.

Talið er að um tvö þúsund Evrópubúar hafi gengið til liðs við vígasveitirnar, sem herjað hafa af mikilli grimmd á íbúa í Sýrlandi

og Írak. Stjórnvöld í Evrópuríkjum hafa haft miklar áhyggjur af þessu og óttast að þessir menn muni snúa aftur síðar meir til að berjast fyrir málstað herskara íslamista í Evrópu.

Engar tilraunir hafa hins vegar verið gerðar til þess að koma í veg fyrir að Kúrdar haldi til Íraks til þess að taka þátt í átökunum þar.

„Leyniþjónusta okkar mun frekar einbeita sér að hópum á borð við Íslamska ríkið en ekki fólki sem ætlar að verjast Íslamska ríkinu,“ sagði Trond Hugubakken, talsmaður norsku leyniþjónustunnar.



Á LEIÐ TIL ÍRAKS Shao Pirani tók þátt í æfingabúðum Kúrdar í Írak í sumar og bíður nú eftir símtali til þess að halda þangað aftur.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Andaðu með nefinu



- ✓ Loft innan fárra mínútna
- ✓ Illmur af mentól og eukalyptus

Otrivin®

Otrivin Menthol ukonsvervet, nefúði, lausn. Innihaldslýsing: Xylómetazólínhydróklóríð 1 mg/ml. Ábendingar: Bólgur og aukin slímmyndun í nefi, kinnholum og nefkoki. Skammtar og lyfjagjöf: Fyrir fullorðna og börn eldri en 12 ára: 1 úði í hvora nös 3 sinnum á sólarhring eða 10 sólarhringum og ekki úða oftar en að hámarki 3 úða í hvora nös á sólarhring. Snýttu þér. Fjarlægðu glæru plasthettuna. Skorðuðu úðaflöskuna milli fingranna. Úað er með því að þrýsta kraganum niður að flöskunni. Hallaðu höfðinu örlítið fram. Stúturinn á úðaflöskunni er settur upp í nösina. Úað er einu sinni, um leið og andað er að sér inn um nefið. Farðu eins að í hina nösina. Ekki má nota lyfið ef þú ert með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefni, ef þú hefur gengist undir aðgerð í gegnum nefið eða muninn eða ert með þrönghornsgláu. Ráðfærðu þig við lækni áður en lyfið er notað ef þú ert: Þunguð, með barn á brjósti, næmur fyrir adrenvirkum efnum, ert með skjaldvakaóhöf, sykursýki, háþrýsting, æðakölkun, slagæðargúlp, blóðtappa í hjarta, óreglulegan eða hraðan puls, erfiðleika við þvaglát, æxli í nýrnahettum, þunglyndi og ert á lyfjameðferð við því. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleikið í fylgiseðli. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artisan ehf., Suðurhbrauni 12a, 210 Garðabæ.

FIND NEW ROADS™



10%

ÚTBORGUN INN Á NÝJAN CHEVROLET



Chevrolet Aveo LS

Útborgun: **259.000 kr.***

*Chevrolet Aveo LS 1.2 bensín bsk.: Verð 2.590.000 kr.
Útborgun: 259.000 kr. | Lánshlutfall 90% | Lánsfjárhæð: 2.331.000 kr.
Breytilegir óvt. vextir: 9,15% | Annar kostnaður á lánstímanum: 104.565 kr.
(Þinglýsing, greiðslu-, lántöku- og umsýslugjöld) | Árleg hlutfallstala
kostnaðar: 11,05% | Mánaðargreiðslur: 39.370 kr. í 84 mánuði.



Chevrolet Cruze Station LT

Útborgun: **299.000 kr.***

*Chevrolet Cruze Station LT 1.8 bensín bsk.: Verð 2.990.000 kr.
Útborgun: 299.000 kr. | Lánshlutfall 90% | Lánsfjárhæð: 2.691.000 kr.
Breytilegir óvt. vextir: 9,15% | Annar kostnaður á lánstímanum: 117.165 kr.
(Þinglýsing, greiðslu-, lántöku- og umsýslugjöld) | Árleg hlutfallstala
kostnaðar: 11,02% | Mánaðargreiðslur: 45.393 kr. í 84 mánuði.

Chevrolet Spark

Þú getur eignast glænýjan Spark
strax í dag með aðeins 10% útborgun

Útborgun:
179.000 kr.*

*Chevrolet Spark LS 1.0 bensín bsk.: Verð 1.790.000 kr.
Útborgun: 179.000 kr. | Lánshlutfall 90%
Lánsfjárhæð: 1.611.000 kr. | Breytilegir vextir: 9,15%
Annar kostnaður á lánstímanum: 79.365 kr.
(Þinglýsing, greiðslu-, lántöku- og umsýslugjöld)
Árleg hlutfallstala kostnaðar: 11,9%
Mánaðargreiðslur: 27.324 kr. í 84 mánuði.



Opið alla virka daga frá 9 til 18
og laugardaga frá 12 til 16.
Verið velkomin í reynsluakstur.

Nánari upplýsingar á benni.is

Reykjavík	Reykjanesbær	Akureyri
Tangarhöfða 8	Njarðarbraut 9	Glerárgötu 36
Sími: 590 2000	Sími: 420 3330	Sími: 461 3636

Bilabúð
Benna
Sérfræðingar í bilum

Útifundur í miðborginni: Axli ábyrgð í loftslagsmálum

SAMFÉLAGSMÁL Hinn 23. september munu leiðtogar heims fundar í New York um loftslagsbreytingar. Aðalritari Sameinuðu þjóðanna, Ban Ki-moon, er gestgjafi fundarins og mun Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sækja fundinn fyrir hönd Íslands.

Boðað hefur verið til göngu og útifundar í Reykjavík sunnudaginn 21. september klukkan tvö til að að knýja á um að Íslendingar axli ábyrgð í loftslagsmálum. - fb

benecos
náttúruleg fegurð

Lifraent bodylotion
frábert verð
kr. 1515

Heilsuhúsið
www.gengurvel.is

Þöggun á velferðarsviði

Umboðsmaður borgarbúa segir innri átök og talsverðan samskipta- og stjórnunarvanda á velferðarsviði borgarinnar. Hann segir hræðslu við að afhjúpa mistök leiða af sér þöggun. Verklagsreglur eru ósveigjanlegar.

STJÓRNSÝSLA Það er fjölmargt við starfsemi velferðarsviðs Reykjavíkurborgar að athuga ef marka má áfangaskýrslu umboðsmanns borgarbúa, Inga B. Poulsen, sem kynnt var á borgarstjórnarfundum í gær.

Embættinu var komið á laggirnar sem tilraunaverkefni í byrjun maí 2013 og nær skýrslan til 1. september á þessu ári. Á tímabilinu komu 423 mál til kasta embættisins, flest þeirra tengdust velferðarsviði borgarinnar eða 161.

Af málum sem komu til kasta velferðarsviðs er 111 lokið, 29 eru í vinnslu og 21 hefur verið sett á bið. Í skýrslunni kemur fram að strax í upphafi eftir að umboðsmaður tók til starfa hafi komið fram ítrekaðar athugasemdir við eitthvað sem megi kalla vinnustaðamenningu á velferðarsviði. Umkvörtunarefni borgarbúa sem sneru að velferðarsviði hafi verið á sömu lund. Ofuráhersla væri lögð á fjárhagslegar hindranir og notendur þjónustu velferðarsviðs heyrðu oftar en ekki þau rök að að Reykjavíkurborg hefði ekki fjárhagslegt bolmagn til að veita þá þjónustu sem óskað væri eftir.

„Þá bar einnig á góma mikil innri átök á vinnustaðnum. Talsverður samskipta- og stjórnendavandi væri til staðar sem hefði áhrif á þá þjónustu sem veitt væri á sviðinu,“ segir orðrétt í skýrslu umboðsmanns borgarbúa.

Fleiri umkvartanir koma fram í skýrslunni. Umboðsmaður segir að borgarþátttakendur teldu sig upplifa litla virðingu fyrir málaflöknum og tortryggni í garð fólks sem



ÁFANGASKÝRSLA Umboðsmaður borgarbúa kynnti áfangaskýrslu um starf umboðsmanns á fundi í gær. Samkvæmt skýrslunni er margt við starfsemi velferðarsviðs að athuga.

nýtir sér þjónustu velferðarsviðsins. Talsverð hræðsla væri við afhjúpun mistaka sem leiddi af sér þöggun. Til að mynda hafi nokkrir starfsmenn borgarinnar bent á að óheimilt væri að veita borgarþátttakendum aðgang að verklagsreglum þrátt fyrir að synjun á umsókn hans væri byggð á þeim reglum.

Þá segir umboðsmaður að fram hafi komið ábendingar um stjórnskipuleg vandamál á velferðarsviði. Felast þær í því að miðstýring sé of mikil. „Í stjórnskipulagsbreyt-

ingum þar sem þjónustumiðstöðvar voru færðar undir sviðið hafi miðstýring aukist og á sama tíma fjarlægð orðið milli þjónustumiðstöðva og skrifstofu velferðarsviðs. Það hafi leitt af sér óskýr skil milli ábyrgðarhlutverka, óskýrari boðleiðir og takmarkað upplýsingaflæði milli stiga,“ segir umboðsmaður.

Talsvert hafi borið á kvörtunum þess efnis að áhersla sé lögð á gerð verklagsreglna á sviðinu. Verklagsreglurnar séu ósveigjanlegar,

→ Í skýrslunni kemur fram að strax í upphafi eftir að umboðsmaður tók til starfa hafi komið fram ítrekaðar athugasemdir.

markmið þeirra sé oftar en ekki að komast hjá því að taka matskenndar ákvarðanir og þær séu yfirleitt túlkaðar of þröngt.

johnanna@frettabladid.is

5 ÁRA
Ábyrgð
Ótakmarkaður Akstur

5 ára ábyrgð
Ótakmarkaður akstur

Fyrsti bíllinn á markaðnum með 4G Wi-Fi tengingu

- 4G Wi-Fi tenging
- ESP stöðugleikastýring
- ABS hemlar með EDB hemlajöfnun
- 6 loftþúðar
- Upphituð sæti og leðurstýri
- Aksturstölv
- Þokuljós
- ISO-fix barnabílastólafestingar

Hyundai i10 - eldsneytisnotkun: 4,7 l/100 km í blönduðum akstri*

Nýr Hyundai i10 4G Wi-Fi

Verðlaunabíll frá 1.990.000 kr.

Nýr Hyundai i10 hefur unnið til 10 verðlauna á síðastliðnum fjórum mánuðum og er án efa einn skemmtilegasti smábíllinn á markaðnum. Með fullkominni 4G Wi-Fi tengingu geta farþegar auðveldlega breytt i10 í minnsta skemmtistað í heimi og sent beint frá skemmtilegum bíltúr með góðum vinum. Gerðu eitthvað skemmtilegt!

Nýi bíllinn er Hyundai

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080



NEW THINKING.
NEW POSSIBILITIES.

Hyundai – Kaupþúni 1 – Beint á móti IKEA – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

ÚTSALA

PARKET - FLÍSAM - HURÐIR

15-50% AFSLÁTTUR

Birgisson

GERÐU FRÁBÆR KAUP

Skoðaðu úrvalið á Bilaland.is

ALLT AÐ 80% LÁNAMÖGULEIKAR



TÖKUM NOTADAN
UPPI NOTADAN!
GERÐU FRÁBÆR KAUP!

OPEL INSIGNIA COSMO
Nýskr. 06/13, ekinn 11 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 131184.

Verð
4.790 þús.



DACIA DUSTER 4x4
Nýskr. 12/12, ekinn 29 þús. km.
dísil, beinskíptur.
VERÐ kr. 3.390 þús.
Rnr. 320188.



NISSAN QASHQAI+2 SE - 7 manna
Nýskr. 06/11, ekinn 67 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.990 þús.
Rnr. 142315.



RENAULT KANGOO fólksbíll
Nýskr. 02/14, ekinn 6 þús. km.
dísil, beinskíptur.
VERÐ kr. 3.690 þús.
Rnr. 131140.



TOYOTA AURIS SOL HYBRID
Nýskr. 03/11, ekinn 26 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.190 þús.
Rnr. 281960.



CHEVROLET CAPTIVA 7 manna
Nýskr. 05/13, ekinn 25 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 5.990 þús.
Rnr. 120451.



HYUNDAI ix35
Nýskr. 07/10, ekinn 63 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.290 þús.
Rnr. 120460.

bilaland

Kletthálsi 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is

Fá meira sjálfstæði

Úkraínustjórn hefur að hluta gefið eftir og veitt aðskilnaðarsinum í Donetsk og Luhansk takmarkað sjálfstæði. Jafnframt hafa margir þeirra fengið sakaruppgjöf.

ÚKRAÍNA, AP Úkraínuþing staðfesti í gær samstarfssamning við Evrópusambandið, en upphaf ólgunnar í landinu má rekja til þess að þáverandi forseti, Viktor Janúkovítsj, hætti við að undirrita slíkan samning.

Þingið samþykkti einnig að veita aðskilnaðarsinum í austurhluta landsins takmarkaða sjálfstjórn til þriggja ára. Með þessu er gengið lengra til móts við aðskilnaðarsinna en ráð var gert fyrir í vopnahléssamningi, sem gerður var nýverið með milligöngu Rússa. Aðskilnaðarsinnar fá meðal annars yfirstjórn yfir lögreglumálum og geta haft áhrif á það hverjir eru skipaðir í dómara- og saksóknaraembætti.

Jafnframt var mörgum aðskilnaðarsinum veitt sakaruppgjöf, þótt ekki nái hún til þeirra sem gerst hafa sekir um morð, skemmdarverk, nauðganir, mannrán, hryðjuverk og aðra stórglæpi. Alexander Sakhartsjenkó, talsmaður uppreisnarmanna, tók frekar vel í þessi tíðindi og sagði að félagar sínir myndu skoða vel þessi tilboð, en til þessa hafa uppreisnarmenn tekið afar dræmt í allt sem frá Úkraínustjórn hefur komið.

Mikil ánægja ríkti í Kænugarði með samninginn við Evrópusambandið, þrátt fyrir eftirgjöf gagnvart uppreisnarmönnum.

Rússnesk stjórnvöld hafa hins vegar verið mjög andvíg því að Úkraína tengist Evrópusamband-



PETRÓ POROSJENKÓ Úkraínuforseti ánægður með samstarfssamninginn við Evrópusambandið, sem þingið staðfesti í gær. NORDICPHOTOS/AFP

inu nánari böndum. Til þess að ergja ekki Rússa um of ákváðu Evrópusambandið og Úkraínustjórn að fríverslun Úkraínu við ESB-ríkin hefjist ekki fyrr en árið 2016, hið fyrsta.

Öðrum hlutum samningsins, sem snúast um pólitískar og efnahagslegar umbætur í Úkraínu, verður þó ekki frestað.

Eitthvað hefur verið um átök í landinu síðustu daga, þrátt fyrir vopnahléið. Sprengju var varpað á strætisvagn í Donetsk á mánudag og lét þar að minnsta kosti ein kona lífið. Sonur hennar sagði blaðamönnum að móðir sín hefði drifið sig upp í strætis-

→ Til þess að ergja ekki Rússa um of ákváðu Evrópusambandið og Úkraínustjórn að fríverslun Úkraínu við ESB ríkin hefjist ekki fyrr en árið 2016, hið fyrsta.

vagninn þegar skothríð hófst í hverfinu.

„Hún reyndi að sleppa þaðan út, en sprengjan lenti samt á henni, þremur strætisvagnastöðvum síðar,“ segir sonurinn, sem heitir Evgení Medvedev.

gudsteinn@frettabladid.is

Trefjaríkar flögur og stökkt granóla



Góð nýjung

Morgnar eru til þess að njóta! Byrjaðu daginn með skál af Havrecrunch sem bæði bragðast dásamlega og uppfyllir hollustukröfur Skráargatsmerkisins. Prófaðu Havrecrunch ef þér finnst bragðið skipta að minnsta kosti jafnmiklu máli og heilsan. Bragðgóð máltíð.

Nýtt!



NJÓTTU HOLLUSTU





ALLT FYRIR BADHERBERGIÐ



STURTUVEGGUR
140 x 80 cm. Með állistum.

14.995,-



DELOS STURTUKLEFI
90 x 90 x 210 cm. Krómaður með glæru, hertu öryggisgleri. Hornhilla, segullisti, vatnslás, sturtustangasett með handsturtu og niðurfall fylgja. Blöndunartæki fylgja ekki.

39.995,-



TORINO STURTUKLEFI
90 x 90 x 204 cm. Satínhvítir og 4 mm svartir/litaðir listar. Hert öryggisgler, 8 nuddstútar, blöndunartæki, sturtustangasett, spegill, hilla og handklæðaslá. ALMENNT VERÐ 49.980,-

29.995,-



mixomat
STURTUSETT
102 cm krómuð sturtustöng. 15 cm sturtuhaus og handsturta með LED-ljósi í 3 litum: rauðum, bláum og grænum. 3 stillingar á handsturtunni, lengd sturtuslöngu er 150 cm.

11.995,-



damixa™
TMC STURTUSETT
Krómað sturtusettt með TMC hitastillibúnaði með vatnssparnaði og brunavörn. Handsturta, sturtustöng, barki og blöndunartæki fylgja. Veggrosettur fylgja ekki.

19.995,-

Gildir frá fimmtudeginum 18. september til og með miðvikudeginum 24. september 2014.
Gildir á meðan birgðir endast.

BAUHAUS®



FORMAÐUR Hjálmar Sveinsson opnaði nýjan hjólreiðastíg í gær.

Samgönguvika í Reykjavík: Nýr hjólástígur opnaður í gær

SAMGÖNGUR Nýr hjólreiðastígur var opnaður í gær og markaði athöfnin upphaf árvissrar samgönguviku í Reykjavík. Markmið hennar er að hvetja fólk til umhugsunar um eigin ferðavenjur og virkja það til að nota almenningssamgöngur, hjóla eða ganga.

Hjálmar Sveinsson, formaður umhverfis- og skipulagsráðs, sagði þegar hann opnaði stígin að stefna Reykjavíkurborgar væri að gera hjólreiðar að alvöru valkosti. Áhersla væri á uppbyggingu hjólástíga á öllum meginleiðum og með slíkri uppbyggingu væri hlúð að vistvænum samgöngum. Stígurinn nýi liggur frá Suðurhlíð upp að Sléttuvegi.

- fb

SodaStream af markaði:

Vilja sniðganga Ísraelskar vörur

VERSLUN BDS Ísland – sniðgöngu-hreyfing fyrir Palestínu hefur farið fram á við stjórnir Byko ehf. og Elko ehf. að fyrirtækin láti af öllum viðskiptum við ísraelsk fyrirtæki og hætti innflutningi á ísraelskum vörum. Samtökin sendu stjórnendum fyrirtækjanna bréf fyrir viku, þar sem þau eru leiðandi í sölu á SodaStream-vörum á Íslandi. Í bréfunum voru stjórnendur fyrirtækjanna hvattir til þess að hætta að selja SodaStream-vörur.

- sko



REYKJAVÍK Allar byggingar á Íslandi rúma ekki nýja hraunið sem myndi fylla Hallgrímskirkju allt að 10.400 sinnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Hraunið orðið miklu stærra en allar byggingar á Íslandi

Eldstöðin í Holuhrauni hefur þegar skilað upp úr jörðinni hrauni sem myndi fylla 8.300 til 10.400 Hallgrímskirkjur. Rúmmál hraunsins er metið allt að því 104 milljónum rúmmetra meira en allar byggingar hér á landi.

NÁTTÚRA Hraunið sem hefur runnið frá gossprungunni í Holuhrauni frá mánaðamótum er þegar orðið mun stærra að rúmmáli en allar byggingar á Íslandi samtals.

Eins og greint hefur verið frá í fjölmiðlum þá er flatarmál hraunsins sem runnið hefur í eldgosinu þegar orðið 25 til 30 ferkílómetrar, og því eitt það víðáttumesta sem hefur runnið á Íslandi síðan á 19. öld, einkallega miðað við stuttan gósti. Flatarmál alls hrauns í Kröflueldum var um 60 ferkílómetrar en rúmmálið metið 250 milljónir rúmmetra. Flatarmál hraunsins í Holuhrauni segir hins vegar aðeins hálfa söguna.

Armann Höskuldsson, eldfjallafræðingur hjá Raunvísindastofn-



**ARI TRAUSTI
GUÐMUNDSSON**

un Háskólans, segir raunhæft að miða við að hraunið sé orðið vel rúmlega 200 milljónir rúmmetra, eins og það var metið fyrir fjórum dögum – og nefnir 250 milljónir rúmmetra sem efri mörk. „Þetta er þegar orðið meira að umfangi en hraunin sem runnu frá Kröflueldum. Þetta er ekkert ósvipað sem er að gerast, nema þetta eldgos er nær heita reitnum,“ segir Armann.

Þegar rúmmál hraunsins er skoðað betur koma betur í ljós þeir

kraftar sem gosið norðan Dyngjujökuls felur í sér. Séu aðeins lægri mörkin nýtt til útreiknings, 200 milljónir rúmmetra, kemur í ljós að ef setja ætti hraunið allt undir þak þyrfti til þess 8.300 Hallgrímskirkjur, en 10.400 miðað við efri mörkin.

Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands er rúmmál allra bygginga á Íslandi, stórra sem smárra, 148 milljónir rúmmetra. Því nálgast stærð nýja hraunsins það hratt að geta fyllt allar byggingar hér á landi í tvígang.

Ari Trausti Guðmundsson, jarðeðlisfræðingur og rithöfundur, þekkir sögu eldumbrota á Íslandi vel, enda höfundur margra bóka um efnið. Hann útskýrir að efn-

ismagnið í nýja hrauninu taki til flatarmálsins, sem er auðvelt að mæla, og þykktarinnar sem verði að meta. Rúmmálið er margfeldi þeirra stærða. Þykktin sé misjöfn eftir stöðum í hraunbreiðunni, mest næst gossprungunni og eflaust nokkuð mikil í farvegi Jökulsár.

„Til samanburðar má geta þess að Eldfellshraunið í Vestmannaeyjum er rúmar 200 milljónir rúmmetra, afar þykkt en aðeins 3,4 ferkílómetrar. Hekluhraunið 1947 er 800-900 milljónir rúmmetra og kom upp á þrettán mánuðum, en Skaftáreldahraun er metið nálægt 14 milljörðum rúmmetra og varð til á átta mánuðum,“ segir Ari Trausti.

svavar@frettabladid.is

www.volkswagen.is

Aukabúnaður á mynd: Samlitir handföng, sólpak, þokuljós, listar á hurðum, króm á speglum.

Volkswagen Take up! kostar
1.990.000 kr.

Volkswagen up!

Meistari í sparsemi

Samkvæmt könnun breska bílblaðsins Autoexpress er enginn bíll ódýrari í rekstri en Volkswagen up! Með Volkswagen up! hafa jafnframt verið sett ný viðmið í hönnun því hann er einstaklega nettur að utan en afar rúmgóður að innan.

Eyðsla frá 4,1 l/100 km



Komdu og reynsluaktu Volkswagen up!

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA !

TOPTUL®




SKRÚFSTYKKI 6" FYLGIR
ÖLLUM SELDUM
VERKFÆRASKÁPUM

7 SKÚFFUR

PRO PLUS SERIA

282 verkfæri 199.900 m/vsk



SKRALLYKLASETT

Skrallyklar PRO
72 tanna
Stærðir 8 - 19mm

vnr IBTGPAQ1202

14.900 m/vsk

Fullt verð 20.413




TILBOÐ



8 SKÚFFUR

PRO PLUS SERIA

322 verkfæri 239.900 m/vsk



VERKFÆRASETT 130 STK

1/4" - 3/8" - 1/2"
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"
Lyklar 8 - 22 mm
E toppar, sexkantbitar og fl.
Sterk plasttaska


vnr IBTGCAI130B

24.900 m/vsk

Fullt verð 37.900



TILBOÐ



7 SKÚFFUR

SÁ VINSÆLI

283 verkfæri 179.900 m/vsk



TOPPLYKLASETT 94 STK

1/4" 4 - 14 mm
1/2" 10 - 32 mm
Bitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI094R

14.900 m/vsk

Fullt verð 25.231



1/4" TOPPASETT



3.900 m/vsk



5.900 m/vsk



6.900 m/vsk

ÝMISLEGT



16.900 m/vsk



3.900 m/vsk



4.900 m/vsk

VERKFÆRASETT 96 STK

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Toppar, lyklar, skrúfjárn, töng
Nippilyklar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI9601

21.900 m/vsk

Fullt verð 37.200



TILBOÐ

VERKFÆRASETT 106 STK

Toppar 1/4 - 1/2" 4 - 32 mm
Fastir lyklar 6 - 22mm
Kertatoppar, bitasett og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI106B

18.900 m/vsk

Fullt verð 28.396



www.sindri.is / sími 575 0000


SINDRI

Viðarhöfða 6 - Reykjavík | Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður

VÖRUGJÖLDIN

Frá og með miðvikudeginum 17. september afnemur **ORMSSON** vörugjöld í öllum sínum verslunum.

Helstu heimilistæki líkt og þvottavélar, þurrkarar, uppþvottavélar, kæliskápar, ofnar og helluborð munu strax lækka um **17%**, en sjónvörp og hljómflytningstæki um **20%**.



Helluborð

Verðlækkun
v/ vörugjalds



Ofnar



Þvottavélar



Uppþvottavélar



Kæliskápar



Uppþvottavélar



Þvottavélar



Þurrkarar



Ryksuger

SAMSUNG SETRIÐ

SAMSUNG-SETRID ER HLUTI AF ORMSSON EHF.

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is

OPIÐ VIRKA DAGA KL.10-18 · LAUGARDAGA KL.12-16

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

KS
SAUÐÁRKRÓKI
SÍMI 455 4500

SR · BYGG
SIGLUFIRÐI
SÍMI 467 1559

ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000

ORMSSON
VÍK-EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038

GEISLI
VESTMANNAEYJUM
SÍMI 481 3333


SKORIN NIÐUR

Sjónvörp, hlómflutningstæki o.fl. lækka um **20%**.



Hljómtækjastæða

Verðlækkun
v/ vörugjalds



Hljómtæki



Heyrnartól




Bíltæki

Verðlækkun
v/ vörugjalds



Heimabíómagnari



Sjónvörp



3D-DVD-BluRay

EKKI EFTIR NEINU AÐ BÍÐA

Við höfum náð samningum við okkar helstu birgja, sem gerir okkur mögulegt að afnema þessi gjöld nú þegar. Fólk þarf því ekki að bíða eftir nýju ári til að gera hagstæð innkaup fyrir heimilið, heldur getur þú nú komið í verslanir ORMSSON um allt land og fengið umtalsvert meira fyrir peninginn en áður.

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

OPIÐ VIRKA DAGA KL.10-18 · LAUGARDAGA KL.11-15

– fyrir heimilin í landinu

AEG **SAMSUNG** *Pioneer* **Haier** **ZANUSSI**
SHARP **Jamo** **SANGEAN** ● **BLAUPUNKT** ● **Skullcandy** **Hercules**

Pegar fjölmiðlum er tíðrætt um fjölmiðla:

Davíð Oddsson og Fréttablaðið

Ritstjóra Morgunblaðsins er Fréttablaðið ofarlega í huga þessa dagana. Hann ætlar þeim ekki mikið sem þar starfa. Það er svo sem allt í besta lagi. En hvað fær hann til að halda og fullyrða að á Fréttablaðinu starfi síðra fólk og aumara en til að mynda á Morgunblaðinu, er verra að skilja. Stundum hef ég verið spurður um hvað mér þyki um stöðu Davíðs Oddssonar og helstu eigenda Morgunblaðsins.

Einatt svara ég á þá leið, að ég sé sannfærður um að hafi Davíð Oddsson þurft að verja sig og sína ritstjórn fyrir ágangi eigenda, áhrifafólks eða frekjudalla þá hafi hann gert það. Stappað niður fæti, skellt hnefa í borðið, staðið fastur á sínu, allt eftir því hvað hefur þurft hverju sinni, hafi þess þurft á annað borð. Þannig gera flestir ritstjórar.

Af þeim sökum er ég stundum alveg gáttaður þegar Davíð ætlar fólki í sambærilegum störfum, á öðrum fjölmiðlum að vera lausara í eigin sannfæringu, að annað fólk en hann sjálfur sé almennt prinsiplaust og aamt fyrir. Blaðamaður veit að hann hefur skyldur við marga en einkum og sér í lagi við lesendur og svo sig sjálfan.

Stundum les ég eða heyri fjölmiðlafólk og jafnvel fólk í stjórnmálum fullyrða að einstaka fjölmiðlamenn, og jafnvel heilu ritstjórnirnar, láti annað fólk stýra hugsunum sínum og gerðum. Hvert ætli það fólk sækir þá hugsun? Í eigin reynslu? Trúlegast.

Stundum læðist að mér sá grunur að einstaka menn gefi sér að annað fólk sé því sjálfu síðra, hafi lægri og verri hvatir. Það held ég um Davíð Oddsson þegar ég les sumt sem hann skrifar um það sem hefur gerst, og ekki síður það, sem hefur ekki gerst á mínum vinnustað. Stundum stjórnast menn vissulega af heift. Engum dylst að tilvist Fréttablaðsins hefur haft mikil áhrif á stöðu Morgunblaðsins, veikt það blað og sært.

Ég hef oft dáðst að svari sem Davíð Oddsson gaf eitt sinn þegar hann var spurður hvort hann væri langrækinn. Hann sagði svo ekki vera, en bætti við að hann væri minnugur. Það eru ekki nema rúm fjórtán ár frá því að Fréttablaðið hóf göngu sína og styttri tími síðan Morgunblaðið tók að særast undan tilvist þess. Þau straumhvörf muna flestir og allir minnugir menn.

Þegar ég þáði núverandi starf var ég ekki, og hef ekki enn verið, spurður af einum né neinum um viðhorf mín til eins né neins. Til að mynda veit ég ekkert um hvort maki helsta eigenda Fréttablaðsins sætir rannsókn hér eða þar. Ef svo er, er það ekki mitt vandamál. Heldur hans.

Áfram held ég að Davíð Oddsson sé þungur í taumi og láti ekki draga sig þangað sem hann vill ekki fara. Þannig er háttað um mig og það samstarfsfólk sem ég hef.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egiðsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verstunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

SÍGRÍÐUR THORLACIUS RAGNHEIÐUR GRÖNDAL FRÍDRÍK ÓMAR MAGNI ÁSGEIRSSON SIGGA BEINTEINS

ELDBORG FÖSTUDAGINN 31. OKTÓBER

RUMOURS

TIL HEIBURS

FLEETWOOD MAC

MEISTARVERKJÓÐ RUMOURS Í HEILD SINNI OG ÖLL BESTU LÖGIN AÐ AUKI

DON'T STOP - DREAMS - GO YOUR OWN WAY - SONGBIRD - SECOND HAND NEWS - LITTLE LIES - ALBATROSS
BLACK MAGIC WOMAN - EVERYWHERE - SEVEN WONDERS - GYPSY - BIG LOVE - TUSK - RHIANNON OG FLÆRI

MÍBASALA Á MÍBI.IS OG HARPA.IS
OG Í MÍBASÖLU HÖRPU Í SÍMA 528-5050

EKKI MISSA AF ÞESSUM EINSTAKA VIÐBURÐI

FRÁ DEGI TIL DAGS

Áhugaverð skipan í ráðuneytið
Stefán Haukur Jóhannesson hefur verið skipaður ráðuneytisstjóri í utanríkisráðuneytinu, eins og Vísis greindi frá í gær. Það er Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra sem skipar í stöðuna og var starfsmönnum ráðuneytisins tilkynnt þetta fyrr í þessum mánuði. Stefán Haukur er einn allra virtasti diplómat á Íslandi. Eitt stærsta verkefni hans á undanföllum árum hefur þó ekki verið í sérstöku upphaldi hjá utanríkisráðherra. Hann var formaður samninganefndar Íslands í aðildarviðræðunum við Evrópusambandið. Varla er þetta þó til marks um stefnubreytingu Gunnars Braga í utanríkismálum, eða hvað?



Stuðningur úr óvæntri átt
Ungir sjálfstæðismenn í Heimdalli ályktuðu á dögum gegn þeim áformum Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins, að hækka neðra þrep virðisaukaskattsins. Þessi ályktun er í takti við meginhugsjónir Heimdallar um lága skatta og minni ríkisafskipti. Í gær bar svo við að Stefán Ólafsson, prófessor í félagsfræði, lýsti stuðningi við ályktun Heimdallar í skrifum á vefsvæði sitt. Þetta er skemmtilegt í ljósi þess að Stefán hefur hingað til ekki samsamað sig við hugmyndafræði frjálslyggjunnar. Nú er bara spurning hvort fleiri fræðimenn í félagsvísindadeild séu tilbúnir til að lýsa yfir stuðningi við ályktanir Heimdallar. Það væri til dæmis skemmtilegt að sjá



prófessorinn Svan Kristjánsson fagna þeim.

Óþarfa tillögur
Greint var frá því í gær að hópur þingmanna úr fimm flokkum hefði gert fjórðu tilraunina til að fá ríkið til að kanna hagkvæmni á því að hefja lestarsamgöngur milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar. Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, er fyrsti flutningsmaður tillögunnar en meðflutningsmenn eru úr öllum flokkum nema Pírötum. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra hefur réttilega sagt að ríkisfjármálin séu í járnnum. Það er því umhugsunarefni hvers vegna þingmenn kjósa að leggja fram tillögur sem vitað er fyrirfram að ekkert verður gert með. jonhakon@frettabladid.is

HALLDÓR



Samgöngustofa – undir einu þaki

SAMGÖNGUMÁL



Þórólfur Arnason forstjóri Samgöngustofu

Um mitt síðasta ár varð Samgöngustofa til úr fjórum stofnunum: Flugmálastjórn, Umferðarstofu og stjórnsýsluhlutlum Siglingastofnunar og Vegagerðarinnar. Frá þeim tíma hefur stofnunin starfað á þremur stöðum á höfuðborgarsvæðinu en kemur sér þessa dagana loksins fyrir í nýjum höfuðstöðvum á horni Háaleitisbrautar og Ármúla. Það er áþreifanlegur lokabáttur í sameiningunni sem hefur verið vandasamt en jafnframt lærdómsríkt ferli.

Öryggi og fagmennska

Í stuttu máli má segja að Samgöngustofa sé ætlað að vinna að þróun öflugra og öruggra samgangna. Það gerum við meðal annars með því að nýta aukna tækniþekkingu og ítarlegar rannsóknir, sinna vönduðu eftirliti og ástunda betri stjórnsýslu því með öllu þessu hefur náðst umtalsverður árangur í fækkun alvarlegra slysa þeirra sem eru á faraldsfæti. Samnýting á þekkingu hefur þannig og áfram skila góðum arði fyrir íslenskt samfélag. Opinberu eftirliti er fyrst og fremst ætlað að tryggja sem best öryggi fólks. Eftirlit er ekki síður mikilvægt til þess að við sem þjóð getum staðist alþjóðlegar úttektir og staðið jafnfætis þeim löndum sem við eigum í alþjóðlegri samkeppni við. Þetta er grundvallaratriði fyrir grunnstöðir atvinnulífsins eins og til dæmis skipaútgærð-

ir og flugrekendur. Með sameiningu eftirlits í samgöngumálum í eina stofnun samnýtum við reynslu með það í huga að eftirlitið verði hagkvæmt og skilvirkt án þess að tapa gæðum eða veita afslátt af öryggi.

Tækifærin

Með flutningum í sameiginlegt húsnæði felast mörg tækifæri um samræmda og greiða þjónustu sem hefst strax með einum og sama afgreiðslutímanum sem áður var mismunandi eftir staðsetningum. Í beinu framhaldi munum við byggja áfram ofan á það verk sem hafið var um mitt síðasta ár með því að leggja aukna áherslu á rafræna stjórnsýslu og sjálfsafgreiðslu sem dregur úr kostnaði og gerir viðskiptavinum kleift að ljúka sínum málum á þeim tíma sem þeim best hentar. Þetta sáum við til dæmis vel þegar sjómönnum og útgerðum var gert fært að sjá sjálf um lögskráningu sjómanna. Svipuð þróun er markmiðið í öðrum greinum en fyrst og síðast viljum við halda góðu sambandi við viðskiptavinum okkar og veita þeim örugga og greiða þjónustu. Þar er lykilorðið samvinna, því markmið um öryggi og fagmennsku geta allir verið sam-mála um. Í gildum Samgöngustofu sem allt starfsfólk tók þátt í að móta má sjá það sem við viljum standa fyrir: Jákvæðni, fagmennska, traust og virðing.

Sýn stjórnvalda í mennta- málum, aftur til fortíðar

Mikil umræða fer nú fram um fjárlagafrumvarp ársins 2015. Viljum við undirrituð vekja athygli á grundvallarstefnubreytingu í aðgengi allra að framhaldsskólum landsins.

Ríkisendurskoðun skilaði skýrslu til Alþingis í febrúar á þessu ári sem dró upp vægast sagt dökka mynd af stöðu framhaldsskólanna í landinu. Þar kemur fram að framlög til framhaldsskólanna hafa dregist saman um 2 milljarða á milli árunum 2008 og 2012. Nú þegar hefur verið gripið til flestra tiltækra hagræðingaraðgerða, svo sem að segja upp starfsfólki, fækka námsbrautum, fjölga nemendum í námshópum og draga úr stuðningi við þá. Í skýrslunni kemur jafnframt fram að bæði fulltrúar mennta- og menningarmálaráðuneytis og framhaldsskólanna eru einu máli um að rekstur skólanna sé kominn að þölmörkum.

Það eru því úggvænleg tíðindi sem felast í fjárlagafrumvarpi ársins 2015. Þar er hvergi að sjá viðbrögð við þessari alvarlegu stöðu framhaldsskólanna, gert er ráð fyrir frekari skerðingu m.a. á grundvelli þess að nemendum á að fækka um 4,7% strax á næsta ári. Það mun auðvitað leggjast af tvöföldum þunga á haustönn næsta árs.

Í texta frumvarpsins kemur ítrekað fram að fyrirhuguð stytting námstíma til stúdentsprófs muni skila hagræðingu í rekstri framhaldsskólanna. Það hefur sem sagt verið tekin pólitísk ákvörðun um að spara í framhaldsskólanum, ekkert samráð hefur átt sér stað um slíka stefnumörkun enda er hún á engan hátt studd faglegum rökum.

MENNTAMÁL



Guðrífður Arnardóttir
formaður Félags framhaldsskólakennara



Ólafur Sigurjónsson
formaður Félags stjórnenda í framhaldsskólum

– Við höfum ítrekað óskað eftir því að vera kölluð til samráðs og okkar fagþekking virt þegar svo stefnumótandi ákvarðanir eru teknar.

En stærstu tíðindin í fjárlagafrumvarpinu er ákvörðun um að nú á að takmarka aðgengi 25 ára og eldri nemenda að námi á framhaldsskólastigi. Þar er talað um að megináhersla verði lögð á að mæta óskum nemenda undir 25 ára aldri um skólavist. Og miðað við tæplega 5% fækkun nemenda í framhaldsskólunum er ljóst að fjölmörgum nemendum sem vilja sækja sér menntun er vísað frá.

Meðalaldur nemenda á starfsnámsbrautum er 25,2 ár. Á sama tíma og talað er um eflingu verk- og starfsnáms er hér mörkuð sú meginstefna að nemendur yfir 25 ára verði annars flokks þegnar og hafi ekki sama rétt til náms og áður.

Hlutfall fullorðinna án framhaldsskólaprófs er með því lægsta á Íslandi af OECD-ríkjunum og hafa 20% einstaklinga undir 24 ára aldri á Íslandi ekki lokið framhaldsskóla-

→ Það eru því úggvænleg tíðindi sem felast í fjárlagafrumvarpi ársins 2015.

prófi eða eru ekki skráðir í nám. Í Hvítbók um umbætur í menntun eru sett fram markmið um nám í framhaldsskóla um hækkað hlutfall þeirra sem ljúka námi á tilsettum tíma og lækun brottfalls.

Fjárlagafrumvarp 2015 varðar ekki rétta leið að þeim markmiðum – það er ljóst að Hvítbók er ekki pappírins virði ef orðunum eiga ekki að fylgja efnir – og fjármagn. Í stað þess að styrkja rekstur framhaldsskólanna er aðgengi ungs fólks að námi takmarkað og stúdentsprófið í núverandi mynd gjaldfellt með rýrara innihaldi. Verst mun þetta koma niður á litlum framhaldsskólum á landsbyggðinni og verður vart séð að þeir lifi af. Þá erum við að stíga aftur til fortíðar þar sem íslensk ungmenni búa við mismunun og skert aðgengi að námi á grundvelli búsetu.

Það er öllum ljóst að aðhalds er þörf í ríkisrekstri. En ef þetta er afleiðing skattalækkana verða menn að spyrja sig hvort það sé þess virði. Ein af grunnstöðum samfélagsins er góð og traust menntun og jafnt aðgengi allra að námi. Það er vissulega pólitískur viðsnúningur í íslenskri menntastefnu ef þetta frumvarp verður að lögum í óbreyttri mynd. Hvaða alþingismenn vilja setja stafina sína við afturhvarf til fortíðar í menntamálum á Íslandi?

Öngstræti í ESB-málum

ESB þróast á ógnarhraða þessa dagana. Þetta á einkum við á fjármálasviðinu en ríki ESB vinna nú hörðum höndum að þróun Bankabandalags Evrópu sem hefur það yfirlýsta markmið að búa innri markaði Evrópu öruggari og tryggari fjármálaageira. Þessi þróun hefur bein áhrif á kjarna EES-samstarfsins – innri markaðinn – og þar af leiðandi bein- ar afleiðingar fyrir Ísland.

EVROÞUMÁL



Jóna Sólveig Elínardóttir
alþjóðastjórnmalafraeðingur

Hið nýtilkomna bankabandalag byggir á tveimur meginstöðum: Sameiginlegu fjármálaeftirlitskerfi svo og bankagjaldþrotkerfi. Þessar stöðir standa á sameiginlegum grunni: Samevrópsku regluverki fyrir fjármálastofnanir á innri markaði Evrópu (Single Rulebook) sem á m.a. að tryggja Evrópubúum aukna vernd ef bankinn þeirra fer á hausinn.

Markmið evrópska fjármálaeftirlitsins er að skapa stöðugleika í fjármálaageiranum, skapa réttlát lánsskilyrði í allri Evrópu og sjá til þess að bankar, en ekki skattgreiðendur, borgi fyrir sín eigin mistök. Fram kemur í síðustu yfirlitsskýrslu sendiráðs Íslands í Brussel að „ESB og EFTA-ríkin vinna nú sameiginlega að lausn fyrir EFTA-ríkin við að innleiða reglur á sviði sameiginlegs fjármálaeftirlits“. Það er því ljóst að Ísland sér hag sinn í því að taka þátt í nýja fjármálaeftirlitskerfinu, enda myndi það auka tiltrú og traust á bankakerfi landsins. Hins vegar á Ísland mjög erfitt með það því lögfræðiálit komast ítrekað að þeirri niðurstöðu að það feli í sér of mikið framsal ríkisvalds til yfirþjóðlegra stofnana til að geta staðist stjórnarskrána. Þeim sérlausnum sem lagðar voru til við ESB var hafnað. Málið

→ Á meðan engin lausn finnst nýtur Ísland ekki góðs af því öflugra stuðningsneti sem evrópska fjármálaeftirlitskerfið veitir.


hefur því staðið fast í kerfinu frá 2012 og engin lausn í sjónmáli. Á meðan engin lausn finnst nýtur Ísland ekki góðs af því öflugra stuðningsneti sem evrópska fjármálaeftirlitskerfið veitir. Þá er ljóst að á meðan ástandið er svona starfa íslenskir bankar ekki í jafn öruggu starfs- umhverfi og evrópskir bankar sem hefur neikvæðar afleiðingar fyrir samkeppnishæfni þeirra og þar með íslenskan almenning sem nýtir sér þjónustu þeirra.

Aðildin að innri markaðinum, sem EES-samningurinn veitir, hefur reynst Íslandi mjög vel. Ef við ætlum hins vegar að geta notið góðs af þeim betrubótum sem orðið hafa á löggjöf innri markaðarins síðastliðin ár og veitt íslenska fjármálaageiranum betri umgjörð og aðhald en áður hefur þekkt, verðum við að tryggja að íslensk lög á sviði fjármálaþjónustu rími við löggjöf ESB.

Áskorunin sem íslenskir stjórn- málamenn standa frammi fyrir er að svara því hvernig EES-samstarfið á að geta staðið sem grunnurinn að framtíðarsamskiptum Íslands og ESB ef ekki er hægt að finna leið til að innleiða EES-löggjöf á Íslandi. Hvernig ætlum við að tryggja íslenskum börkum sam- bærilegt stuðningsnet við það sem samkeppnisaðilar þeirra í Evrópu hafa, ef við erum ófær um að innleiða víðeigandi EES-löggjöf?

• HAUSTTILBOÐ •

20-30% AFSLÁTTUR



FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

Framleiðum dýnur og rúm fyrir hótél og gistiheimili

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121

Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is



MERKISATBURÐIR

1630 Borgin Boston í Bandaríkjunum er stofnuð af breskum landnemum.

1631 Gústaf Adolf 2. Svíakonungur vinnur sigur á hersveitum Tillys í orrustunni við Breitenfeld.

1844 Fyrstu alþingiskosningar eru haldnar í Reykjavík. Sveinbjörn Egilsson hlýtur flest atkvæði, 15, en neitar þingsetu og því verður Árni Helgason þingmaður með 11 atkvæði.

1896 Eldur sést í hafi frá Landeyjum, suðvestur af Hellisey.

1966 Vegur fyrir Ólafsfjarðarmúla er formlega opnaður.

1988 Sumarólympíuleikar eru settir í Seoul í Suður-Kóreu.

1992 Landsbankinn tekur eignir Sambands Íslenskra samvinnufélaga upp í skuldir og innlimar þar með Samvinnubankann.



Ástkær bróðir minn, stjúpaðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

PORGILS STEFÁNSSON
til heimilis að Hlévangi í Keflavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi
sunnudaginn 14. september.
Útförin verður auglýst síðar.



Stefán Stefánsson
Birgir Kristjánsson
Sigríður Kristjana Kristjánsdóttir
Guðný Sigurðardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Einar Guðberg Gunnarsson



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, vinur og afi,

JÓHANNES ÞÓR HERMANNSSON
Ásgarði, Hjalteyri,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri
15. september. Útför hans fer fram
frá Akureyrarkirkju mánudaginn 22. september kl. 13.30.
Jarðsett verður í Möðruvallaklausturskirkjugarði.



Sverrir Jóhannesson
Hermann Þór Jóhannesson
Anna Guðrún Jóhannessdóttir
Bertha Svala Bruvik
og afabörn.

Guðrún Birgisdóttir



Ástkær faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,

JÓN STEFÁN SIGURBJÖRNSSON
Viðilundi 24, Akureyri,

lést á Kristnesi 12. september síðastliðinn.
Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju
23. september klukkan 13.30. Blóm og
kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim
sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.



Stefán Már Stefánsson

Lára Margrét Traustadóttir
Salbjörg J. Thorarensen
Jón Höskuldsson
Kolbeinn Friðriksson

Marín Hallfríður Ragnarsdóttir
Bogi Rúnar Ragnarsson
Magnea Hrönn, Særún, Kári og Magnea.

PETTA GERÐIST: 17. SEPTEMBER 1994

Óperan Vald örlaganna frumsýnd

Óperan Vald örlaganna eftir Guiseppe Verdi var frumsýnd í Þjóðleikhúsinu þennan dag árið 1994. Kristján Jóhannsson og Elín Ósk Óskarsdóttir fóru með aðalhlutverkin sem Alvaro og Leonora og hlutu lof fyrir sína frammistöðu. Kristján birtist stökkvandi yfir vegg inn á sviðið og var fagnað með lófataki.

Þriðja meginhlutverkið, Carlo, sem var bróðir Leonoru, var í höndum Norðmannsins Trond Halstein Moe og þóttu

raddir hans og Kristjáns fara einstaklega vel saman.

Elsa Waage var flott sem spákonan Preziosilla. Viðar Gunnarsson var í hlutverki ábótans með sína virðulegu bassaródd og Bergþór Pálsson í hlutverki munksins Melitone sem söng lítið en lék þeim mun meira. Það var um það bil eini gamansemisljósgeislinn í því myrkri illra örlaga sem óperan fjallar um, samkvæmt dómi Sigurðar Steinþórssonar í Tímanum.



Skólinn heitir eftir litháísku fánalitunum

Litháíski móðurmálsskólinn Þrír litir er tíu ára um þessar mundir því honum var hleypt af stokkunum í september 2004. Stofnandi hans og stjórnandi alla tíð er Jurgita Milleriene.

„Þetta er krefjandi en samt líka mjög gefandi og það er ástæða þess að ég endist svona lengi.“ Þetta segir Jurgita Milleriene um starf sitt sem skólustjóri litháísku móðurmálsskólans Þrír litir síðustu tíu ár.

Jurgita stofnaði skólann fyrir tíu árum í Alþjóðahúsinu og hefur kennt litháískum börnum móðurmál sitt í sjálfboðavinnu síðan. Nú fer kennslan fram í Landakotsskóla á sunnudögum, frá tólf til hálf tvö, og Jurgita segir samstarfið við kirkjuna og prestinn mjög gott. En af hverju heitir skólinn Þrír litir? Skýringin er sú að litháíski fáninn er gulur, grænn og rauður og nafn skólans tengist þessum þremur litum.

Jurgita er leikskólakennari í Reykjanesbæ að atvinnu og þarf því að keyra til Reykjavíkur á hverjum sunnudegi frá september fram á vor að undanskildum jóla- og páskafríum. „Já, ég þarf að vakna snemma á sunnudögum,“ segir hún glaðlega. Tekur líka fram að kennarar skólans séu fimm og allir með BA-háskóla-gráðu, auk þess að hafa sótt ýmiss konar námskeið bæði hér á landi og erlendis. „Starfsemi skólans blómstrar og kennslan er vel skipulögð og fagleg.“

Nemendurnir í Þremur litum eru frá höfuðborgarsvæðinu og sveitarfélögum í kring, svo sem Akranesi, Mosfellsbæ, Selfossi og Reykjanesbæ, að sögn Jurgitu. „Þegar við byrjuðum voru nemendurnir 35 en þeim hefur fjölgað og eru nú hátt í fimmtíu. Þeim er skipt í fimm aldurshópa frá tveggja til tíu ára og eldri. En auðvitað eru börnin misjafnlega á vegi stöðd í sínu móðurmáli, það fer ekki bara eftir aldri. Sum skilja bara málið en önnur geta talað, skrifað og lesið og því er



VIÐ SKÓLA-SETNINGU 2014
Jurgita bar fram fína köku og mikið var um dýrðir þegar skólinn var settur 1. september.

kennslan einstaklingsmiðuð í raun og veru.“

Árið 2008 var stofnað Félag Litháa á Íslandi <http://www.ltis.org/> og þá varð skólinn Þrír litir hluti af starfsemi félagsins. Þess má geta að sýning um Litháen og litháíska móðurmálsskólann verður opnuð í Kringlusafni Borgarbókasafnsins þann 20. september. gun@frettabladid.is

Sum skilja bara málið en önnur geta talað, skrifað og lesið og því er kennslan einstaklingsmiðuð í raun og veru.

Jurgita Milleriene
skólustjóri

Safnar fé fyrir skimunarprófi

Samtökin Blái naglinn standa fyrir landsöfnun til fjáröflunar fyrir skimunarprófi sem er forvörn gegn ristilkrabba. Safnað verður 18. til 21. september.

„Það eru fimmtíu og tveir einstaklingar sem deyja hér á landi úr ristilkrabba á ári og ég er sannfærður um að hægt er að lækka þá tölu með forvörnum eins og skimun og ristilspeglun,“ segir Jóhannes V. Reynisson, forspraki átaksins Bláa naglans. Hann er að hrinda af stað landsöfnun til ágóða fyrir krabbameinsrannsóknir og forvarnir. Að þessu sinni er ætlunin að safna fé fyrir skimunarprófi sem verður sent til allra sem verða fimmtugir á árinu 2015 og árlega eftir það til 2017 í það minnsta.

Að auki verður haustráðstefna á vegum Bláa naglans þann 20. september á Grand Hótel í Reykjavík þar sem færustu sérfræðingar halda erindi um ýmislegt varðandi rannsóknir og meðferðir á krabbameini hérlendis – „á mannamáli,“ lofar Jóhannes. Ráðstefnan er opin almenníngi án endurgjalds, meðan húsrúm leyfir, en nauðsynlegt er að skrá þátttöku á heimasíðu Bláa naglans www.blainaglinn.is. Dagskrá ráðstefnunnar er á heimasíðunni.

En af hverju heitir átakið Blái naglinn? „Ég fór sjálfur undir hnífinn árið 2012 og eftir aðgerðina fór ég til Dubai af því sonur minn var þar fimleikajálfari. Ég var þarna í hálfan mánuð í afslöppun og varð hugsað til bleiku slaufunnar. En sagði við sjálfan mig: „Þú ert ekki slaufutýpa.““ lýsir Jóhannes. „Þegar ég kom heim úr hitanum syðra fór ég beint í Húsasmiðjuna að kaupa mér sex tommu nagla og sprejjaði þá bláa. Svona byrjaði þetta.“



NAGLI Jóhannes hvetur landsmenn til að taka vel á móti söfnunarfólki um næstu helgi.

Nýtt á heimsvísu
VARANLEGT LETUR
Eingöngu hjá Graníthöllinni
Eitt mesta úrval landsins af fallegum legsteinum og fylgihlutum hjá Graníthöllinni
Graníthöllin Legsteinar
www.granithollin.is
Bæjarhrauni 26 Hafnarfirði 555-3888

LEGSTEINAR
MIKIÐ ÚRVAL AF FYLGIHLUTUM
VÖNDUÐ VINNA
Steinsmiðjan Mosaik
Stofnað 1952 Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is

OYSTER PERPETUAL
SUBMARINER DATE

ROLEX

M

MICHELSEN

ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 17. september 2014 | 23. tölublað | 10. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

VIÐ **ELSKUM**
UMHVERFIÐ!



Guðjón Ó
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN

TÆKIFÆRI Í FJÖLGUN SKEMMTIFERÐASKIPA

→ **Alls komu 89 skemmtiferðaskip til Reykjavíkur í sumar með um 98 þúsund farþega.**

→ **Framkvæmdastjóri TVG-Zimsen segir áhuga á Norðurslóðum opna á tækifæri.**

→ **Ísland er orðið sér áfangastaður fyrir skemmtiferðaskip.**

SÍÐA 6-7



Alcoa gerir samning við Boeing

Alcoa hefur undirritað langtímasamning við bandaríska flugvélaframleiðandann Boeing um framleiðslu á margvíslegum íhlutum og álplötum í flugvélar Boeing. Samningurinn er metinn á um einn milljarð Bandaríkjadala að því er fram kemur á heimasíðu Alcoa. Samningurinn er sá stærsti sem fyrirtækin hafa gert til þessa og felur hann einnig í sér umtalsvert samstarf um þróun á nýju, háþrúðu og léttara málmblendi í flugvélar Boeing. „Samstarf Alcoa og Boeing er nú tryggt næstu 35 árin og við munum halda áfram samstarfi um þróun á nýjum og framúrskarandi tæknilausnum fyrir flugvélaíðnaðinn,“ segir Klaus Kleinfeld, forstjóri og stjórnarformaður Alcoa, um samninginn.

- fbj

Stefnir í heimsmet í útboði

Amerískir fjárfestar bítast nú um að kaupa hlut í kínverska netsölurísanum Alibaba, sem fer á markað í útboði sem gæti orðið það stærsta í sögunni.

Skráð verð á hvern hlut hefur hækkað verulega og er komið upp í 66 til 68 Bandaríkjadali. Eftirspurnin er því mikil en Alibaba stefnir að sölu fyrir 25 milljarða dala í útboðinu. Agricultural Bank of China aflaði sem nemur 22,1 milljarði Bandaríkjadala í útboði í Kína árið 2010 sem er núverandi heimsmet.

Fari sem horfir verður heildarmarkaðsvirði fyrir tækisins um 168 milljarðar Bandaríkjadala og þannig verðmætara en Amazon.

- fbj

Stjórnendur ekki við sama borð

Kaupmáttur launa hækkaði um 3,5 prósent í júlí frá sama tíma í fyrra. Aukinn kaupmáttur með litlum launabreytingum er rakinn til þess að áherslur við gerð síðustu kjarasamninga hafi tekist vel. Þetta kemur fram í Hagsjá Landsbankans.

Þar kemur að auki fram að athygli vekji að stjórnendur virðist ekki skara fram úr í launaþróun að nokkru leyti, en mikil umræða var um miklar launahækkningar forstjóra eftir útkomu tekjublaða í sumar. Þjónustu- og afgreiðslufólk hafi notið mestra hlutfallslegra kjarabóta og þar á eftir skrifstofufólk, tæknar og sérmenntað fólk. Þessar upplýsingar bendi til að mikill munur sé á launahækkunum stjórnenda, ekki sitji allir við sama borð. Verkaþéttir og iðnaðarmenn hækki minnst í kaupmætti á tímabilinu.

- fbj

Snertilausar greiðslur í posum

Valitor býður hraðvirka og örugga posa sem gerir söluaðilum kleift að taka við **snertilausum greiðslum**.

Söluaðilar eiga þess kost að fá uppfærslu á posabúnað sinn og geta þá boðið viðskiptavinum sínum að greiða með síma eða **snertilausu korti** auk hefðbundinna greiðsluleiða.

Þú sérð um **söluna** – við sjáum um **greiðsluna**

VALITOR

525 2080 // sala@valitor.is // www.valitor.is

Gengi félaga í Kauphöll Íslands

5
Á UPPLÉIÐ

Félög sem hækkuðu í verði

7
Á NIÐURLEIÐ

Félög sem lækkuðu í verði

2
STÖÐU Í STAÐ

Félög sem stóðu í stað

MESTA HÆKKUN

ÖSSUR

40,6% frá áramótum

HB GRANDI

2,6% í síðustu viku

MESTA LÆKKUN

MAREL

-26,1% frá áramótum

ICELANDAIR

-4,9% í síðustu viku

Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Bank Nordic (DKK)	130,00	-16,2%	0,0%
Eimskipafélag Íslands	262,0	-15,8%	0,0%
Fjaraskipti (Vodafone)	27,25	20,7%	1,1%
Hagar	38,4	17,3%	0,1%
Icelandair Group	18,20	-5,5%	-4,9%
Marel	133,00	-26,1%	-0,3%
N1	18,90	-0,5%	-1,1%
Nýherji	3,65	39,7%	2,0%
Reginn	15,55	-1,9%	-1,6%
Tryggingamiðstöðin*	32,05	-25,0%	-1,6%
Vátryggingafélag Íslands**	10,79	-24,0%	-0,7%
Össur	229,00	40,2%	0,3%
HB Grandi	27,70	11,9%	2,6%
Sjóvá	13,50	-10,4%	-1,3%
Úrvalsvísitalan OMXI6	1.259,60	-9,4%	-1,5%

*fyrsta verð 08. maí 2013 **fyrsta verð 24. apríl 2013

First North Iceland

Century Aluminum	1.150,00	0,0%	0,0%
Hampiðjan	13,25	50,9%	2,4%
Sláturfélag Suðurlands	1,22	9,0%	0,0%



VERSLUNIN Fríhöfnin opnaði DutyFree Fashion eftir gagngegar endurbætur í júlí 2011.

Fríhöfnin fær ekki að reka verslun í Leifsstöð

Versluninni DutyFree Fashion í Leifsstöð verður lokað. Umsókn Fríhafnarinnar um verslunarrými var hafnað af móðurfélaginu Isavia. Framkvæmdastjóri Fríhafnarinnar hætti nokkrum dögum síðar.

VERSLUN

Haraldur Guðmundsson | haraldur@frettabladid.is

Umsókn Fríhafnarinnar ehf. um áframhaldandi rekstur tískuvörverslunarinnar DutyFree Fashion í Leifsstöð hefur verið hafnað og versluninni verður lokað á næsta ári.

Fríhöfnin, sem er dótturfélag Isavia, var á meðal umsækjenda í forvali ríkisfyrirtækisins um aðstöðu til veitinga- og verslunarreksturs í flugstöðinni. Stjórnendum félagsins var tilkynnt í ágúst síðastliðnum að Isavia ætlaði ekki í samningaviðræður við þá vegna reksturs DutyFree Fashion.

Ákvörðun Isavia kom stjórnendum og starfsmönnum Fríhafnarinnar mikið á óvart, samkvæmt upplýsingum Markaðarins. Ástæðan sé ekki síst sú að dótturfélagið var ekki valið í hóp þeirra umsækjenda sem nú bíða átektu eftir niðurstöðum samningaviðræðna Isavia við þau fyrirtæki sem báru af í mati umsókna. Nokkrum dögum eftir að ákvörðunin lá fyrir sagði Ásta Dís Óladóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri Fríhafnarinnar, starfi sínu lausu.

Fríhöfnin hefur rekið DutyFree Fashion, áður Saga Shop, í brottfararsal flugstöðvarinnar frá júlímánuði 2010. Félagið tók við rekstrinum af Icelandair og var verslunin þá stækkuð og vöruúrval aukið. Verslunin hefur meðal annars selt fót frá Boss og Burberry og íslenskar



HÆTTI Í ÁGÚST Ásta Dís Óladóttir var ráðin framkvæmdastjóri Fríhafnarinnar í september 2010. MYND/ÖZZO

hönnunarvörur frá Farmers Market og KronKron.

Stjórnendur Fríhafnarinnar fengu, samkvæmt heimildum, rökstuðning fyrir ákvörðun Isavia. Í honum segir meðal annars að fjárhagsáætlun verslunarinnar hafi verið óraunhæf.

Fríðþór Eydal, talsmaður Isavia, vill ekki staðfesta að fyrirtækið hafi hafnað umsókn Fríhafnarinnar. Hann segir Isavia ekki veita upplýsingar um hvaða fyrirtæki sóttu um aðstöðu í Leifsstöð og þá ekki hvort ákveðin fyrirtæki hafi komist áfram í samningaviðræðurnar.

„Forvalið er samkvæmt ítarlegu og fastmótuðu ferli sem var kynnt í upphafi og allir þátttakend-

Forvalið er samkvæmt ítarlegu og fastmótuðu ferli sem var kynnt í upphafi og allir þátttakendur samþykktu það með undirskrift sinni.

ur samþykktu það með undirskrift sinni. Áfrýjunarnefnd útboðsmála hefur hafnað kröfu sem sett var fram um stöðvun forvalsins, enda snúist það um leigu á aðstöðu en ekki kaup á verki, vöru eða þjónustu,“ segir Fríðþór.

Velta í smásöluverslun í ágúst helst nokkuð óbreytt frá því fyrir ári:

Birta veltuvísitölu í byggingarvöruverslun

Rannsóknarsetur verslunarinnar hefur í fyrsta sinn birt veltuvísitölu í byggingavöruverslun í Smásöluvísitölu sinni.

Greinilegur vöxtur hefur þannig verið í byggingavöruverslun það sem af er þessu ári, en í ágúst var 9,8 prósent meiri velta en í sama mánuði í fyrra að raunvirði. Á fyrstu átta mánuðum ársins var velta byggingavöruverslana 11,6 prósentum meiri en á sama tímabili í fyrra.

Þessi vöruflokkur er einn af þremur stærstu vöruflokkunum í smávöruverslun samkvæmt tölum úr virðisaukaskattflokkun Hagstofunnar.

Á heildina litið urðu ekki mikl-



VÖXTUR Á fyrstu átta mánuðum ársins var velta byggingavöruverslana 11,6% meiri en í fyrra.

ar breytingar á veltu í smásölu í ágúst, samanborett við sama mánuð fyrir ári. Þó jókst áfengisverslun um 7,5 prósent á föstu verðlagi og um 9,7 prósent þegar leiðrétt hefur verið fyrir vikudaga- og árstíðabundnum þáttum. Verð á áfengi hefur haldist nokkuð óbreytt það sem af er þessu ári.

Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

Miðvikudagur 17. september

→ Þjóðskrá - Upplýsingar um leiguverð íbúðarhúsnæðis

Fimmtudagur 18. september

→ Hagstofan - Samræmd vísitala neysluverðs í ágúst 2014

→ Hagstofan - Verðmæti sjávaraflla í janúar-júní 2014

Mánudagur 22. september

→ Hagstofan - Vísitala lífeyris-

skuldbindinga í ágúst 2014

→ Hagstofan - Vísitala kaupmáttar launa í ágúst 2014

Þriðjudagur 23. september

→ Þjóðskrá - Viðskipti með atvinnuhúsnæði í ágúst

Miðvikudagur 24. september

→ Hagstofan - Vinnumarkaður í ágúst 2014

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir

STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

FÉLAG FASTEIGNASALA **vísir**

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!



JÖFUR
ATVINNUHÚSNÆÐI

534 1020

Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is



GLÆSILEGT SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI

TIL LEIGU

Höfðatorg, 105 Reykjavík
Skrifstofuhúsnæði á 12. hæð
Stærð 331,7 fm.

Laust strax

Allar nánari upplýsingar veitir:



Magnús Kristinnsson

Löggiltur leigumiðlari
Löggiltur fasteignasali

534 1025 / 861 0511
magnus@jofur.is

Til leigu fyrsta flokks skrifstofuhúsnæði á 12. hæð í Höfðatorgi. Stærð 331,7 fm. Fjórar stórar lokaðar skrifstofur/fundaherbergi, opið vinnurými. Tækjaherbergi, geymsla og eldhús. Gólfefni er gegnheilt olíuborið viðarparket og allar innréttingar eru fyrsta flokks. Loftræst húsnæði.

PEUGEOT 3008

NJÓTTU NÝRRA TILFINNINGA



Myndin sýnir Peugeot 3008 með aukabúnaði.

PEUGEOT 3008
DÍSIL, SJÁLFSKIPTUR

kostar kr. **4.490.000**

Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri 4,2L/100km
CO₂ útblástur 110g • Drægni á tankfylli 1.428km

PEUGEOT 3008
KOSTAR FRÁ KR.

3.990.000



3008, eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri frá 4,2 til 6,7L/100km og CO₂ útblástur (g/km) frá 110 til 159.

MOTION & EMOTION



PEUGEOT



Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bilver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

Óvíst hvað tekur við Bankasýslunni

Bankasýsla ríkisins er ekki á fjárlögum. Árni Páll Arnason, formaður Samfylkingarinnar, segir mögulegt að FME taki við verkefninum. Steingrímur J. Sigfússon, fyrrverandi fjármálaráðherra, segir mögulegt að séreining innan fjármála- og efnahagsráðuneytis taki við. Aðalmálið sé að bankarnir verði lausir við pólitísk afskipti.

BANKAMÁL

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@frettabladid.is



Til stendur að leggja niður Bankasýslu ríkisins um áramótin. Til þess að slíkt sé hægt þarf að fella úr gildi lög um Bankasýsluna og breyta lögum númer 155 frá 2012 um sölu-meðferð eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Í þingmálaskrá kemur fram að frumvarpið verður unnið í samráði við Bankasýslu ríkisins. Jón Gunnar Jónsson, forstjóri Bankasýslunnar, segir að fjármálaráðuneytið hafi ekki haft samband vegna þess. „Við höfum ekki enn fengið beiðni um gerð slíks frumvarps,“ segir Jón Gunnar.

Í ársskýrslu Bankasýslunnar sem gefin var út í júní kemur fram að hún fer með eignarhluti tveggja opinberra aðila. Hún fer með hlut Ríkissjóðs Íslands í viðskiptabönkum og sparissjóðum og hlut Eignarhluta ehf. í Landsbankanum, sem stofnunin fékk til umsýslu við útgáfu skilyrts skuldabréfs Landsbankans.

Sextán prósent af eignunum

Bankasýslan heldur núna utan um eignarhluti ríkissjóðs í bönkum og sparissjóðum. Miðað við ríkisreikning 2012 fór Bankasýslan með 12,6% af eignum ríkisins en í árslok 2013 um 15,5 prósent. Eignirnar nema 164,5 milljörðum, en helstu eignir eru 97 prósent hlutur í Landsbankanum, 13 prósent hlutur í Arion banka og fimm prósent hlutur í Íslandsbanka. Aðrar eignir eru um það bil helmingshlutar í Sparissjóði Norðfjarðar, 79,2 prósent hlutur í Sparissjóði Norðurlands og 55,3 prósent hlutur af stofnfé Sparissjóðs Vestmannaeyja.

Bankasýslan er ekki á fjárlögum næsta árs, eins og kynnt var í síðustu viku. Hún fékk 97 milljónir króna á fjárlögum þessa árs en fær ekkert á næsta ári. Fram kom í markmiðalýsingu við stofnun Bankasýslunnar árið 2009 að hún eigi að starfa í fimm ár. Áætlanir gerðu ráð fyrir að þá yrði



FIÁRLAGAFRUMVARPIÐ Ekki er gert ráð fyrir því að Bankasýslan verði á fjárlögum næsta árs miðað við fjárlagafrumvarpið eins og það lítur út við fyrstu umræðu. Skiptar skoðanir eru á því hvað geti tekið við stofnuninni ef ákveðið verður að leggja hana niður.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

búið að selja þær eignir sem hún heldur utan um eða meirihluta þeirra.

Jón Gunnar sagði í samtali við VB.is á dögunum að hann hefði ekki búið við því að Bankasýslan yrði á fjárlögum. Stofnunin eigi nóg af ónýttum fjárlögum fyrir rekstri til áramóta. Verði hún lögð niður hverfi ekki verkefni heldur færast þau annað.

Deilur um stofnunina
Steingrímur J. Sigfússon alþingis-



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON



ÁRNI PÁLL ÁRNASON



PÉTUR H. BLÖNDAL

maður var fjármálaráðherra þegar Bankasýslan var stofnuð. Hann segir að á þeim tíma hafi verið miklar og heitar umræður um stofnunina í þinginu. Hann bendir á að löggin hafi verið sett til fimm ára árið 2009. Á þeim tíma hafi ekki legið fyrir hvort kröfuhafar veldu þann kost að fjármagna eitthvað af bönkunum. „Það gat alveg stefnt í það að ríkið ætti mest allt bankakerfið í landinu,“ segir Steingrímur. Á þessum tíma hafi oft verið sett lög með fimm ára gildistíma, þegar menn vissu ekki hvernig mál myndu þróast.

Steingrímur segir að þótt lög hafi upphaflega verið sett með vissan gildistíma sé það ekki endilega efnisleg rök fyrir því að þau falli úr gildi. „Það má auðvitað færa rök bæði með og á móti því að viðhafa þetta fyrirkomulag. En ég hefði verið sáttur við það að þetta yrði framlengt um einhvern tíma,“ segir Steingrímur. Ljóst sé að stærstur hluti Landsbankans verði áfram í eigu ríkissjóðs.

Mögulegt að ráðuneytið taki við

Steingrímur segir að það séu tveir kostir í stöðunni. Annars vegar sá að Bankasýslan haldi áfram utan um þessa eignarhluta. Hins vegar sá að stofnuð verði sjálfstæð eining innan fjármálaráðuneytisins sem sé tilbúin til þess að taka á móti þessum hlutum. Þessi sama eining innan ráðuneytisins gæti þá haldið utan um aðrar eignir ríkisins, til dæmis í Landsvirkjun.

Hann segist þó ekki vera viss um að ráðuneytið sé skipulagt með það í huga að slík eining sé stofnuð og bendir á að það hafi byggst upp fagþekking í Bankasýslunni sem sé mikilvæg.

Eignarhaldið sé hafið yfir allan vafa um afskipti stjórnmalamanna

Bankasýsla ríkisins er ríkisstofnun með sjálfstæða stjórn sem heyrir undir fjármálaráðherra. Hún var stofnuð með lögum nr. 88/2009 sem tóku gildi í ágúst 2009. Stjórn Bankasýslunnar var skipuð í september 2009, en stofnunin tók til starfa í janúar 2010.

Í eigendastefnu sem samþykkt var 2009 segir að eftir þær breytingar sem hafi orðið á íslenskum fjármálamarkaði síðan haustið 2008 eigi ríkið nú eignarhluti í sumum stærstu fjármálafyrirtækjum landsins. Fyrir dyrum standi að byggja upp heilbriggt og öflugt fjármálakerfi sem þjóni hagsmunum Íslendinga. Endurskipulagning fjármálakerfisins verði krefjandi verkefni. Til að hún geti gengið farsællaga fyrir sig sé mikilvægt að ríkið komi fram sem upplýstur og stefnumarkandi eigandi í þessum fyrirtækjum og ræki eigandahlutverkið af kostgæfni. „Ríkið þarf að vera trúverðugur eigandi fjármálafyrirtækja og hlutverk þess hafið yfir vafa um pólitísk afskipti af daglegum ákvörðunum fyrirtækjanna. Þau markmið sem nú eru sett varðandi eignarhald, skipulag, stjórnhætti og áform um hvernig farið verður með eignarhluta geta haft afgerandi áhrif á hvernig íslenskur fjármálamarkaður þróast á næstu árum,“ segir í stefnunni.

Meginmarkmið með eign ríkisins á fjármálamörkuðum eru þrjú:

Að stuðla að uppbyggingu heilbrigðs og öflugs fjármálakerfis sem þjónar hagsmunum íslensks samfélags

Að byggja upp traust og trúverðugleika á íslenskum fjármálamarkaði.

Að ríkið fái arð af því fé sem það leggur til íslenskra fjármálafyrirtækja.

Fjármálaeftirlitið gæti tekið við

Árni Páll Arnason, formaður Samfylkingarinnar og fyrrverandi efnahags- og viðskiptaráðherra, segist vilja bíða og sjá hvað Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, segir um málið og hvernig stefnumörkunin verður. „Við vildum tryggja faglega umgjörð utan um þetta eignarhald og hafa það armslengd frá hinu pólitíska valdi,“ segir Árni Páll. Hann segir að á meðan ríkið eigi eignarhluti í bönkunum sé alls ekki farsælt að stjórnmalamenn hafi beint boðvald yfir þeim sem fari með eignarhlutina. „Það þarf þá að hafa eitthvað til að leysa Bankasýsluna af,“ segir hann.

Hann bendir á að ein hugmynd sem rædd hafi verið sé að tengja hana með ákveðnum hætti Fjármálaeftirlitinu og hún yrði þá starfandi til langframa ef ríkið þyrfti að stíga inn til að bjarga bönkum. „Það er leið sem Danir hafa farið,“ segir hann. Með þessari leið hafi Bankasýslan það hlutverk að taka yfir banka í vanda til að tryggja það að innstæður fáiast greiddar. „Ég held að við þurfum

að hafa umgjörð sem getur tekið við þeim aðstæðum,“ segir Árni Páll.

Aðalmálið sé að Íslendingar séu brenndir af því fyrirkomulagi þegar stjórnmalamenn gátu haft beint boðvald yfir bönkunum og það beri að varast. „En við erum ekkert bundin við að þetta þurfi að heita Bankasýsla ríkisins,“ segir Árni Páll.

EKKI náðist tal af Bjarna Benediktssyni, fjármála- og efnahagsráðherra, við vinnslu þessarar fréttar. Pétur Blöndal, varaformaður efnahags- og viðskipta- nefndar Alþingis, segir málið ekki hafa verið rætt í þingflokknunum. „Við erum ekki komin þá langt að við séum að ræða mál sem ekki er komið fram,“ segir Pétur. Hann segir verulegar eignir í bönkunum. Pétur segist ekki hafa myndað sér afstöðu til málsins. Hann muni kynna sér frumvarpið þegar það kemur fram. „Auðvitað er það mín bjargfasta skoðun að ríkið eigi sem minnst að vera að vasast í svona viðskiptum,“ segir Pétur. Því sé eðlilegast að selja eignirnar rólegri sölu.

Iðnaðarhúsnæði til leigu



Óskum eftir leigjanda að um 200 fermetra iðnaðarhúsnæði að Malarhöfða 2. Tvær rennihurðir eru að húsnæðinu, sem eru 4.22 á hæð og 4.20 á breidd.

Verð er um 290 þúsund. Húsnæðið er laust strax.

Leigutími samkomulag en að lágmarki til 31. maí 2016.

Áhugasamir hafi samband við Viktor í síma 696-9420 eða sendist til Fréttablaðsins á netfangið: box@frett.is merkt „Malarhöfði“



Loksins færðu stuðning
í vinnunni

Knoll

CHADWICK STÓLLINN
SAMEINAR FALLEG FORM
OG HÁMARKSPÆGINDI.

Harpa / Skeifan 6 / Keflavíkuvöllur / 5687733 / epal@epal.is / epal.is



Tilboðsverð:

138.800kr*

Fullt verð: 198.500kr




HÖNNUÐUR: DON CHADWICK

Tækifærin sem felast í mikilli fjölgun skemmtiferðaskipa hingað óendanleg

Björn Einarsson, framkvæmdastjóri TVG-Zimsen, sem þjónustar skemmtiferðaskip sem koma til Íslands, segir vöxtinn hafa verið ótrúlegan undanfarið. Fyrirtækið hefur verið að styrkja sig í jaðarverkefnum líkt og þjónustu við skemmtiferðaskipin sem hafa aldrei verið fleiri en í sumar. Norðurslóðirnar opna einnig á frekari tækifæri.

VIÐTAL

Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is



Skemmtiferðaskip á stærð við fjölbýlishús við skipahöfnina í Reykjavík er orðin algeng sýn. Alls komu 89 skemmtiferðaskip til Reykjavíkur í sumar samkvæmt tölum frá Faxaflóahöfnum, en farþegar í þeim skipum voru í kringum 98 þúsund. Aldrei hefur slíkur fjöldi skemmtiferðaskipa lagst hér að bryggju. Tölur frá því í fyrra voru met, en þá komu hingað 80 skip og 92 þúsund farþegar. Aukningin hefur verið gríðarleg á síðustu árum en árið 2003 komu hingað fimmtíu skip með rúmlega 31 þúsund farþega. Flest hafa skipin fleiri áfangastaði á Íslandi en Reykjavík.

Flutningsmiðlunarfyrtæk- ið TVG-Zimsen er umboðsað- ili flestra þessara skipa þegar þau eru í höfn. TVG-Zimsen er dótturfélag Eimskipafélagsins en framkvæmdastjórinn, Björn Einarsson, segir mikil tækifæri felast í auknum áhuga ferðamanna á Íslandi.

„Það er ótrúlega mikill vöxtur í þessu. Ísland er að styrkjast verulega í ferðamannaiðnaðinum almennt. Hann er síðan ólíkur innbyrðis og þetta, skemmtiferðaskipin, er ein tegundin,“ segir Björn.

Hann segir þau hjá TVG-Zim- sen sjá mun stærra skip koma til landsins en áður og eðli ferð- anna sé ólíkt því sem verið hefur.

„Ísland er ekki lengur endi- lega bara hluti af „rúntinum“, það er að segja hluti af ferðum á aðra áfangastaði, heldur er það orðinn skýr áfangastaður í sjálfu sér. Ákveðinn miðpunktur. Það er nú verið að selja sér- stakar Íslandsferðir og við sjáum þær styrkjast.“

Farþegar skemmtiferðaskip- anna eru, eðli málsins sam- kvæmt, eins ólíkir og þeir eru margir. Björn segir bæði um að ræða fólk sem komi við hérna til að fara í stuttar skoðunarferð- ir sem og farþega sem vilji fá „dýpri“ ferðir.

„Það kemur einnig meira af öðrum tegundum skipa og þar sem er frekari áhersla á náttúr- una og Norðurslóðir, heldur en á stóru skipunum – þau eru nátt- úrulega bara eins og fljótandi hótél.“

Í mars á næsta ári munu til dæmis koma hingað tvö skemmtiferðaskip í sérstakar norðurljósasiglingar, sem hefur ekki áður gerst. Þá kemur skemmtiferðaskipið Disney Magic til Reykjavíkur í júlí og mun stoppa yfir nótt við Skarfabakka. Disney-skip hefur aldrei áður komið hingað til lands, en Björn segir siglinguna undir áhrifum frá kvikmyndinni Frost. Skipið er 84 þúsund rúm- lestir að stærð og tekur 1.750 farþega og mun hafa selst mjög fljóttlega upp í ferðina.

Sem umboðsaðili skipanna sér TVG-Zimsen um ólíkustu viðvik. „Við sjáum um allt frá minnstu viðvikum upp í þau stærra, til dæmis að útvega mat og vatn,



BJÖRN EINARSSON, framkvæmdastjóri TVG-Zimsen, segir Ísland vera orðið að sérstökum áfangastað skemmtiferðaskipa en sé ekki hluti af „rúntinum“ eins og áður. Í því felist gríðarleg tækifæri.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



HJÓLAÐ TIL FRAMTÍÐAR

Hjólaráðstefnan Hjólum til framtíðar
2014, okkar vegir – okkar val, verður
haldin í Iðnó á föstudaginn klukkan 9 til 16.
Nánar á www.ferdamalastofa.is

Lionssalurinn Lundur

- Jólahlaðborð
- Árshátíðir
- Þorrablot

Brúðkaupsveislur.is
Fermingarveislur.is

Cocktail .is
Veisluþjónusta

Lionssalurinn Lundur • Auðbrekku 25-27 • s. 899-8994

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur
heitt og kalt vatn

Afkastamikill
þurrkari >

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

SVEPPASÝKING Í LEGGÖNGUM

LYFIS KYNNIR Fluconazol ratiopharm 150 mg hylki fást án lyfseðils í næsta apóteki. Eitt hylki er tekið inn um munn við sveppasýkingu í leggöngum.

Fýrr á árinu hófst sala á lyfinu Fluconazol ratiopharm án lyfseðils í apótekum en lyfið hafði áður einungis verið fáanlegt út á lyfseðil,“ segir Hákon Steinsson, lyfjafræðingur hjá LYFIS, og bendir á að þar sem Fluconazol ratiopharm sé nú selt án lyfseðils geti konur nálgast það strax og á þurfi að halda en áður þurfti að fara til læknis og fá lyfseðil.

Lyfið er notað við sveppasýkingu í leggöngum af völdum gersveppsins Candida, hjá konum sem áður hafa verið greindar hjá lækni með slíka sveppasýkingu og þekkja því einkennin. Eflaust þekkja margar konur það að fá reglulega sveppasýkingu, t.d. í tengslum við sýklalyfjatöku. Það er því mikill kostur fyrir þær að geta farið beint í apótek og keypt lyfið og hafið meðferð strax. Einkenni sveppasýkingar eru mikill kláði á ytri kynfærum, eymsli, þirringur og sársauki við kynmök. Einnig roði og tiltölulega lyktarlaus útfærð sem minnir á kotasælu.



Meðferðin felst í því að konur sem hafa verið greindar með sveppasýkingu og þekkja einkennin taka einungis eitt hylki inn um munn. Hér er því um einfalda meðferð að ræða við algengum kvilla.

AÐEINS EITT HYLKI
Fluconazol ratiopharm fæst nú án lyfseðils í apótekum. Eitt hylki er tekið inn um munn við sveppasýkingu í leggöngum.

BELLA LLA VISTA ÁHRIFARÍK LEIÐ TIL AÐ VIÐHALDA GÓÐRI SJÓN



BELLAVISTA er eitt öflugasta fæðubótarefnið á markaðnum fyrir sjónina. Náttúrulegir plöntukjarnar ásamt vítamínum og steinefnum sem gegna mikilvægu hlutverki í að viðhalda góðri og skarpri sjón langt fram eftir aldri. Í BELLAVISTA er hátt hlutfall af bláberjabykkni og lúteini.

Kynntu þér BELLAVISTA á www.gengurvel.is

Fæst í flestum apótekum, heilsuþúðum og heilsuhillum stórmarkaðanna




Mikilvægt er að lesa fylgiseðil lyfsins fyrir notkun og kynna sér helstu varúðarreglur. Stutta samantekt um lyfið má sjá hér fyrir neðan.

Notkunarsvið: Fluconazol ratiopharm inniheldur fluconazol. Án ávísunar frá lækni er Fluconazol ratiopharm notað við sveppasýkingu í leggöngum af völdum gersveppsins Candida hjá konum sem áður hafa verið greindar með sveppasýkingu. **Frábendingar:** Öðrum lyfjum Fluconazol eða skyldum azól-lyfjum eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins. Samhliða meðferð með cisapríd, astemizól, terfenadíni, pimozídi, erythromycíni eða quinólóni. **Gæta skal sérstakrar varúðar ef eftirlit er á við:** Í mjólk sjúkdómum líkvikum getur Fluconazol ratiopharm valdið alvarlegum húðveirufögnum með blóðrumyndun og hóðsni (Stevens-Johnson heilakenni). Ef húðbrot koma fram á meðan á meðferð með Fluconazol ratiopharm stendur skal strax hafa samband við lækni, sem ákveður hvort nauðsynlegt sé að grípa til frekari aðgerða. Samhliða meðferð með halofantríni eða terfenadíni. Meðhönd eða suminn breyting á starfsemi hjartans (þengingu QT bóla). Samhliða notkun lyfa sem einnig geta leegt QT bóla á hjartalmaritum, t.d. lyf við hjartaltruflunum í flokki IA eða III. Trúflun í jafnvægi blóðsáttis, einkum minniþá þjáms kalíums og magnesíums. Hagur hjartsláttar sem þarfnastr meðferðar, hjartsláttartruflanir eða alvarleg hjartabilun. **Meðganga og brjóstgætt:** Ekki skal nota Fluconazol ratiopharm á meðgöngu eða við brjóstgætt. **Skammtur:** Við Candidasýkingu í leggöngum: Eitt Fluconazol ratiopharm 150mg hylki stökum skammti. Algengar aukaverkanir: Hófuþverkur, húðbrot, kvíðverkur, oppköst, niðurgangur og ógleði, breyting á lífráplöðum. **Lesið vandlega fylgiseðil sem fylgir lyfi.** SmPC: Maí 2013.

KONUKVÖLD frá kl. 19-22

10% afsláttur af öllum vörum frá kl. 19-22



Kynningar:
Einrúm – íslensk ull með silki
Kristín Brynja Gunnarsdóttir

Íslenskir fuglar – útsaumur
Philippe Ricart



“SKOTINN” SÉR UM LÉTTAR VEITINGAR



Hélène Magnússon kynnr
væntanlega bók sína
“Íslenskt þrjón”



Amma mús - handavinnuhús

Grensávegi 46, Reykjavík
Opið mán. – fös. 9-18, lau. 11-15
sími 511 3388

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndis Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Kolbeinn Kolbeinsson, kkolbeins@365.is, s. 512 5447

LYFSALINN
Glæsibæ | lyfsalinn.is | 517 5500

Hjarta-Aspirín
75 mg acetylsalisýlúra
100 magasýrupolnar töflur

20% AFSLÁTTUR



Ódýrara frá LYFIS

Opið virka daga: 8:30 til 18:00
laugardaga: 10:00 til 14:00

Við tökum vel á móti þér

Opið hús

LEIÐSÖGUNÁM OG FARARSTJÓRN ERLENDIS

Kynning á námi í máli og myndum fer fram í skólanum að Bildshöfða 18 fimmtudaginn 18. sept. frá kl. 18 til 20.



Kjartan Trausti Sigurðsson, fararstjóri til fjölda ára, mætir á svæðið.

Ferðamálastólur Íslands
Bildshöfða 18, sími 567 1466
www.menntun.is

Þurrir fætur og sigg?

Lausnin er fótamaski sem endurnýjar húðina

WOW!



IROHA nature

RADIANT in 7 Days



AUÐN Fákurinn góði á götunni sem leiðir út úr The Great Basin.

HJÓLAÐI 3.000 KM UM BANDARÍKIN

EINN Á FERÐ *Daníel Þorláksson ákvað að halda upp á útskrift úr háskóla með hjólaferðalagi um Bandaríkin. Ferðin hófst í Kanada og lauk rúmum þrjú þúsund kílómetrum síðar í Denver í Colorado.*

Þegar ég kláraði BS-próf í jarðeðlisfræði í vor langaði mig í reisu. Í fyrstu velti ég fyrir mér klassísku bakpokaferðalagi um Austur-Evrópu en þegar félagi minn sýndi mér hjólaleið á netinu sem kallast Great Divide Mountain Bike Route breyttust plönin,“ segir Daníel Þorláksson sem hélt í æði langa hjólaferð um Bandaríkin í sumar. „Ég á ættingja í Bandaríkjunum og hef dvalið töluvert í Kaliforníu og á Austurströndinni. Ég hafði hins vegar aldrei ferðast um miðbik Bandaríkjanna sem mér var sagt að væri töluvert frábrugðið ströndinni,“ segir Daníel en hann hafði enga reynslu af hjólaferðum. Hann er hins vegar björgunarsveitarmaður og hefur ríka reynslu af fjallgöngum.

ÁÐ MESTU Á MALARSTÍGUM

Hjólaleiðin sem Daníel ákvað að fara er nákvæmlega kortlögð og hægt er að kaupa kort af henni á netinu. „Leiðin er þannig upp byggð að um 80 prósent hennar eru um malarvegi, tíu prósent á malbiki og tíu prósent á einstigum,“ lýsir hann.

Ferðalagið hófst rétt fyrir utan Banff í Kanada. „Leiðin eltir vatnaskilin niður til bæjarins Antelope Wells sem er smábær við landamæri Nýja-Mexíkós og Mexíkós. Í heildina er hún um 4.000 km en ég fór ekki alla leið heldur lauk ferðalaginu í Denver sem er um 3.100 km leið,“ segir Daníel. Stór hluti leiðarinnar liggur um Klettafjöllin og fór Daníel tuttugu sinnum yfir vatnaskilin. „Vatnaskilin eiga við það þegar vatnið flæðir annaðhvort í Atlantshafið eða Kyrrahafið,“ útskýrir Daníel sem upplíði allt öðru vísi Bandaríki en hann var vanur á ferðalagi sínu. „Þetta er rosalega strjálbýlt svæði og í raun er Ísland þéttbyggðara en Montana og Wyoming, þar sem ég hjólaði mest,“ segir hann. Daníel ferðaðist einsamall en hitti þó annað veifið hjólagarpa sem voru á sömu leið. „Maður hékk með sumum í nokkra daga meðan ferðir okkar stóðust á.“

VILTIST LÍTIÐ

Daníel segir leiðina mjög vel kortlagða með nákvæmum upplýsingum um hvar eigi að beygja og hve langt er á milli gatnamóta. „Það var því frekar einfalt að rata ef maður hafði kortið en hefði verið ómögulegt án þess enda oft farið um fáfarna stíga.“ Hann segist sjaldan hafa villt. „Allavega ekki alvarlega. Stundum tók ég þó 20 km aukahring.“



Daníel hafði lítið hjólað fyrir ferðina en keypti sér hjól úti. „Ég átti síðan megnið af búnaðinum sem til þurfti en keypti hluti á borð við hraðamæli og lengdarmæli sem ég notaði langmest sem rötunartæki og svo sólarhleðslutæki,“ segir Daníel en einnig festi hann kaup á bjarnarspreyi, til að fæla burtu birni, og vatnsfilter. Hann þurfti þó aldrei á bjarnarspreyinu að halda. „Ég sá birni tvisvar á leiðinni en þeir litu varla við mér,“ segir hann glettinn.

HIRÐINGI Í 40 DAGA

Inntur eftir því sem stendur upp úr í minningunni segir Daníel það vera hið furðulega hirðingjalíf. „Það er skrítið líf að vera á nýjum stað á hverjum degi í fjórutíu daga. Eyða síðan þremur tímum í að elda, tjalda og rífa niður tjaldið,“ segir Daníel sem var mjög hrifinn af þjóðgördunum Glacier National park og Yellowstone. Besti hluti leiðarinnar að hans mati var þó The Great Basin. „Það er heljarinnar sigdalur þar sem vatnið flýtur hvorki til Kyrrahafsins né Atlantshafsins. Auðnin minnti mig dálítið á hálendi Íslands fyrir utan hitann og einhvers konar antilópur sem stukku um á fimmtíu kílómetra hraða.“

Daníel segist hafa heillast af þessum ferðamáta og langar til að endurtaka leikinn í framtíðinni. Nú liggur leiðin hins vegar til Innsbruck í Austurríki þar sem hann ætlar að nema veðurfræði og stunda skíðamennsku sér til gamans.

KLETTAFJÖLL

Umhverfið á leiðinni var stórbrotið. Hér má sjá hluta Klettafjalla í Kanada.



VIÐ VATNASKIL

Hér er Daníel á leiðinni yfir vatnaskilin í nítjándu sinn.

■ solveig@365.is

RAKI & MYGLA

MÍÐVIKUDAGUR 17. SEPTEMBER 2014

Kynningarblað Hús og heilsa, Mosey, vatnsskemmdir og mygluvarnir.



ER RAKI Í ÚTVEGGJUM?



Ef utanaðkomandi raki veldur óþægindum innanhúss, er málningakerfið fyrir útveggi frá MALIS (S-26) góður valkostur.

Kerfið samanstendur af þremur mismunandi efnum sem hvert um sig þjónar ákveðnu hlutverki. Saman veita þessi efni hámarksvörn gegn hverskonar veðuráreyti.

Bindigrunnurinn tryggir örugga festingu málningar sem yfir kemur. Hann er afar öflugur og kemur í veg fyrir flögnum.

Þéttihúðin er mjög teygjanleg og hefur góða öndun. Kemur í veg fyrir að vatn komist inni steypu. Bindst afar vel við grunninn.

Veðurkápan er ysta lagið í kerfinu. Þetta er teygjanleg akrýl málning og hrindir vel frá sér. Hægt að laga í litum.

WOODEX

TEKNOS

malis

ERT ÞÚ MEÐ SVEPPA- EÐA RAKAVANDAMÁL?



Þá er **TIMANTI CLEAN** lausnin. Er sveppa- og bakteríu verndandi málning. Hentar vel fyrir öll rými þar sem raki og sveppamyndun er vandamál. Inniheldur efni sem eyða bakteríum, sveppum og kemur í veg fyrir að slíkt myndist aftur. Hálfmött málning sem hægt er að lita í ljósum litum



TIMANTI VOTRÝMISMÁLNING
Ætluð í votrými t.d. baðherbergi og þvottahús. Auðvelt að þrifa. Glástig 20 og 40% Grunnur með 3% glástig



MÁLNINGARVERSLUN ÍSLANDS
- vörn til frambúðar
Vatnagarðar 16 - 104 Reykjavík - Sími 415 0060 - malis@malis.is

Er mygla tískubylgja?

Fyrirtækið Hús og heilsa er það fyrsta sinnar tegundar á Íslandi og varð til vegna eftirspurnar fyrir níu árum. Tilgangurinn var að nýta eigin reynslu, stofna til umræðu og efla vitund um inniloft, húsnæði og heilsufarsvanda.

Raki og mygla í húsum er ekki tískubylgja,“ segir Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir, líffræðingur og lýðheilsunemi. „Það vill enginn fylgja þeirri tísku að þurfa að flýja heimili sitt eða vinnustað. Á Íslandi á sér stað vitundarvakning um þá raunverulegu áhættu sem fylgir því að búa eða hafa viðveru í húsnæði, skóla eða vinnustað þar sem er raki og mygla, og/eða loftgæðum er ábótavant vegna uppsöfnunar á öðrum ögnum eða mengunarsvöldum. Alþjóðaheilbrigðismálastofnun (WHO) og vísindasamfélagið efast ekki um þessa áhættu.

Ef rakavandamál eru til staðar er helsta markmiðið að finna upptök, kanna ástand á byggingarefnum og lagfæra. Mygla er sjaldnast sýnileg, hún er oftast til vandræða innan í veggjum, undir gólfefnum eða í þakrymum. Mygla við rúður og í þéttiefnum getur vissulega haft áhrif en íbúar geta sjálfir í flestum tilfellum haft stjórn á því. Fræðsla til almennings og fagaðila er nauðsynleg þar sem enn þá er ekki alltaf tekið nógu alvarlega á málum, oft með skelfilegum afleiðingum. Við erum einmitt með námskeið hjá lðunni fræðslusetri núna 2. október.“



Mygla getur valdið alvarlegum veikindum, jafnvel svo að fólk þurfi að hverfa af vinnumarkaði.

ABSEND MYND

Sylgja segir það koma helst á óvart að þau einkenni sem eru hvað erfiðust og langvarandi eru ekki endilega nefrensli eða öndunarfæraeinkenni. „Alvarlegustu tilfellin eru þegar fólk hverfur af vinnumarkaði. Einkenni hverfa ekki endilega að fullu þó að húsnæði sé yfirgefið eða lagað. Margir einstaklingar verða ofurnæmir fyrir umhverfi sínu í framhaldi og lífsgæði skerðast mikið.“

Hús og heilsa þjónustar fólk meðal annars við fasteignakaup. „Hefð er fyrir því að bíll sem kost-

ar eina til fimm milljónir fari í ástandsskoðun en húsnæði sem kostar kannski fimmtíu milljónir er keypt án skoðunar. Skjólstaðingar okkar finna til einkenna á heimili eða vinnustað. Í langflestum tilfellum þar sem raki hefur verið viðvarandi má finna myglu, bakteríur og aðrar lífverur en það er hægt að laga með réttu handbragði, ráðgjöf og þekkingu. Mikilvægast er gott viðhald og forvarnir.

Frekari upplýsingar má nálgast á www.husogheilsa.is



Vatnstjón á heimilum og í fyrirtækjum nam á þriðja milljarð árið 2013.

Mikið tjón vegna vatns

Samstarfshópur um varnir gegn vatnstjóni hefur verið stofnaður. Talið er að draga megi úr tjóni með fræðslu til almennings og aukinni þekkingu fagmanna.

G ríðarlegt eignatjón, mikil óþægindi og jafnvel heilsutjón verður vegna vatnsleka, raka og myglu á íslenskum heimilum ár hvert. Tryggingafélögin bæta hluta tjónsins en verulegar fjárhæðir lenda á heimilunum.

rask, óþægindi og jafnvel heilsutjón sem getur hlotist af vatnsleka, raka og myglu.

Samstarfshópur um varnir gegn vatnstjóni

Ellefu fyrirtæki, stofnanir og samtök mynduðu samstarfshóp um varnir gegn vatnstjóni í lok síðasta árs. Samstarfshópurinn telur að mjög megi draga úr þessu tjóni með fræðslu til almennings og aukinni þekkingu og fagmennsku iðnaðarmanna.

Að samstarfshópnum standa Félag dúklagninga- og veggfóðrarameistara, Félag pípulagningameistara, IÐAN fræðslusetur, Mannvirkjastofnun, Múrarameistarafélag Reykjavíkur, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Samtök um loftgæði og tryggingafélögin Sjóvá-Almennar tryggingar, TM, VÍS og Vörður tryggingar.

Hópurinn bendir á ýmsar leiðir til að draga úr vatnstjóni. Meðal annars má nefna:

- Að láta löggilta fagmenn ávallt annast pípulagnir og frágang í votrymum (eldhús, bað, þvottahús), svo sem múrverk, flísalögn og dúklögn. Reynslan sýnir að ófagleg vinnubrögð eða fúsk getur orðið fólk afar dýrkeypt. Einnig þarf að hafa fagmenn með í ráðum um val á tækjum og efnum.
- Að auka þekkingu og fagmennsku iðnaðarmanna sem koma að frágangi í votrymum með því að gefa þeim kost á framhaldsmenntun.
- Að fólk sinni umhirðu og eftirliti með lögnum og tækjum og bregðist við til að draga úr líkum á vatnstjóni eða koma í veg fyrir það.
- Að fólk kunni að bregðast rétt við þegar vatnsleki verður. Þannig má koma í veg fyrir tjón eða draga úr því.


Átján vatnstjón tilkynnt að meðaltali á dag

Vatnstjón á heimilum og í fyrirtækjum nam á þriðja milljarð króna árið 2013 og varð langmestur hluti tjónsins á heimilum, eða 84 prósent. Tryggingafélögin bæta tjónið að miklu leyti en ljóst er að heimilin bera verulegan kostnað af vatnstjóni. Annars vegar greiða þau hundruð milljóna króna í eigin áhættu en hins vegar er mjög algengt að vatnstjón reynist ekki bótaskyld. Tilkynnt var um vatnstjón átján sinnum að meðaltali á dag, þar af voru að meðaltali fjögur tilvik ekki bótaskyld. Þetta kemur fram í tölum tryggingafélöguna sem teknar voru saman af óháðum aðila fyrir samstarfshóp um varnir gegn vatnstjóni.

455 milljónir í óbætt tjón

Bætt vatnstjón á heimilum nam nærri 1.900 milljónum króna en þar af er eigin áhætta tryggingataka um 300 milljónir. Vatnstjón í fyrirtækjum nam rúmlega 366 milljónum króna. Alls var tilkynnt um 6.700 tilvik og bættu tryggingafélögin tjónið í 5.200 tilvikum en í 1.500 tilvikum reyndist tjónið ekki bótaskyld.

Tryggingafélögin greiddu að meðaltali rúmlega 300 þúsund krónur fyrir hvert tjón. Sé meðaltalið það sama þar sem tjón var ekki bótaskyld má ætla að heimilin hafi tekið á sig um 455 milljónir í óbætt tjón. Að viðbætti eigin áhættu eru bein fjárútlát heimilanna vegna vatnsleka þá um 753 milljónir króna. Þá er ótalið



ERU MYGLU-SVEPPIR HEIMA HJÁ ÞÉR? MYGLUSVEPPAPRÓF

Vnr. 41132003
MYGLUSVEPPAPRÓF
4.695 kr.

Sjáðu myndband um myglusveppapróf á www.lagpronow.com



Einfalt í notkun



Alexeter's IAQ Pro greiningarprófið er einfalt í notkun og gefur nákvæmar niðurstöður á 5 mínútum. Það greinir margar tegundir myglusveppa sem líklegt er að hafi slæm áhrif á heilsu fólks þegar þær vaxa innanhúss.

VERÐVERND BYKO
LÆGRA VERÐ

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.

BARÁTTA VIÐ MYGLUNA

BAKTERÍUEYÐIR

Eyðir bakteríum í sveppum og slæmri lykt úr íþróttafatnaði, sótt-hreinsun án klórs.

Vnr. 4111123
RODALON,
5% lausn, 1 l.

1.895 kr.



Vnr. 42301947
Grænsápa, 4 l.

795 kr.



MYGLUEYÐIR
Drepur myglusveppi, notist aðeins við góða loftræstingu.

Vnr. 16001952
HG myglueyðir,
500 ml.

1.595 kr.

Sérhæft í raka- og mygluvörnum

Um nokkurra ára skeið hefur Mosey ehf. sérhæft sig í framleiðslu og þökkun á hreinsivörum. Fyrirtækið þakkar einnig úrvals sóttthreinsivörum og mygluvarnarefnum í neytendaumbúðir auk þess að bjóða upp á úttektir á húsnæði þar sem mygla hefur fundist.

Mosey ehf. frá Selfossi hefur um nokkurra ára skeið sérhæft sig í framleiðslu og þökkun á ýmsum hreinsivörum auk þess sem það þakkar einnig sóttthreinsivörum og mygluvarnarefnum í neytendaumbúðir. Fyrirtækið hefur einnig boðið upp á úttektir á húsnæði þeirra sem hafa fengið mygla í húsakynni sínu. Í kjölfarið fylgja svo ástandsskýrslur og verklýsingar á því sem þarf að lagfæra segir Hreggviður Davíðsson, skoðunarmaður hjá Mosey. Hann segir að raka- og mygluvandamál í húsum séu allt of algeng og iðulega vegna smávægilegra galla í byggingum. „Í sumum tilfellum þarf einungis að skipta út glerlistum á botnstykkjum glugga til að bæði gluggar og veggir losni við raka. Einnig skiptir miklu máli að steinhús séu með góða veðurvörn. Það er grátlega algengt að sjá sprungna steypa veggir sem eru fullir af raka sem síðan leitar inn þar sem mygla sest í hann. Einnig er allt of algengt að

djúpar og breiðar sprungur myndist í útvegi þar sem steypar plötur ná út í ystu brún þeirra. Það er hins vegar hægt að laga með frekar litlum tilkostnaði.“

Hreggviður er byggingameistari að mennt með framhaldsnám í ábyrgri verkstjórnun frá háskólanum í Linköping í Svíþjóð. Hann starfaði lengi við úrlausnir raka- og myglumála þar í landi og því var mikill fengur fyrir Mosey að fá hann um borð. Fyrir vikið er meðal annars að fæðast ný vörulína sem gerð er í samvinnu við aðra starfsmenn fyrirtækisins.

Málningin úrsliatatriðið

Hreggviður segir galdurinn við að verja steinhús fyrir sprungumyndunum og rakasöfnun vera málninguna. „Það verður að segjast eins og er að megnið af þeirri útmálningu sem notuð er hérlendis ræður ekki nógu vel við að verja útvegi gegn raka við erfið veðurskilyrði. Sé málningin af réttum gæðum er hins vegar hægt að



Hreggviður Davíðsson byggingameistari er skoðunarmaður hjá Mosey.

MYNDR/PIETUR

verja húsinn áratugum saman.“ Að sögn Hreggviðar uppfyllir S-26 málningarkerfið allar væntingar varðandi veðurvörn á steinhús og því sé hægt að mæla með því og sambærilegum efnum. Höfuðatriðið er að öndunarstuðull málningar sé réttur og að hún teygist en springi ekki. „Reynslan sýnir að

þetta málningarkerfi er alls staðar að standa sig. Nú er komin átta ára reynsla á kerfið hérlendis auk þess sem ég hef persónulega góða reynslu af þessu málningarkerfi.“

Hreggviður bendir einnig á að loftun yfir einangrun og þökum sé víða ófullnægjandi og raunar stórt vandamál hérlendis. „Þar sem þök eru brotin og annar þakflöturinn kemur að vegg hafa menn verið með svokallaða hliðarloftun. Hún byggir á lofttúðum í öðru til þriðja hverju sperrubili og síðan er borað í sperrur á milli túðanna. Þannig loftun er allsendis ófullnægjandi því þá safnast hitinn saman efst í sperrubilunum og verður þar að raka. Við höfum hins vegar hannað loftunarlista sem leysa þessi vandamál.“

Einstök efni

Hreinsiefnin sem Mosey býður upp á eru flest hver einstök í sinni röð að sögn Hreggviðar. „Sturtu-, baðs- og flísahreinsirinn hefur til dæmis getu til að hreinsa burt

myglu. Síðan seinkar „Myglueyðirinn“ komu myglunnar þó svo að valdurinn að myglunni sé ekki lagfærður strax. Það þýðir einfaldlega að fólk sem býr við myglu en hefur ekki möguleika til að fara í lagfæringar á húsnæðinu getur í flestum tilfellum haldið myglunni í skefjum þar til efnahagurinn leyfir lagfæringar.“

Síðan eru líka sóttthreinsiefnin frá Mosey í algjörum sérklassa. „Sem dæmi þá er Mosey með sóttthreinsi fyrir heita potta með loftnuddi. Ein meðhöndlun með sóttthreinsinum endist í allt að sex mánuði þannig að örverur og annar óþverri nær ekki að lifa í leiðslunum og stútunum í pottunum. Handsóttthreinsirinn er líka ótrúlega góður og heldur höndum sýklafríum í þrjár klukkustundir en hann er án alkóhóls og allra ilmefna.“

Vörurnar frá Mosey fást í verslunum Húsasmiðjunnar, Málningarverslun Íslands við Vatnagarða og í Málningarbúð Ísafjarðar.



Hreinsar burt myglu og útfellingar frá heita vatninu.



Varnar mygluvesti og seinkar komu hennar í raka.



Hindrar myglu í að setjast í þvottavélar.



Heldur höndunum sýklafríum í allt að þrjár klukkustundir.



Óflugur ofnahreinsir sem auðveldar vinnuna.



Hentar vel til allra almennra þrifa.




Ein meðhöndlun endist í allt að sex mánuði.



RÁÐ TIL VARNAR MYGLU

- Þegar verið er að elda verður gufan að komast út, opnið glugga eða komið fyrir gufugleypí.
- Hafið gluggann opinn eða gufugleypinn í gangi í allt að tuttugu mínútur eftir að eldamennskunni lýkur.
- Hafið lokið á pottum og pönnum meðan eldað er og látið ekki vatn sjóða að óþörfu.
- Lokið eldhús- og baðherbergisdýrum meðan eldað er eða farið er í bað eða steypibað svo gufan dreifi sér ekki inn í önnur kaldari herbergi.
- Að lokinni matseld og baði skal opna milli herbergja svo loft streymi á milli.
- Hafið glugga í hverju herbergi opna í einhvern tíma á hverjum degi til að loftskipti verði í íbúðinni.
- Þurrkið strax upp alla bleytu og raka sem myndast innanhúss.
- Tryggið að loft geti leikið um húsgögn og skápa. Hafið til dæmis örlítið bil milli veggjar og skápa og athugið að útveggir eru kaldari en innveggir.
- Þurrkið þvott utandyra þegar hægt er.
- Lokið opnum fiskabúrum og hafið í huga að gæludýr og pottablóm gefa frá sér raka.

www.homesforharingey.org
www.ust.is



MYGLAN FJARLÆGD

Mygla vex aðeins þar sem raki er nægur. Þegar mygla kemur í ljós þarf fyrst að finna hvaðan rakinn kemur en aðalorsakir hans eru lekar vatnslagnir, niðurföll eða flóð upp úr niðurföllum, lek þök, stíflaðar rennur, leki með gluggum, brotnar lagnir og biluð loftræstikerfi. Þetta kemur fram á vef Umhverfisstofnunar, ust.is. Þegar tekist hefur að finna upp-þök raka og draga úr honum eða eyða, er næsta skref að ákveða hvort hægt sé að fjarlægja mygluna án aðstoðar fagmanna. Þegar mygla má rekja til byggingargalla og/eða mygla er í byggingarefni, er ráðlegt að leita til fagmanna. Ef mygluvöxt má rekja til rakabéttningar, mygluflöturinn er minni en einn fermetri og stafar ekki frá frárennislögnum eða niðurföllum geta íbúar líklega sjálfir leyst vandann með því að fara eftir leiðbeiningum sem finna má á vef Umhverfisstofnunar eða leiðbeiningum annarra sem þekkingu hafa á þessum málum.

SVEPPAMYNDUN Í ÞVOTTAVÉLUM

Á síðu Leiðbeiningarstöðvarinnar, www.leiðbeiningastod.is, er fjallað um sveppamyndun í heimilistækjum, til dæmis í þvottavélum. Þar segir að sveppamyndun í þvottavélum leyni sér ekki, það komi vönd lykt af þvottinum og sveppurinn sé sýnilegur með berum augum t.d. í sápuhólfinu. Sveppurinn þrífst í raka og er talið að aukin notkun mýkingarefna og þvottaefna með ensímum eigi þar hlut að máli.

Gefin eru ráð á síðunni um hvernig eigi að takast á við mygluna:

- **Byrja** að skoða hvort dökkgrátt slím

(gulleitt í byrjun) er í sápuhólfi vélarinnar. Ef svo er þá er best að byrja á að þrifa hólfið, taka það í sundur ef hægt er. Nota óblandað Rodalon (fæst í lyfjaverslunum) sem sett er í skál/fat og og nota bursta við verkið (flöskubursta) og fara vel í öll horn hólfsins. Einnig er hægt að setja efnið í úðabrusa, úða vel í hólfið og skrúbba síðan. Gæta skal þess að nota gúmmíhanska við verkið. Taka síu eða sigti á sama hátt. Nauðsynlegt er að þrifa einnig gúmmíhring og gler í hurð vel. Helst með óblönduðu efni. Áhrifaríkast er að setja Rodalon í sápuhólf og tóma tromluna,

stilla á 40°hita og láta vélna taka inn á sig vatn smástund, slökkva síðan á henni og láta standa í henni yfir nótt. Kveikja á henni aftur og láta ganga út.

■ **Til** að koma í veg fyrir sveppamyndun er mælt með því að þvo af og til á suðu þar sem sveppamyndun lifir ekki af slíkan hita. Þó þarf ávallt að fylgjast með sápuhólfinu sem ekki hitnar jafn mikið.

■ **Góð** regla er að að þurrka sápuhólf, gúmmíhring og gler eftir notkun og skilja vélna eftir opna á milli þvotta.



MÁNUDAG
20:05

GULLI BYGGIR

Gulli byggir á mánudögum!

Gulli byggir eru þættir þar sem breytingar og lagfæringar á húsnæði eru mál mállanna. Hér fylgjumst við með lagfæringu á húsi í Stykkishólmi, færur eldhús í Langagerði, byggjum garðhús í Grafarvogi, breytum baðherbergi á Dalvík, fylgjumst með heilu húsi rísa frá grunni í Skerjafirði, svo eitthvað sé nefnt. Eitt verkefni verður tekið fyrir í hverjum þætti.

Ljósraði og heimasími fylgir sjónvarpsáskrift í þrjú ár!

Sex sjónvarpsstöðvar, internet og heimasími í þrjú ár, Tónlist.is í þrjá mánuði og aðild að Vild á aðeins 8.490 kr. Enginn binditími fyrir internet og heimasíma!

8.490 kr. + 0 kr.

Innifalið er 10GB erlent niðurhal og 100 mínútur í heimasíma. Þriggja mánaða uppsagnarfrestur er á Skemmtipakkanum. Greiða þarf 2.610 kr. aðgangsgjald.

0 KR.
Internet og heimasími fylgir Skemmtipakkanum
Fullt verð: 3.490 kr.



Fáðu þér áskrift! **365.IS**

20% afsláttur af smurþjónustu

Einn aðal þáttur í reglulegu viðhaldi bíls er að passa að **vélin sé smurð á réttum tíma**. Láttu okkur um að smyrja bílinn, -notum aðeins hágæða olíu frá Olís. Tökum Olískort.

Havoline 



BÍLAR & FARARTÆKI

Bílalíf



SJÁLFSKIPTUR MOLI
MAZDA 3 h/b t plus. Árg. 2008, ek. 94þ.km, sjálfskiptur. Einn eigandi. Gæða eintak!!! V: 1.790þ. Rnr.125946. Er á staðnum - Bílalíf.



TRAFIC - DÍSEL
RENAULT Trafic háþekja. Árgerð 2008, ek. 112þ.km., dísel, sjálfskiptur. Rennihurðir beggja vegna, klæddur. Verð 2.480þ. Rnr.125956. Er á staðnum - Bílalíf


Bílalíf
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opið virka daga 10-18
www.bilalif.is

bilfang.is

S. 567 2000



DIESEL !
Jeep Grand Cherokee Limited DIESEL (NEW) 07/2014 Leður glerþak , vel búinn Okkar verð 10 5 mil !!! Skipti möguleg



DIESEL / 7 MANNA !
Audi Q7 S-line DIESEL 02/2008 ek 100 þ.km Leður 20" felgur ny dekk topp þjónusta (sjá myndir 125174) verð 5.8 mil !!! skipti möguleg



RAFMAGN ER FRAMTÍÐIN !
Nissan Leaf SL RAFMAGNSBÍLL 09/2013 (mód 2014 ek 12 þ.km Leður ofl Okkar verð 3990 þús !!!

Bílasalan Bílfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
www.bilfang.is

ÍSABAND.IS

BÍLHINNPLÚTNINGUR



NÝ A-LINER SOFA BED
ÚTSALA, A-liner Classic Sofa Bed, Ísskápur, Truma, álfelgur, hár og flottur vagn, ATH aðeins 2 stk í boði, Verð 2.690.000kr , Er á staðnum hjá okkur,

Íslensk-Bandaríska ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbæ
Sími: 534 4433
Opið virka daga 10-18.00 og lau 11-15
<http://www.isband.is>

KRÓKUR



KRÓKUR
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
<http://www.krokur.net>

667 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN

BÍLALÍFNAVAHVAÐIÐ



MERCEDES-BENZ ML 250 bluetec 4matic . Árgerð 2014, ekinn 9 PKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 11.500. Rnr.312472.



SKODA Yeti. Árgerð 2013, ekinn 43 PKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.750. Rnr.312197.

Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nyja.is

HEIMSBÍLAR



HONDA Cr-v i-v-tec 150 hö. Árgerð 2003, ekinn 193 PKM, bensín, 5 gírar. tilbodsverð 890.000. Rnr.322652. ásett verð 1090þ, nýtt í bremsum að framan. uppl s 567-4000



PORSCHE Cayenne S. Árg. 2005, ek 116 PKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.490.000. Rnr.335292. lítur mjög vel út, ný dekk. Gott staðgreiðsluverð, skoðar skipti á ódýrari, uppl s 567-4000

Heimsbílar
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 5674000
<http://heimsbilar.is>

STÓRA BÍLASALAN



NISSAN MICRA VISIA. Árgerð 09/2008, ekinn aðeins 44 PKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.390.000. Er á staðnum. Rnr.156572.



NISSAN Kubistar dci. Árgerð 07/2008, ekinn 88 PKM, dísel, 5 gírar. Verð 1.290.000. Er á staðnum . Rnr.156431.

Stóra bílasalan
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
<http://www.stora.is>

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

TSKYTTA ÖVIÐGANGI EÐA ÓLOGLEGT EFNÍ A NETINU

SAFT

Komdu og gerðu góð kaup!

Núna er tíminn...



Verð 1240 þús. !!!
Hyundai I 10 GL 06/2012
ek. 79 þ.km
Góður bill



Verð 1880 þús. !!!
Hyundai I 30 Classic
(nýrri útlit) 06/2012
ek. 84 þ.km



Verð 3480 þús. !!!
Hyundai IX 35 GLS 4X4
ek. aðeins 41 þ.km 06/2011
sjálfskiptur, hálfleður ofl



Verð 3580 þús.!!!
NISSAN QASHQAI SE
Árgerð 2011. Ekinn 51 þ.KM
Sjálfskiptur.



Verð 3190 þús. !!!
Skoda Octavia Ambiente
Diesel 06/2012 ek. 66 þ.km
Mjög gott eintak



Verð 3190 þús. !!!
Suzuki Grand Vitara
Premium + 06/2011 ek. 81
þ.km sjálfskiptur Cruise A/C



Verð 2750 þús. !!!
Suzuki Jimny JLX 06/2012
ek. 46 þ.km beinskiptur



Verð 1790 þús. !!!
Suzuki Swift GL 06/2012
(nýrri lag) ek. 98 beinskiptur
Góð þjónusta



Verð 7980 þús. !!!
Toyota Landcruiser 150 GX
Diesel (8 manna) 06/2012 ek.
69 þ.km sjálfsk. Flottur jeppi



Verð 3890 þús. !!!
Nissan X-Trail Diesel 06/2011
ek. 71 þ.km Sjálfskiptur
Frábært eintak !



Verð 3750 þús !!!
Nissan Qashqai SE DIESEL
06/2012 ek. 71 þ.km 6 gíra
vel búinn Gott verð !



Verð 2390 þús. !!!
Suzuki Grand Vitara 4X4
6/2009 ek. 86 þ.km 2.0 L
bensín Sjálfsk. góð þjónusta



Verð 2590 þús. !!!
Suzuki Grand Vitara Luxery
DIESEL 06/2009 ek. 92 þ.km
Leður lúga ofl Dúndurkaup !



Verð 2590 þús. !!!
Suzuki Grand Vitara 06/2010
ek. 87 þ.km 5 gíra



Verð 1890 þús. !!!
Suzuki Swift GL 06/2012
(nýrri lag) ek. 83 beinskiptur
Góð þjónusta



Gunnar



Trausti



Benni

Kíktu við ...við erum í samningastuði...

bilfang.is

S. 567 2000

Bílasalan Bílfang
Malarhöfða 2
110 Reykjavík
bilfang@bilfang.is

sjá um viðgerðir á bilunum um borð eða fara með farþega til tannlæknis ef þess þarf.“

Tækifærin sem í þessu felast eru óendanleg. Björn segir fyrirtækið í samstarfi við nokkur önnur um að koma íslenskum vörum á framfæri í þessi skip.

„Við höfum búið til hugtak sem kallast „Flavor of Iceland“ þar sem við viljum selja meira af íslenskum afurðum, matvælum eða öðru, meðal annars íslenskt grænmeti og mjólkurafurðir, um borð í skipin. Staðan núna er sú að þau fylla sig til dæmis í Kaupmannahöfn og víðar í Evrópu en við viljum ná að stíga inn í þessa þróun og ná að koma íslensku afurðunum um borð og kynna samkeppnishæfni þeirra hvað gæði og verð varðar. Það er ljóst að við höfum margt að bjóða í þessu, eins og til dæmis mjólkurafurðir, fisk, vatn og margt fleira.“

Björn segir þetta ganga vel, en það sé hins vegar langhlaup.

„Maður verður að skilja að þetta er ekki spretthlaup til að ná árangri í þessu. Það er svólitíð íslenska leiðin að halda að maður vinni sigurinn á morgun en það er ekki þannig í þessu. Þessi iðnaður er íhaldssamur og við gerum okkur grein fyrir að það tekur tíma að byggja svona upp.“

Miklar sveiflur eru í ferðamannaíðnaðinum almennt eftir árstíðum og Björn segir það ekki síður eiga við um skemmtiferðaskipin.

„Skipin byrja að koma í maí og klára sig af í lok september. Kúfurinn og toppurinn er algjörlega þessir björtustu sumar mánuðir. Við höfum verið að sjá meiri áhuga á vetrarmánuðunum en það eru þá frekar minni skip sem eru að horfa til sérstakra ferða til norðurlóða og

annað slíkt. Það er aukinn áhugi á slíku. En það verður aldrei eins stórt og björtustu sumarmánuðirnir.“

Stjórnendur TVG-Zimsen sjá einnig mikil tækifæri í auknum áhuga á norðurlóðum.

„Við höfum verið að stilla saman strengi með Grænlandi og Færeyjum í samstarfi sem kallast, NAA, North Atlantic Agency, og viljum vinna með þessum þjóðum að því að búa til sameiginlega vöru sem hægt er að bjóða þessum stóru útgerðum sem sigla um öll heimsins höf. Við viljum gera þetta að einu markaðssvæði, Ísland, Færeyjar og Grænland, og bjóða upp á lausnir í því,“ segir Björn.

Aðspurður hvort Ísland geti tekið endalaust við skipum á stærð við íbúðarblokkir segir Björn að hann telji að við eignum að vera stórhuga.

„Þetta er kannski frekar spurning um þolmörk ferðaiðnaðarins í heild. Ég tel að við eignum að vera stórhuga og halda áfram að reyna að stækka okkur meira. Við þurfum hins vegar að setja okkur viðmið og skilgreina vöruna sem við erum að bjóða hér á landi.“

Björn segir TVG-Zimsen hafa einbeitt sér vel að þessum iðnaði, það er að þjónusta skemmtiferðaskipin, sem er þó í raun ekki beinn hluti af kjarnastarfsemi félagsins.

„Við höfum gert það undanfarin ár að styrkja og stækka fyrirtækið í svokallaðri jaðarstarfsemi, eins og skemmtiferðaskipunum. Annar fókus hjá okkur er til dæmis að við erum að sjá um mikið af kvikmyndaverkefnum sem koma hingað,“ segir Björn og nefnir sem dæmi þættina Game of Thrones og Sense 8.

„Þetta er flutningur á búnaði



Á STÆRD VIÐ HÓTEL Skemmtiferðaskipið Royal Princess kom til Reykjavíkur um síðustu helgi. Það var þjónustað af TVG-Zimsen. Skipið er 330 metrar að lengd og getur tekið 3.600 farþega.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

til og frá landinu og öll umsýsla hérlandis. Það er gríðarlegt umfang í kringum þetta og þessir kunnar eru mjög kröfuharðir og það skiptir máli að vera með allar lausnir til taks sem hægt er.“

Þrátt fyrir þessi jaðarverkefni sem TVG-Zimsen hefur sinnt af krafti undanfarið eru það alhliðaflutningslausnir í innflutningi sem er kjarnastarfsemin.

„Við sinnum helst meðalstórum og smærri fyrirtækjum. Þar erum við í svokölluðu safngámaakerfi í sjófrakt, bjóðum flugfrakt, heilgámalausnir frá Asíu og fleira. Þetta eru svokallaðar „door-to-door“ lausnir með tollafgreiðslu og akstri og er sniðið að því sem innflytjandinn þarf. Við komum inn í ráðgjöfina og klárum málið með öflugri og persónulegri þjónustu fyrir viðskiptavinum okkar. Þetta er okkar markaður.“

SAGA TVG-ZIMSEN

TVG-Zimsen varð til við samruna Tollvörugeymslunnar hf. og Skipaafgreiðslu Jes Zimsens hf. Áður hafði Tollvörugeymslan hf. yfirtækið starfsemi Almennu tollvörugeymslunnar hf. á Akureyri. Rætur fyrirtækisins liggja allt til ársins 1894 er Jes Zimsen stórkaupmaður hóf rekstur umfangsmikils verslunarfyrirtækis í Reykjavík.

Skipaafgreiðsla var deild innan þess þar til hún varð sjálfstætt fyrirtæki árið 1932 og var þá kölluð Skipaafgreiðsla Jes Zimsens. Starfsemin hefur breyst verulega í árunum rás og eigendaskipti hafa orðið nokkrum sinnum. Í upphafi hafði skipaafgreiðsludeild Jes Zimsens umboð fyrir Sameinaða gufuskipafélagið (DFDS), danskt fyrirtæki sem var í siglingum milli Íslands og Danmerkur. Með breyttum samgöngum, breyttum viðskiptaháttum og auknum innflutningi hóf Skipaafgreiðsla Jes Zimsens að taka að sér aðra þjónustu. Í fyllingu tímans varð fyrirtækið síðan að alhliða flutningsmiðlun sem gat boðið heildarlausnir í flutningum.

Tollvörugeymslan hf. var stofnuð árið 1962 af hópi manna sem Helgi K. Hjálms-son leiddi. Fyrirtækið bauð geymsluaðstöðu fyrir ótollafgreiddar vörur og varð fljótt umsvifamikilið á sínu sviði.

Árið 1996 sameinuðust fyrirtækin undir nafninu TVG-Zimsen sem bauð alhliða flutningsþjónustu, svo sem flugsendingar, hraðsendingar, sjósendingar, tollskjalagerð, verðútreikninga, endursendingar, umhleðslusendingar (transit), tollvörugeymslu og frívæðisþjónustu svo eitthvað sé nefnt.

Í febrúar 2004 flutti TVG-Zimsen alla vöruhúsastarfsemi sína frá Héðinsgötu í nýtt húsnæði Vöruhótelisins á Sundabakka 2. Vöruhótelid ehf. er sameignarfélag TVG-Zimsen og Eimskips og sér um alla vöruhúsþjónustu TVG-Zimsen. Skrifstofuaðstaða TVG-Zimsen er í Korngördum 2 og einbeitir fyrirtækið sér að starfsemi flutningsmiðlunar, þ.e. sjófrakt, flugfrakt og skjalagerð.

Ford Explorer

7 manna lúxusjeppi

FORD EXPLORER 4WD 7 MANNA
3,5 V6 290 HESTÖFL
6 ÞREPA SJÁLFSKIPTUR

FRÁ **9.350.000 KR.**
KOMDU OG PRÓFAÐU



Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverzlun og verkstaðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

ford.is

Hleypur ekki heldur leggur fyrr af stað

Teitur Björn Einarsson var ráðinn aðstoðarmaður fjármálaráðherra í ágúst síðastliðnum. Hann starfaði áður á lögmannsstofnunum OPUS og LOGOS. Teitur er uppalinn á Flateyri og segir stjórnmál vera sitt aðaláhugamál.

SVIPMYND

Haraldur Guðmundsson | haraldur@frettabladid.is

„Ég þurfti að aðlagast þessu á fyrsta degi því þá var verið að undirbúa fjárlagafrumvarpið og tengd frumvörp en fyrstu fimm mínúturnar voru rólegar,“ segir Teitur Björn Einarsson, aðstoðarmaður Bjarna Benediktssonar, fjármála- og efnahagsráðherra, um sitt nýja starf.

Teitur hóf störf í fjármálaráðuneytinu um miðjan ágúst en hann hafði þá starfað hjá OPUS lögmonnum frá árinu 2011.

„Hlutverk aðstoðarmanna er fyrst og fremst fólgið í að aðstoða ráðherra við að sinna sínum starfskyldum og það er það sem er fram undan hjá mér. Þingið var að koma saman og það er alltaf skemmtilegur tími þegar það færast fjör í hinn pólitíska leikvang og það má búast við skemmtilegum vetri enda mörg spennandi mál á dagskrá,“ segir Teitur.

Hann útskrifaðist úr lagadeild Háskóla Íslands árið 2006 og er stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík.

„Mér tókst að útskrifast þaðan en ég var á eðlisfræðibraut II og ætlaði á einhverjum tíma að verða efnafraeðingur. Svo gerðist eitthvað sem varð til þess að ég fór í lögfræðina. Það er ekki gott að



FLATEYRINGUR Teitur var formaður Orators, félags laganema, og sat í ritnefnd Úlflióts, tímarits laganema. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

segja hverju það sætir en lögfræðin, pólitíkin og samfélagsmál heilluðu meira eftir því sem á leið.“

Teitur réði sig í starf fulltrúa á lögmannsstofnunni LOGOS að loknu námi og starfaði þar í eitt ár og sinnti þar verkefnum á sviði skatta- og félagaréttar. Eftir það tók við þriggja ára tímabil þar sem hann aðstoðaði við rekstur

fiskvinnslunnar Eyrarodda á Flateyri og sat þar í stjórn og framkvæmdastjórn.

„Flateyri er minn heimabær og þar er ég uppalinn. Ég reyni að vera duglegur að fara þangað því þar er hún móðir mín búsett. Þar er gott að vera og slaka á og njóta lífsins. Römm er sú taug er rekka dregur föðurtúna til.“

RÓMANTÍSKT NÁTTÚRUBARN



„Ég hef þekkt Teit í meira en fimmtán ár – við unnum saman í Vöku og í ungliðastarfi Sjálfstæðisflokksins en fyrst og fremst í kringum

vefritið og félagsskapinn Deigluna, þar sem hann hefur verið einn af mættarstólpunum í mörg ár. Ekki síst félagslega þar sem hann dregur ekki af sér. Teitur er stálgreindur og harðduglegur. Hann nálgast verkefni sín og umhverfi jafnan af mikilli virðingu og högværð og hefur svo þægilega nærveru að hlutirnir eiga til að leysast farsælega þegar hans nýtur við. Fáir eru skemmtilegri á góðri stund, og áreiðanlegri á raunastund. Betri vin og samstarfsmann er því tæpast hægt að hugsa sér.“

Þórlindur Kjartansson
rekstrarstjóri Meniga



„Teitur Björn er einn af mínum uppáhaldsfélögum. Hann hefur gríðarlegan áhuga á pólitík, setur sig auðveldlega inn í mál, er

vel lesinn, gagnrýninn og skemmtilegur. Undanfarnir ár höfum við verið samferða í pólitísku starfi sem treyst hefur vinaböndin. Teitur er talsmaður frjálslýndis og umburðarlyndis og gagnrýnir hart ef honum finnst umburðarlyndið fara í manngreinaralit. Hann er rómantískt náttúrubarn sem fer á veiðar, með bakpoka og tjald, byssu eða stöng, spilar á píanó, kann skil á ólíkum trjátégundum, hefur oft nærri því orðið úti og veit örugglega hvað fiskarnir eru að hugsa.“

Áslaug Friðriksdóttir
borgarfulltrúi

Stjórnmál hafa lengi verið aðaláhugamál Teits og hann segir það forréttindi að hafa fengið tækifæri til að sameina vinnu og áhugamál.

„Eins furðulega og það kann að hljóma. Það er ekki mikið svigrúm fyrir önnur áhugamál en flest allt sem viðkemur samfélagsmálum og félagslífi vekur áhuga minn. Ég er merkilega laus við alla íþróttaiðk-

un og segi til dæmis við fólk sem hleypur mikið að ég leggi bara alltaf fyrr af stað. En það kemur fyrir að maður fari í fjallgöngur,“ segir Teitur og heldur áfram:

„Að vísu á ég annað áhugamál því ég spila stundum nokkur lög á píanó. Það er best að spila í einrúmi svo aðrir heyrir ekki hversu lélegur maður er.“

LÚSAKAMBUR

MEDISANA®
made for Life

3ja ára
ábyrgð!

Medisana 41015

ÍSLENSKUR
LEIÐARVÍSIR

Vandaður og góður rafmagns lúsakambur sem fjarlægir höfuðlús og egg einfaldlega með því að greiða í gegnum hárið. Innbyggður hreinsibursti.

ÚTSÖLUSTADIR: HAGKAUP, SAMKAUP, BYGGT OG BÚIÐ,
NETTÓ, HEIMILISTÆKI OG APÓTEK UM LAND ALLT.



VERDLÆKKUN Á RAFTÆKJUM Allar vörur sem bera vörugjöld munu lækka sem nemur gjöldunum hjá Ormsson og Samsungsetrinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ormsson og Samsungsetrið bregðast við komandi skattabreytingum:

Afnema vörugjöld og lækka verð strax

Ormsson og Samsungsetrið hafa ákveðið að afnema vörugjöld og lækka verð í samstarfi við sína stærstu birgja. Frá og með 17. september munu þær vörur sem bera vörugjöld lækka í öllum verslunum Ormsson og í Samsungsetrinu. Mörg algeng heimilistæki eins og þvottavélur, þurrkarar, ofnar og helluborð munu lækka um 17 prósent. Sjónvörp og hljómtæki munu lækka um 20 prósent.

„Við fögnum fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar þar sem lagt er til að afnema vörugjöld af raftækjum frá og með áramótum, á sama tíma og lagt er til að lækka virðisaukaskatt. Þetta kemur nær öllum heimilum í landinu til góða þar sem nú geta landsmenn fjárfest í raftækjum sem eru ending-

arbetri, umhverfisvænni og nýta orku betur,“ segir Einar Þór Magnússon, framkvæmdastjóri Ormsson.

Hann segir afnám vörugjalda bæta hag allra landsmanna og það sé sanngirnismál sem bæti samkeppnisstöðu innlendrar verslunar gagnvart erlendri verslun og tryggi þannig störf.

„Einnig mun þessi lækkun virðisaukaskatts og vörugjalda væntanlega hafa áhrif til lækkunar á neysliverðsvísitölunni sem hefur áhrif á öll verðtryggð lán og ýmsa kostnaðarliði sem tengdir eru þeirri vísitölu. Ormsson og Samsungsetrið vilja nú sem endranær vera í fararbroddi að bjóða viðskiptavinum góða vöru á hagstæðu verði,“ segir Einar.

TÖKUM GAMLA PRENTARA UPP Í NÝJA EPSON PRO FYRIR 20.000 KRÓNUR!

AÐEINS 3 DAGAR EFTIR!



69.990
~~VERÐ 89.990~~

29.990
~~VERÐ 49.990~~

49.990
~~VERÐ 69.990~~

EPSON

WorkForce Pro

LOSADU FYRIRTÆKIÐ VIÐ ÓHAGKVÆMA PRENTARA

Það er ekki verðið á prentaranum sem skiptir mestu máli, heldur kostnaðurinn við að reka hann. Ódýrustu prentararnir eru yfirleitt dýrastir þegar upp er staðið. Komdu með gamla og óhagkvæma prentara til okkar og leyfðu okkur að farga þeim við hátíðlega athöfn. Í staðinn færðu glænýjan Epson Workforce Pro með 20.000 króna afslætti, nýjustu tækni og getur lækkað prentkostnað um allt að 50% í samanburði við vinsæla laserprentara. Sparnaður sem getur numið hundruðum þúsunda hjá fyrirtækjum sem prenta mikið.

Nánari upplýsingar í s. 414-1710 og sala@tl.is

tl.is

TÖLVU LISTINN

FYRIRTÆKJAFJÓNUSTA

FRAMLEIÐENDURNIR **STEVEN SPIELBERG** OG **OPRAH WINFREY**
BJÓÐA ÞÉR UPPÁ SANNKALLAÐA VEISLU

Helen
MIRREN

Om
PURI

Manish
DAYAL

Charlotte
LE BON



FROM THE AWARD-WINNING DIRECTOR OF "CHOCOLAT"

The HUNDRED-FOOT JOURNEY

BASED ON THE BELOVED, BEST-SELLING NOVEL



"A TRUE MASTERPIECE"



Charlotte Observer

"A FEAST FOR THE SENSES"



Arizona Republic

"DELICIOUS FOR THE SOUL"



New York Observer

"LEAVING YOU FULFILLED AND SMILING...HARD!"



Front Row

KOMIN Í KVIKMYNDAHÚS UM LAND ALLT

ECILSHÖLL

uno

SAMBIÓN

5,5% HÆKKUN

Aflamark í ágúst

Heildaraflí íslenskra skipa var 5,5% meiri í ágúst 2014 en í sama mánuði árið 2013. Aflí jókst í öllum botnfisktegundum nema ýsu. Samanburður á 12 mánaða tímabilum á milli ára leiðir í ljós að botnfiskafli er svipaður á milli ára á meðan 33% samdráttur hefur orðið í uppsjávarafli á tímabilinu.

600 MILLJÓNIR

Dýr áburðarverksmiðja

Áburðarverksmiðjan sem Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður Framsóknarflokksins, hefur lagt til að ríkið kanni hagkvæmni og möguleika á að reisa, á að kosta 120 milljarða króna samkvæmt greinargerð með frumvarpinu. Ef 200 störf verða til í verksmiðjunni þýðir það að 600 milljóna króna fjárfesting sé á bak við hvert framtíðarstarf.

13.09.14 Af hverju er enginn búinn að stofna hollvinasamtök ÁTVR nú þegar sótt er að þeirri stofnun sem hefur glatt svo marga í gegnum tíðina? Mér þykir rétt að við sem stóðum klukkutímum saman í biðröð fyrir utan Ríkið á Lindargötunni og Snorra-braut ættum að taka okkur saman og berjast gegn þessari aðför að ÁTVR.



Brynjar Nielsson,
þingmaður Sjálfstæðisflokksins.

36 FULLTRÚAR MÆTTIR

Priðja þing ASÍ-UNG

Þing ASÍ-UNG var haldið í síðustu viku undir yfirskriftinni: „Samfélag fyrir alla... líka unga fólkið.“ Þingið samþykkti ályktun þar sem meðal annars kemur fram að það krefjist þess að sveitarfélög hafi leikskóla opna yfir sumartíma, starfsdagur og aðrir fridagar í leik- og grunnskólum verði samræmdir, heimild fái til að nýta hluta af eigin veikindarétti til að sinna veikindum barna og að fæðingarorlof verði lengt, þakið hækkað og 80% hámark afmunið.



Hin hliðin

BJARNVEIG EIRÍKSDÓTTIR HDL.

Vandræðagangur á interneti

Ég heyrði af því um daginn að ísbúð ein í Reykjavík flokkaði viðskiptavinina sína eftir þjóðerni. Þar á bæ væri lagt meira á túristaís en annan ís. Þetta er vonandi flökkusaga. Frásögn af athæfi nokkurra vel þekktra fjölþjóðlegra bílaleigufyrirtækja í Evrópu er ekki flökkusaga. Þau mismuna eftir þjóðerni. Viðskiptavinir þessara fyrirtækja sem ekki verða nafngreind hér munu hafa ítrekað lent í því þegar þeir bóka bílaleigubíl í öðru landi í gegnum internetið að fá ekki jafn hagstætt verð og íbúar í heimaríki bílaleigunnar. Sumar bílaleiguflokkar nefnilega viðskiptavinir sem panta á netinu eftir IP-tölu eða upplýsingum um heimili. Þessir viðskiptavinir fá sjálfkrafa hærra verð hjá bókuarvél eða geta jafnvel ekki pantað þjónustu. Skiptir ekki máli þótt þeir ætli að nota bifreiðina í viðkomandi ríki þar sem bílaleigan er staðsett.

Sameiginlegur markaður?

Þrátt fyrir sameiginlegan markað og sameiginlegar leikreglur blasa enn hindranir við einstaklingum og fyrirtækjum sem stunda viðskipti milli ríkja í EES. Evrópuþingmálinn er öflugur málsvari neytenda. Vel þekkt er mál Englendinganna sem laumuðust til að kaupa sér afruglara frá Grikklandi til að geta horft á grískar gervihnattarsendingar frá ensku meistardeildinni en áskriftargjöld í Grikklandi voru lægri en hjá Sky sem hafði einkarétt til sýninga í Bretlandi. Gríska sjónvarpsstöðin og Meistaradeildin fóru í mál við Englendingana. Málið fór í forurskurð hjá Evrópuþingmálinum sem stóð með Englendingunum þar sem áskriftin var til einkanota. Sagði dómstóllinn slíkar hindranir á sölu á afruglurum milli ríkja vera brot á samkeppnisreglum og reglum um þjónustufrelsi. Vegna forurskurðarins hóf framkvæmdastjórn ESB nýverið rannsókn á dreifingarsamningum bandarískra kvikmyndafyrirtækja við stóru sjónvarpsfyrirtækin í Evrópu. Sagði framkvæmdastjóri samkeppnismála að skoða þurfi hvort þessir dreifingarsamningar hindruðu einstaklinga í að fá aðgang að áskriftarsjónvarpi í öðrum ríkjum og hvort samningarnir sem skipta upp mörkuðum eftir landamærum standist samkeppnisreglur.

Hvað er til ráða?

Fjölmarginir neytendur hafa kvartað undan fjölþjóðlegu bílaleigunum. Framkvæmdastjórn ESB hefur sent bílaleigunum bréf og hvatt þær til að breyta þessum viðskiptaháttum þar sem þeir brjóti gegn þjónustutilskipun ESB. Eftirlitsaðilar neytendamála í hverju landi hafa eftirlit með svona viðskiptaháttum. Neytendur sem telja að fyrirtæki í öðru landi hafi brotið á sér geta farið á heimasíðu neytendaeftirlits í EES sem heitir EEC-Net og fundið þarlandan eftirlitsaðila. Sameiginlegur markaður myndast ekki með sameiginlegum reglum einum saman. Neytendur og fyrirtæki þurfa að standa vörð og láta í sér heyra.

Með allt á hreinu undir borði

Hágæða uppþvottavél undir borð fyrir atvinnueldhús



20% afsláttur

Með **Comenda Redline** uppþvottavélinni nærðu fram margþættri hagræðingu. Bæði tekur uppþvottavélin lítið pláss þar sem hún fer undir borð en einnig hafa verkfræðingar Comenda náð að þróa uppþvottavél sem fer sparlega með rafmagn og vatn. Þægileg, umhverfisvæn og aðgengileg vél. Falleg og faguð hönnun úr ryðfríu stáli.

- Hurðap 530 x 375 mm
- Mjög hljóðlát - með hljóðfilter skv. CE stöðlum
- Hurð með öryggislokun
- Sjálfvirk vatnshæðarstilling
- Hitastýrð vatnslögn
- Vatnsdæla fyrir þvott og skolun bæði uppi og niðri

Verð nú kr. 241.200,- án vsk.



Veit á vandaða lausn

Tilboð gildir meðan birgðir endast

Verið velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16. Opið mán - fös 8.30 - 17.00
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is



LAND ROVER Range Rover Vogue V8 Diesel. Árg 1/2007, ek 95 ÞKM, dísel 273hó, sjálfsk, Einn með öllum aukahlutum og lítur mjög vel út, Ásett verð 7.990.000. Rnr.118883. Er á staðnum,

100 bílar ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.00, Lau 11-15
www.100bilar.is

BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949



M.Benz G GL 500 4Matic 2/2007 ek.58þús. Sjálfskiptur. Leður. Topplúga. Ásett verð 7.490.000.- Rnr.286848



Toyota Rav4 Gx Diesel ek.38þús. Sjálfskiptur. Skoðar skipti á ód. Ásett verð 6.150.000.- Rnr.310914



Honda CR-V Elegance 6/2009 ek.69þús. Sjálfskiptur. Dráttarbeisli. Ásett verð 3.590.000.- Rnr.287008



M.Benz C 200 Kompressor 7/2005 ek.105þús. Sjálfskiptur. Topplúga. TILBOÐSVERÐ 1.650.000. Rnr. 286625

www.bilarydvor.is
S. 587 1390

Bílahöllin
Bíldshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.



Kia Sportage EX 4wd. Árgerð 2013, ekinn 42 ÞKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.390.000. Rnr.210358. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



MERCEDES-BENZ GL 450 4matic. Árgerð 2006, ekinn 128 ÞKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.990.000. Rnr.990600.



SUZUKI Grand vitara premium+ (cruise, a/c, álfelgur). Árgerð 2011, ekinn 23 ÞKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.890.000. Rnr.240245.



VW Passat highline. Árgerð 2006, ekinn 129 ÞKM, bensín, 6 girar. Verð 1.490.000. Rnr.990923.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is

Bílar til sölu



KAUPUM BÍLA HÆRRA UPPÍTÖKURERÐ
Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílnum. Sendu okkur upplýsingar í gegnum www.seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð.



SPARIBAUKURI!
Daihatsu Cuore árg 2009, ek. 50 þús, 5 girar beinsk.gott eintak, sumar og vetrardekk. TILBOÐ 990.000,- Uppl. í s. 843 4384.

250-499 þús.




TILBOÐSVERÐ 499ÞÚS STG
Renault Megane sport tourer 1.6 árg .04. ek. 158þús km. sko .15. bs, heilsársd., göður bíll. ásett v:890þús. Tilboðsverð aðeins 499þús stgr ! möguleiki á 100% vísaláni. s:659-9696



TILBOÐSVERÐ AÐEINS 299ÞÚS!
Opel Astra 1.2 árg .01. ek 185þús km. ný skoðaður. 5 d, bs, mjög eyðslugrannur og heill bíll. michelin heilsársdekk. Tilboðsverð 299þús stgr. möguleiki á 100% vísaláni. s:659-9696

Bílar óskast



STAÐGREIÐI BÍLA 0-500 ÞÚS!
Óska eftir að kaupa bíla á allt að 300 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ,01, skoða allt er með pening og pappír klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

0-400 STAÐGREITT
Vantar bíl á verðinu 0-400. Skoða allt. Jeppa, fólkabíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 857 9326.

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Mótorhjól



Til sölu Harley Davidson. Flott hjól Softail standart. Árg. 2007 ekið 13.000. Verð 2.350.000 kr. Uppl. 893-5489.

Bílaþjónusta

BendPak

Hágæða bandarískar vökvadrifnar bílalyftur.

Stál og Stansar ehf.
VAGNHÖFÐI 7 • SÍMI 512 5000
stalogstansar@stalogstansar.is



BÍLL DAGSINS
Nissan Murano AWD
Nýskráður 7/2007, ekinn 108 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 1.900.000

Tilboð kr. **1.390.000**



PEUGEOT 206
Nýskráður 8/2005, ekinn 76 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 890.000



PEUGEOT 508SW Active
Nýskráður 6/2011, ekinn 80 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
Verð kr. 3.290.000
Tilboð kr. 2.990.000



SKODA Superb Ambition TDI
Nýskráður 6/2011, ekinn 81 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
Verð kr. 3.590.000



FORD Escape XLS 4WD
Nýskráður 9/2007, ekinn 133 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 1.790.000



HONDA CR-V Panorama
Nýskráður 4/2007, ekinn 102 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 3.190.000



NISSAN Note
Nýskráður 10/2007, ekinn 79 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð kr. 1.230.000



PEUGEOT 208 Active Navi
Nýskráður 8/2014, sýningarbíll frá umboði, bensín, 5 girar.
Verð kr. 2.590.000



NISSAN X-Trail SE
Nýskráður 2/2011, ekinn 63 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
Verð kr. 4.750.000

Opnunartími
Mánudaga - föstudaga milli kl. 10:00 og 18:00
Laugardaga milli kl. 12:00 og 16:00

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Bílaþjónustanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

fasteignir

STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

FÉLAG FASTEIGNASALA **vísir**

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!

FASTEIGNIR.IS

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Lágholtsvegur 7 - Reykjavík.

OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.15-17.45

OPIÐ HÚS

Glæsilegt og vel staðsett einbýlishús, hæð og ris, samtals 128,6 fm. að stærð auk kjallara sem er u.þ.b. 73 fm. að stærð en er ekki með fullri lofthæð. Heildarstærð eignarinnar með kjallara er því um 201,6 fm. Hellulagt plan fyrir framan hús með tveimur sér bílastæðum. Húsið var flutt á staðinn árið 1984 og byggt var við það sama ár. Á þessum tíma var húsið allt endurnýjað, m.a. járn á húsi og þaki, raflagnir, vatnslagnir, gler, gluggar o.fl. Skjólgóð verönd til suðurs út af stofum og svalir til austurs út af hjónaherbergi. **Verð 59,9 millj Verið velkomin**

atvinna

Ræstingar - morgunvinna

Ræsting 5 morgna í viku mánud. - föstud.

Áhugasamir sendi svar á box@frett.is

merkt Ræsting fyrir 18. september

SMIÐIR
VERKAMENN
MÚRARARERUM MEÐ VANA SMIÐI,
VERKAMENN OG MÚRARAR SEM
ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
HANDAFL EHF

S. 777 2 333

STRÁ



Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

styrkir

Hagþenkir

félag höfunda fræðiritar og kennslugagna

AUGLÝSING UM STYRKI -
Umsóknarfrestur rennur út
24. september kl. 15.

Hagþenkir, félag höfunda fræðiritar og kennslugagna, auglýsir eftir umsóknum um þóknarir og ferða- og menntunarstyrki, síðari úthlutun.

Þóknarir vegna ljósritunar, stafrænnar fjölföldunar o. fl.

Óskað er eftir umsóknum um þóknarir vegna ljósritunar úr fræðiritum og kennslugögnum í skólum og öðrum stofnunum hins opinbera og vegna stafrænnar fjölföldunar í háskólum skólaárin 2012-2013. Til úthlutunar eru allt að 5.000.000.- kr.

Þóknarir til réttahafta á fræðslu- og heimildarmyndum

Óskað er eftir umsóknum handritshöfundar, sem eru rétt-hafar á fræðslu- og heimildarmyndum og þáttum sem sýndir voru í sjónvarpi árin 2011-2013, um þóknarir sem Hagþenkir greiðir í framhaldi af gerðardómi um skiptingu tekna Innheimtumiðstöðvar gjalda af geisladiskum, myndböndum og myndbandstækjum. Til úthlutunar eru allt að 100.000.- kr.

Ferða- og menntunarstyrkir 2014 - fyrir félagsmenn Hagþenkis, síðari úthlutun

Óskað er eftir umsóknum um ferða- og menntunarstyrki Hagþenkis vegna síðari úthlutunar. Rétt til að sækja hafa þeir sem hafa verið félagar í Hagþenki í eitt ár og eru skuldlausir við félagið. Heimilt er að sækja um vegna ferða sem farnar voru á árinu. Umsækjendur skulu senda skrifstofu Hagþenkis afrit af ferðakostnaði og skilagrein fyrir áramót. Til úthlutunar eru allt að 2.000.000.- kr.

Allar nánari upplýsingar, úthlutunarreglur, rafræn eyðublöð og eyðublöð fyrir skilagreinar eru á heimasíðu félagsins: www.hagthenkir.is. Umsækjendur fá rafræna staðfestingu um að umsókn hafi borist.Hagþenkir, félag höfunda fræðiritar og kennslugagna
Hringbraut 121, 4.h. 107 Reykjavík. Sími 551 9599
www.hagthenkir.is Netfang: hagthenkir@hagthenkir.is

Við náum til fjöldans

Við sjáum um örugga dreifingu á fjölpósti

Póstdreifing dreifir fjölpósti sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins. Mælingar sýna að 60% landsmanna skoða fjölpóst og er hann því áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin. **Örugglega til þín.**

Nánari upplýsingar veitir söludeild í síma 585 8300.

Póstdreifing

Póstdreifing | Vatnagörðum 22 | 104 Reykjavík | Sími 585 8300 | www.postdreifing.isÁbendingahnappinn má finna á
www.barnaheill.is



KL. 20:30

Léttir sprettir

Rikka fer hringinn í kringum landið í þessum nýju þáttum og skoðar spennandi útivist við allra hæfi.

Frábært miðvikudagskvöld

KL. 20:50

Restless

Fyrri hluti breskrar framhaldsmýndar sem byggð er á samnefndri skáldsögu eftir William Boyd um ástir, svik og undirferli.



NÝTT!

KL. 22:20

Covert Affairs

Þriðja þáttaröðin af Covert Affairs sem fjallar um unga konu sem ráðin er til starfa hjá bandarísku leynipjónustunni, CIA.



KL. 23:05

Enlightened

Þáttaröð frá HBO um konu sem fær andlega vakningu eftir að hafa verið á barmi taugaáfalls.



KL. 22:00

The Company You Keep

Dramatísk mynd með Robert Redford og Shia LeBeouf í aðalhlutverkum.



KL. 19:25

Baby Daddy

Gamanþáttaröð um ungan mann sem verður óvænt faðir þegar stúlkubarn er skilið eftir á dyraprepi hans.



KL. 07:00 - 20:00

Barnaefni alla daga

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Fáðu þér áskrift! **365.IS**

SUDOKU

5	7		3	2	6		
2			4	6	5		
	4			8			
		5	2			6	
6			5		4	3	1
			8	3	4		
	2	7					
	6			1	7		
1	9	4			3		

LÉTT

5	3	4		8	7		
	1			7			
	2	7		4	3		
		2	4		8		
3					5		9
	6			1	8		3
1	4	5		7			
	7				4	6	
		3	2				

MIDLUNGS

	4			8		1	
	8		9				6
				4			
3	5				1	6	
		6	8	2			
		9					
	9	3	2			4	
				6			2
				4	3		9

PUNG

5	4	8	3	6	9	2	7	1
6	1	9	2	4	7	8	5	3
2	7	3	5	8	1	6	9	4
3	5	1	4	9	8	7	6	2
9	8	4	6	7	2	1	3	5
7	6	2	1	3	5	4	8	9
1	2	6	7	5	3	9	4	8
4	9	5	8	1	6	3	2	7
8	3	7	9	2	4	5	1	6

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur

PONDUS



Eftir Frode Øverli

GELGJAN



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

BARNALÁN



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SPAKMÆLI DAGSINS

„Sálin er auður líkamans.“

William Shakespeare.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

KROSSGÁTA

LÁRÉTT

2. læra, 6. hljóm, 8. kopar, 9. tækifæri, 11. tónlistarmaður, 12. kompa, 14. yfirstéttar, 16. tímaeining, 17. skammstöfun, 18. festing, 20. tveir eins, 21. veikja.

LÓÐRÉTT

1. lýð, 3. tveir eins, 4. eyja, 5. struns, 7. köldusótt, 10. skap, 13. spor, 15. þekking, 16. fiskur, 19. tveir eins.

LAUSN

15. skyn, 16. áll, 19. mm. 5. ark, 7. malarlara, 10. geð, 13. far, LÖBTRÉTT: 1. fólk, 3. ee, 4. síkiley, 17. rek, 18. ílm, 20. yy, 21. lama. 11. k, 12. klér, 14. aðals, 16. ár, LÁRÉTT: 2. lesa, 6. óm, 8. eit, 9. lag.

SKÁK

Gunnar Björnsson

Einar Hjalti Jensson (2.349), Skákfélaginu Hugin, vann glæsilegan sigur á Alexei Shirov (2.701) á EM tafífélaga sem nú er í gangi í Bilbao. Hvítur á leik:



Eftir að hafa yfirspilað stórmeistarann sundur og saman gerði Einar Hjalti út um skákina á afar smekklegan hátt: 47. h4! Shirov gafst upp enda getur drottningin ekki bæði valdað d8-reitinn og hrókin. www.skak.is Ýtarleg umfjöllun um sigur Einars.



DAGUR RAUÐA NEFSINS

TAKK!

Um leið og við bjóðum nýja heimsforeldra UNICEF hjartanlega velkomna í hópinn þökkum við öllum heimsforeldrum fyrir ómetanlegan stuðning við sameiginlega baráttu okkar fyrir réttindum barna um allan heim.

Auk þess færum við öllum þeim sem lögðu málstað okkar lið með stökum gjöfum kærar þakkir.


Loks þökkum við þeim ótal einstaklingum, listafólki, skemmtikröftum og fyrirtækjum sem styrktu UNICEF og gerðu dag rauða nefnsins þannig mögulegan. Framlag ykkar er ómetanlegt.

RÚV og Vodafone voru ómissandi bandmenn á degi rauða nefnsins og færum við þeim sérstaklega góðar þakkir fyrir.

unicef 



Þessi birting er kostuð af:

 Alvogen  mpbanki

MENNING

Ný bók um Hercule Poirot

Þótt Agatha Christie hafi legið í gróf sinni í 38 ár kom á dögnum út ný skáldsaga með einni frægustu persónu hennar, Hercule Poirot, í aðalhlutverki. Það var rit höfundurinn Sophie Hannah sem réðst í það stórvirki að skrifa sögu um þennan fræga einkaspjara.

Bókin nefnist The Monogram Murders og þar aðstoðar Poirot lögreglumann hjá Scotland Yard, Edward Catchpool, við lausn á flókinni morðgátu.

Hannah hefur látið hafa eftir sér að hugmyndin hafi kviknað við lestur bókar Anthony's Horowitz um Sherlock Holmes, The House of Silk. „Það er ekta Sherlock-saga og mig langaði að ná fram sömu áhrifum,“ sagði hún í viðtali við The Telegraph um helgina.

Bókin er fáanleg sem rafbók á amazon.com ef æstir aðdáendur geta ekki beðið.

Lítill spenna í tölvuvæddum Latabæ

LEIKLIST ★★★★★

Ævintýri í Latabæ

Frumstýnt 14. september 2014 í Þjóðleikhúsinu

HANDRIT: MAGNÚS SCHEVING, ÓLAFUR S. K. PORVALDZ OG MÁNI SVAVARSSON

LEIKSTJÓRN: MAGNÚS SCHEVING OG RÚNAR FREYR GÍSLASON

AÐALLEIKARAR: STEFÁN KARL STEFÁNSSON, MELKORKA DAVÍÐSDÓTTIR PITT, DÝRI KRISTJÁNSSON, HALLGRÍMUR ÓLAFSSON, SVANDÍS DÓRA EINARSDÓTTIR O.FL.

TÓNLIST OG SÖNGTEXTAR: MÁNI SVAVARSSON

Í Latabæ er gott að vera. Áhorfendur á „Ævintýri í Latabæ“ eru fullvissaðir reglulega um að „sólín skín skærast“ í þessum litla bæ sem er verndaður af Íþróttálfinum sem hvetur alla til að borða hollan mat og hreyfa sig. En ekki er allt sem sýnist og þegar yfirborðinu er flett af fyrirfinnst Glanni glæpur í hverju horni og svarthol þar sem hjarta sýningarinnar á að vera.

Glanni glæpur er hinn eiginlegi miðpunktur sýningarinnar og fær flestar af bestu setningunum. Stefán Karl er flottur á köflum með ágætum stuðningi „skemmtikraftanna“ en grínið hans Glanna verður fljótlega þreytt. Ekki er úr miklu að móða fyrir Melkorku í hlutverki Sollu stírðu en hún á góða spretti, sérstaklega í dansatriðunum. En slakastur er sjálfur Íþróttálfurinn en Dýri er hvorki afgerandi í hlutverkinu né fær nægilega fjölbreytt verkefni. Leikararnir sem bera af eru Hall-

grímur (Nenni níski) og Svandís Dóra (Stína símalína) sem koma með skemmtilegar áherslur og leikgleði.

Gríðarstór skjár gnæfir yfir sviðið og er þungamiðja leikmyndarinnar en er sjaldan notaður á sviðsvænan hátt. Ferðalög á milli staða eiga sér stað á skjá frekar en á sviði, lítið annað heldur en tölvuvætt þrjál. Lítill spenna fylgir skjámynd af holunni sem Íþróttálfurinn festist í, hvað þá að hjálpa honum að ná í epli sem er hreinlega ekki til. Sviðshreyfingum er stýrt af hljóðmyndinni, frekar en öfugt, sem veldur hiki í sýningunni. Leikmyndin er því undarlega flöt og leikarar þurfa oftast en ekki að gefa sviðsmyndinni pláss frekar en að njóta stuðnings frá umhverfinu.

Handritið er gallað og óþarflega langt miðað við þunnan söguþráð. Lykilatriði í sögunni eru kynnt á undarlegan hátt: Solla fer í dansskóla án þess að hafa nefnt slík áform áður og „Íþróttanammitréð“ verður allt í einu miðpunktur sýningarinnar án þess að áhorfendur vissu af tilvist þess. Heil borg og hópur af hiphopkrökkum birtist stutta stund en sjást síðan aldrei meir. Tónlistin og lögin eru poppuð og keyra sýninguna áfram fyrir hlé en virðast byggð á sama taktinum, eru innihaldslítill og nær hverfa eftir hlé.

Aftur á móti skal viðurkennt að flest börnin virtust skemmta sér vel og til þess er kannski leikurinn gerður hjá leikstjórunum Magnúsi og Rúnari Frey. Hávær, taktföst tónlist, leyfi til þess að taka virkan þátt í sýningunni og



ÆVINTÝRI Í LATABÆ „Ekki er úr miklu að móða fyrir Melkorku í hlutverki Sollu stírðu en hún á góða spretti, sérstaklega í dansatriðunum.“

persónur sem allir þekkja verða til þess að stundum byggist upp góð stemming í salnum. En sýningin sem slík er afleit, einsleit og fer í endalaus hringi til þess eins að enda á upphafsreit.

Sigríður Jónsdóttir

NIÐURSTAÐA: Plastútgáfa af þunnri sögu. Litskrúðug sviðsetning, dúndrandi tónlist og flóknar tæknibrellur en skilur lítið eftir sig.

„Aftur á móti skal viðurkennt að flest börnin virtust skemmta sér vel og til þess er kannski leikurinn gerður hjá leikstjórunum Magnúsi og Rúnari Frey.“

FUDGE Þú kemst fljótt að!
FUDGE ...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE
FUDGE
FUDGE
FUDGE
FUDGE
FUDGE
FUDGE
FUDGE
FUDGE
FUDGE
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

Íslenskur Dala Kastali - blár og hvítur

Mjúkir og bragðmildir mygluostar með ljúfu eftirbragði. Tilvaldir einir og sér, tveir saman – eða með öðrum. Gríptu með þér Kastala í næstu verslun.

NÝJAR UMBÚÐIR



KAMPAKÁTIR Óttarr Proppé alþingismaður, Sigurður Ólafsson verkefnastjóri, Max Dager, forstjóri Norræna hússins, og Einar Már Guðmundsson rithöfundur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Taka við skrifstofu bókmenntaverðlauna

Skrifstofa Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs verður í Norræna húsinu í Reykjavík.

Við munum taka yfir alla daglega umsýslu hvað þessi verðlaun varðar og skrifstofa verðlaunanna verður hér í húsinu,“ segir Sigurður Ólafsson, verkefnastjóri í Norræna húsinu, spurður hvaða þýðingu það hafi að skrifstofa Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs verði framvegis þar til húsa. „Það hefur í árána rás þýtt að sjá um öll samskipti við dómnefndina, Norðurlandaráð og norrænu ráðherranefndina, auk fjölmiðla.“

Skrifstofan hefur hingað til verið innan sænska þingsins og Sigurður segist telja að Norræna húsið sé að mörgu leyti betur í stakk búið til að sinna þessu verkefni. „Vonir okkar standa til að verðlaunin geti haldið áfram að vaxa og dafna og að þessi breyting verði til að auka veg þeirra enn frekar.“

Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs eru meðal þekktustu og virtustu bókmenntaverðlauna

„Vonir okkar standa til að verðlaunin geti haldið áfram að vaxa og dafna og að þessi breyting verði til að auka veg þeirra enn frekar.“

Sigurður Ólafsson, verkefnastjóri í Norræna húsinu

heims sem veitt eru innan afmarkaðra tungumálasvæða og skipa sér þar í flokk verðlauna eins og Booker-verðlaunanna, sem veitt eru á engilsaxnesku málsvæði, og Goncourt-verðlaunanna frönsku. Þau hafa frá árinu 1962 verið veitt árlega, bókmenntaverki skrifuðu á einu norrænu tungumálanna. Meðal höfunda sigurvekanna eru margir af fremstu rithöfundum Norðurlandanna á undanföllum áratugum. Íslensk verk hafa sjö sinnum hlotið Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs.

-fsb

FIMM RÉTTA ÓVISSUFERÐ MEÐ VINUNUM.

Gamli góði

20
BITAR

Hangikjöt, eggjasalat og fint brauð. Roastbeef, remúlaði, steiktur laukur og fint brauð. Rækjusalat og fint brauð.



3.550 kr.

Eðalbakki

20
BITAR

Hangikjöt, piparrótarsósa, salatmix og kornbrauð. Beikon, egg, steiktir, ferskir sveppir og fint brauð. Kjúklingur, rautt pesto, sýrður rjómi, paprika, salatmix og kornbrauð.



3.550 kr.

Tortilla veislubakki

30
BITAR

Reykt skinka, egg, jöklasalat. Tikka masala kjúklingur, jöklasalat. Kjúklingaskinka, smurostur, ofnbakaðir tómatar, salatmix.



3.950 kr.

Tortilla ostabakki

30
BITAR

Spínat, rauðlaukur, fetaostur, lauksósa. Lúxusskinka, smurostur, salatmix. Reyktur lax, rjómaostur, salatmix.



3.950 kr.

Lúxusbakki

20
BITAR

Reyktur lax, jöklasalat, chantillysósa, fint brauð. Kjúklingur, egg, lauksósa og kornbrauð. Kalkúnn, beikon, tómatar, sinnepsósa og kornbrauð.



3.550 kr.

Tortilla heilsubakki

30
BITAR

Heilhveititortilla, hummus, paprika, salatmix. Heilhveititortilla, reyktur lax, salatmix, rjómaostur. Tómatortilla, spínat, fetaostur, rauðlaukur, lauksósa.



3.950 kr.

Ávaxtabakki

10
MANNS

Vínber, melónur, ananas, appelsínur, perur og fleiri góðir ávextir allt eftir árstíðum og framboði.



2.690 kr.

Pítubakki

24
BITAR

Tikka masala kjúklingur og issalat / Reykt skinka, eggja- og issalat.



3.550 kr.

Kökubakki

24
BITAR

Eplakaka / Súkkulaðikaka / Gulrótarkaka.



3.190 kr.

Bragðgóðir fundir og ljúffengar veislur.

Viltu bjóða upp á margréttaða óvissuferð á næsta fundi? Viltu hafa spennandi hlaðborð í veislunni? Við bjóðum upp á ferska og ljúffenga veislubakka með fjölbreyttum brauðréttum, tortillum og kökum og jafnvel ávöxtum. Það er auðvelt að velja og

panta á netinu og við bjóðum ókeypis heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu ef pantaðir eru 4 bakkar eða fleiri. Munið að panta þarf bakkana eigi síðar en kl. 15:30 daginn fyrir afhendingu.



Pantaðu í síma 565 6000 eða á somi.is.



Ferskt á hverjum degi

Plómulituð augu í tísku í vetur

Þessi fallegi en óvenjulegi augnskuggalitur var vinsæll á tískuvíkunni í New York. Nú er um að gera að prófa sig áfram með litinn í vetur.



Verður þú Íslandsmeistari í Ökuleikni?

Laugardagur
20. september

Ökuleikni á rútum kl. 12
Ökuleikni á truckum kl. 14

Meirapróf er skilyrði fyrir þátttöku.

Keppnirnar fara fram á svæði Ökuskóla 3 við Borgartún í Reykjavík. Skráning og nánari upplýsingar eru á www.brautin.is og í síma 588 9070.

Sunnudagur
21. september

Opin Íslandsmeistarakeppni í
Ökuleikni á fólksbílum kl. 13.

ÖKULEIKNI
2014

Brautin - bindindisfélag ökumanna



BJÓRÁHUGAKONUR Pær Unnur og Elín hafa mikinn áhuga á bjór.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Stofna félag fyrir konur sem elska bjór

Unnur og Elín Oddný standa fyrir stofnfundi Félags íslenskra bjóráhugakvenna. „Eina sem skiptir máli að konurnar hafi áhuga á bjór.“

„Þetta byrjaði út frá því að það fauk í okkur einhvern tímann þegar við vorum að tala um að okkur þætti viss bjór góður. Þá heyrðist í einhverjum strák að við vissum ekkert um það, þetta væri ekki stelpubjór,“ segir Unnur Tryggvadóttir Flóvenz sem ásamt Elínu Oddnýju Sigurðardóttur stendur fyrir stofnun Félags íslenskra bjóráhugakvenna. Þær Unnur og Elín eru báðar miklar bjóráhugakonur og ákváðu að stofna félagið til þess að geta deilt áhuga sínum með sem flestum kynsystur sínum. Skilyrðin fyrir inngöngu í félagið er að vera kona og að hafa áhuga á bjór.

„Það er svo oft tengt við bjór að þetta sé bara áhugamál stráka. Við höfum báðar mikinn áhuga á bjór og finnst skemmtilegt að þæla í mismunandi tegundum. Við ákváðum að

þetta gæti verið skemmtilegt félagsstarf fyrir konur sem hafa áhuga á bjór,“ segir Unnur, sannfærð um að geta breytt því að bjóráhugi sé einungis tengdur við áhugasvið karla.

Sjálf segir hún sinn bjóráhuga hafa kviknað þegar hún var í heimsókn hjá systur sinni í Þýskalandi fyrir nokkrum árum. „Við vinur minn fórum á bar þegar systir mín var á kóræfingu. Þar fékk ég besta hveitibjór í heimi sem var bruggaður á staðnum og eftir það varð ekki aftur snúið,“ segir hún.

Undirtektir við stofnun félagsins hafa verið vonum framan og hafa nú þegar um 60 konur boðað komu sína á stofnfundinn. Unnur segir þær ekki hafa mótað stefnu félagsins að öðru leyti en því að félagskonur þurfi að hafa áhuga á að bjór. „Planið er að hittast allavega einu sinni til tvisvar

„Það er svo oft tengt við bjór að þetta sé bara áhugamál stráka. Við höfum báðar mikinn áhuga á bjór og finnst skemmtilegt að þæla í mismunandi tegundum.“

Unnur Tryggvadóttir Flóvenz.

á önn. Við ætlum að byrja bara á að hittast á þessum stofnfundi, spjalla og ræða hvað við getum gert. Hið eina sem skiptir máli er að konurnar hafi áhuga á bjór.“

Stofnfundurinn verður haldinn á Microbar 2. október næstkomandi klukkan 17 en nánari upplýsingar er hægt að finna á Facebook-síðu viðburðarins. viktoriah@365.is



Við skutlum Júlíu heim

Birtingur treystir okkur fyrir öruggri dreifingu á Júlíu

Póstdreifing

Póstdreifing | Vatnagörðum 22 | 104 Reykjavík | Sími 585 8300 | www.postdreifing.is

Minna að fletta meira að fréttu

Frábært úrval afþreyingar, ferskar fréttir, fjölbreytt efnisval, myndrænt viðmót og færri flettingar.

Þess vegna var visir.is kosinn **besti fréttu- og afþreyingarvefur ársins á íslensku vefverðlauninum 2012.**

visir.is



BESTI FRÉTTA- OG AFÞREYINGARVEFURINN

Úr umsögn dómnefndar: „Vefurinn býður upp á margskonar afþreyingu auk gífurlegs úrvals fréttu. Vefurinn er léttur og skemmtilegur auk þess sem einfalt og fljótlegt er að finna það efni sem leitað er að.“

Súpergrænt pestó og frækex

Þessi pestó-uppskrift er með þeim einfaldari og hollari sem fyrirfinnst. Ekki er verra að það er á sama tíma ótrúlega bragðgott, bæði fyrir bragðlaukana og sálina. Frækexið er örflítið flóknara en frábært að eiga til sem millimálabita með alls kyns gómsætu álegg.

Súpergrænt pestó

½ brokkolí
8 grænkálsslauf
2-3 hvítlauksrif
40 g steinselja
40 g basillauf
80 g valhnetur
80 ml ólífuolía
safí af einni sítrónu
salt

Frækex

40 g chia-fræ
40 g sólblómafræ
40 g graskersfræ
40 g sesamfræ
200 ml vatn
1 tsk. ítalskt hvítlaukskrydd
1 msk. ferskt saxað rósmaurín
sjávarsalt, eftir smekk

Hitið ofninn í 150°C. Setjið allt saman í skál og látið standa í 5 mínútur. Deigið á að vera svolítið þykkt í sér. Dreifið deiginu á smjörpappírsklædda ofnplötu 5-6 mm þykkt. Bakið í 30 mín. Takið kex úr ofni, leggið smjörpappír ofan á og snúið við. Skerið kexið í bita, setjið aftur í ofninn og bakið áfram í 30 mínútur.



GRÆNT OG FERSKT Pestóið og frækexið er bæði einfalt og hollt.

Númer 1 í Þýskalandi

**LIQUI
MOLY**

Liqui Moly hefur verið valið í fjórum sjálfstæðum könnunum í Þýskalandi, besta vörumerkið í olíuvörum fyrir bíla.

Nútíma vélar þurfa bestu smur- og hreinsiefnin til þess hámarka nýtinguna á eldsneytinu og lágmarka mengandi útblástur samkvæmt ríkjandi mengunarstöðlum.

Liqui Moly sérhæfir sig í efnavörum fyrir bíla og framleiðir öll smurefni samkvæmt stöðlum bílaframleiðenda.

Notaðu Liqui Moly efnavörur og þú hámarkar virkni vélarinnar en lágmarkar eyðsluna.

Er ekki kominn tími til að nota Liqui Moly á bílinn þinn?



Auto Bild DIE BESTEN
MARKEN
IN ALLEN KLASSEN

LESERWAHL
BEST BRAND
2013
KATEGORIE
Schmierstoffe
**auto
motor
of sport**

LESERWAHL
BEST BRAND
2013
KATEGORIE
Schmierstoffe
**Motor
Klassik**

Auto
ZEITUNG
TOP
MARKE
2012



Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

ALFABAKKA

THE HUNDRED-FOOT JOURNEY	KL. 5:30 - 6 - 8:30 - 9 - 10:10	L
SIN CITY: A DAME TO KILL FOR	2D: KL. 10:30	L
SIN CITY: A DAME TO KILL FOR VIP	2D: KL. 5:40 - 8 - 10:20	L
TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES	3D: KL. 5:50 - 8	L
TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES	2D: KL. 6:20	L
INTO THE STORM	KL. 10:20	L
STEP UP: ALL IN	KL. 8	L
FLUGVÉLAR: BJÖRGUNARSVEITIN	KL. 2D: KL. 6	L
GUARDIANS OF THE GALAXY	2D: KL. 8	L

EGILSHÖLL

THE HUNDRED-FOOT JOURNEY	KL. 5:20 - 8 - 10:20	L
SIN CITY: A DAME TO KILL FOR	2D: KL. 5:40 - 8 - 10:20	L
NINJA TURTLES	3D: KL. 10:35 - 10:40 - 8	L
GUARDIANS OF THE GALAXY	2D: KL. 5:20 - 10	L
INTO THE STORM	KL. 8	L

KRINGLUNNI NÚMERIÐ SÆTI

THE HUNDRED-FOOT JOURNEY	KL. 5:40 - 8 - 10:40	L
SIN CITY: A DAME TO KILL FOR	2D: KL. 10:10	L
TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES	2D: KL. 5:50 - 8	L
FADING GIGOLO	KL. 6 - 8	L
GUARDIANS OF THE GALAXY	2D: KL. 10:10	L

KEFLAVÍK

THE HUNDRED-FOOT JOURNEY	KL. 8	L
SIN CITY: A DAME TO KILL FOR	2D: KL. 10:35	L
LET'S BE COPS	KL. 8	L
THE NOVEMBER MAN	KL. 10:15	L

AKUREYRI

THE HUNDRED-FOOT JOURNEY	KL. 8	L
TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES	3D: KL. 5:50 - 8	L
SIN CITY: A DAME TO KILL FOR	2D: KL. 10:10	L
FLUGVÉLAR: BJÖRGUNARSVEITIN	KL. 2D: KL. 6	L
INTO THE STORM	KL. 10:35	L

TRYGGÐU PÉR MIÐA Á **SAMBIO.IS**

Frestar tónleikaferð

Söngkonan Lana Del Rey sendi á mánudag frá sér tilkynningu þess efnis að hún þyrfti að fresta tónleikaferð sinni um Evrópu.

Ástæðuna segir hún vera veikindi sem hún sé búin að glíma við í hátt í tvö ár. „Ég er bara alltaf veik, það er bara orðinn partur af lífi mínu. En lækarnir geta ekki fundið



út hvað er að hrjá mig, þetta er eitthvað mjög sjaldgæft“, segir söngkonan.

Fyrirhugaðir eru tónleikar með söngkonunni í Mexíkó í október en ekki hefur verið gefið út hvort þeim verður frestað líka.

Bono í bleikar nærbuxur

BAKPANKAR Ragnheiðar Tryggvadóttur

Ég var að ganga frá þvotti um daginn og meðal þess sem ég tindi af snúrunum voru bleikar nærbuxur. Svona alveg dökk-skærbleikar bómullarnærbuxur. Ég á þær. Keypti þær í sumar. Þær voru reyndar í pakka með nokkrum öðrum nærbuxum í sama sniði, en þessar eru áberandi bleikastar. Einhver dulin skömm læddist aftan að mér og allt í einu mundi ég eftir því hvað var hræðilega vandræðalegt að uppgötva í leikfimitíma í grunnskóla að maður var í bleikum nærbuxum. Það var ekkert asnalegra en bleikar nærbuxur. „Flottar nærbuxur.“ Glottandi, flissandi stelpur. Úff... þurfti ég að vera í þessum asnalegu nærbuxum í dag.



SUMT er hallærislegt af óskiljanlegum ástæðum. Svona sameiningartákn svala fólksins. Bleikar nærbuxur, Breezer og U2. Og ég tala nú ekki um að líkjast stelpu ef þú ert ekki stelpa.

Ég var að hlusta á útvarpið um daginn, þarna þegar U2 átti Rás

2 heilan dag. Útvarpsmaðurinn var vel undirbúinn, því hann þuldi upp hvert fróðleikskornið af öðru um hljómsveitar meðlimi. Meðal annars sagði hann frá því að Bono hefði lengi verið komplexaður yfir því að syngja eins og stelpa. Það tók mig ekki nema eina Google-atrennu að finna blaðagrein með fyrirsögninni „U2's Bono: I think I sound like a girl“ og undirtitlinum „Singer says he can't stand the sound of his own voice“. Þetta olli mér miklu hugarangri. Hvað felst í því að hljóma eins og stelpa og hvers vegna hefur það svona gríðarleg áhrif á sjálfstraust þessa söngvara?

VEIT hann ekki að meira að segja fótbolta-menn grenja eins og smástelpur?

LEIÐINDAMÁL. En allavega. Svo gerist það, að því er virðist undantekningarlaust, að það verður kúl að vera „hallærislegur“. Með „mullet“ og stór gleraugu. Gulrótarbuxur og útviðar buxur. Sokkar og sandalar. Normcore. Ég veit svo sem ekki hvert ég er að fara með þetta, en ég vildi óska að mér myndist U2 geðveik hljómsveit, því þá myndi ég setja það í status. Ég er komin með leiða á statusunum um hið öndverða.

„Draumaverkefni fyrir mig“

Jóhann Jóhannsson fær góða dóma fyrir tónlist sína í kvikmyndinni The Theory of Everything. Hann flytur tón- og myndverk í Eldborgarsal Hörpu með Sinfóníuhljómsveit Íslands á Iceland Airwaves-hátíðinni.

Viktória Hermansdóttir
viktoria@frettabladid.is

Við vorum öll rosalega ánægð með viðbrögðin í Toronto, þau voru vonum framfar og það er gaman fyrir mig að tónlistin skuli fá svona mikla athygli,“ segir tónskáldið Jóhann Jóhannsson, sem gerði tónlistina fyrir kvikmyndina The Theory of Everything. Myndin var heimsfrumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Toronto um helgina og hlaut mikið lof gagnrýnenda. Var þá tónlist Jóhanns sérstaklega lofuð af meðal annars gagnrýnendum Variety, BBC og Screen Daily svo einhverjir séu nefndir.

Tónlistin tekin upp í Abbey Road
Jóhann kynntist leikstjóra myndarinnar, James Marsh, þegar hann samdi tónlist fyrir dönsku myndina The Good Life. James vann sem ráðgjafi að þeirri mynd og hafði samband við umbodsskrifstofu Jóhanns þegar hann var að gera The Theory of Everything. „Mér fannst það mjög spennandi verandi aðdáandi James. Ég hef sömuleiðis verið mikill áhugamaður um Stephen Hawking, bæði hann sem karakter og verk hans,“ segir hann. Myndin er byggð á bók Jane Wilde, Travelling to Infinity: My life with Stephen, sem fjallar um ástarsamband Jane og Stephens. „Ég las bók Hawkings A Brief History of Time í háskóla og hef alltaf haft mikinn áhuga á honum sem persónu. Þannig að fyrir mig var þetta í rauninni draumaverkefni,“ segir Jóhann.

Tónlistin var tekin upp í Abbey Road-hljóðverinu í London en Jóhann byrjaði að semja tónlistina þegar tókur voru langt á veg komnar. „Ég fékk myndina fyrst mjög hráa og sá strax að hún var mjög áhrifamikil. Vel skrifuð, vel leikin og mjög öflug. Það var mjög gaman að takast á við þetta verkefni að semja tónlistina,“ segir hann.

Þetta er ekki fyrsta stórmyndin sem Jóhann semur tónlist fyrir, en hann samdi einnig tónlistina fyrir myndina Prisoners. Hann segir

bæði verkefni hafa verið skemmtileg en ólík.

„Þetta eru rosalega ólíkar myndir. Prisoners er mjög dökk og drungaleg mynd sem lýsir skuggahlíðum manneskjunnar sem í rauninni hentar að mörgu leyti minni tónlist mjög vel en hún er yfirleitt dramatísk og frekar svona í myrkari kantinum. Aftur á móti er The Theory of Everything léttari og aðgengilegri. Hún er dramatísk mynd og alvarleg en hefur miklu breiðara og bjartara litróf heldur en Prisoners þannig að þessar tvær myndir eru eins og svart og hvítt. Tónlistarlega nálgunin var allt önnur,“ segir hann.

Spennandi verkefni fram undan

Það er nóg um að vera hjá Jóhanni og á næstu dögum byrjar hann að semja tónlist fyrir nýja mynd sem ber nafnið Sicario og er leikstýrt af Denis Villeneuve, þeim sama og leikstýrði Prisoners. Þetta er því í annað sinn sem þeir vinna saman. Meðal þeirra sem fara með aðalhlutverk í myndinni er leikarinn Benicio Del Toro og Emily Blunt. „Þetta er mjög spennandi verkefni,“ segir hann.

Jóhann er svo væntanlegur til landsins í nóvember þar sem hann mun setja upp verk sitt, The Miners' Hymns í fyrsta skipti á Íslandi. „Þetta er samstarfsverkefni Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Iceland Airwaves. Þetta er verk sem ég hef flutt úti um allan heim en þetta verður í fyrsta skipti sem það er flutt á Íslandi,“ segir hann. Um er að ræða tón- og myndverk. „Myndin er eftir bandarískan listamann sem heitir Bill Morrison. Þetta er klukkutímalöng mynd sem er byggð á gömlum myndskildum frá kolánámuðnaðinum í Bretlandi. Myndin er þögl og tónlistin er flutt lifandi undir. Verkið er upprunalega samið fyrir brasshljómsveit en þarna verður frumflutt ný útgáfa af verkinu fyrir sinfóníuhljómsveit,“ segir hann spennur, en þetta er í fyrsta skipti sem Jóhann spilar með Sinfóníuhljómsveit Íslands og einnig kemur hann fram í fyrsta skipti í Eldborgarsal Hörpu. „Ég hlakka til að koma til Íslands og sýna fólkinu heima þetta fallega verk.“



FARSÆLL Jóhann er að gera góða hluti með tónsmíðum sínum.

→ The Theory of Everything



David Thewlis. Myndin var heimsfrumsýnd á dögnum á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Toronto.

Myndin er byggð á bók Jane Hawking, Travelling to Infinity: My life with Stephen, og fjallar um samband Jane og fyrrverandi eiginmanns hennar. Myndinni er leikstýrt af James Marsh en handritshöfundur er Anthony McCarten. Í aðalhlutverkum eru Eddie Redmayne og Felicity Jones. Í öðrum aðalhlutverkum eru Charlie Cox, Emily Watson, Simon McBurney og

SMÁRRÁ BIÓ

THE NOVEMBER MAN	KL. 5:30 - 8 - 10:25	L
THE NOVEMBER MAN LUXUS	KL. 10:10	L
ÞÓSTURINN PÁLL ISL TAL 2D	KL. 3:30 - 5:45	L
ÞÓSTURINN PÁLL ISL TAL 3D	KL. 3:30	L
PARÍS NORÐURSINS	KL. 3:30 - 5:45 - 8	L
PARÍS NORÐURSINS LUXUS	KL. 8	L
THE GIVER	KL. 10:10	L
LET'S BE COPS	KL. 5:45 - 8 - 10:20	L
LET'S BE COPS LUXUS	KL. 3:30 - 5:45	L
EXPENDABLES	KL. 8 - 10:40	L
AD TEMIA DREKANN 2 ISL TAL 2D	KL. 3:30	L

HÁSKÓLA BIÓ

ÞÓSTURINN PÁLL ISL TAL 2D	KL. 5:50	L
PARÍS NORÐURSINS	KL. 5:45 - 8 - 10:15	L
THE GIVER	KL. 8 - 10:15	L
LET'S BE COPS	KL. 5:45 - 8	L
DAWN PLANET OF THE APES 3D	KL. 10:15	L
VONARSTRÆTI ENSKUR TEXTI	KL. 5:20	L
VONARSTRÆTI	KL. 8 - 10:40	L

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

ÞÓSTURINN PÁLL 2D	5:50	L
THE NOVEMBER MAN	5:50, 8, 10:20	L
PARÍS NORÐURSINS	5:50, 8, 10:10	L
LIFE OF CRIME	10	L
LUCY	8	L

BÍÓ PARADÍS MIÐASALA Á **midi.is**

Frábær mynd, einstaklega sönn!
Ólafur Páll Gunnarsson, Rás 2

MONICA Z

SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Ábendingahnaupinn má finna á www.barnaheill.is



ÍSLAND GOT ★ TALENT

ÁHEYRNARPRUFUR UM HELGINA

10 MILLJÓNIR Í VERÐLAUN!

SKRÁÐU ÞIG Á
STOD2.IS/TALENT

Við leitum að fólki á öllum aldri sem hefur einstaka hæfileika til að heilla þjóðina og verða áheyrnarprufur í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, dagana 20. og 21. september. Langar þig að láta ljós þitt skína?

Fáðu þér áskrift! **365.IS**

GEGGJUÐ SÍMATILBOÐ

AÐEINS Í 4 DAGA

EÐA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST



★
htc KAZAM

Nokkur verðdæmi

Kazam TrooperX40

FULLT VERÐ 19.990

TILBOÐ 14.990

Kazam Thunder Q45

FULLT VERÐ 34.990

TILBOÐ 29.990

HTC Desire610

FULLT VERÐ 49.990

TILBOÐ 39.990

HTC OneM8

FULLT VERÐ 129.990

TILBOÐ 99.990

**TILBOÐIN GILDA AÐEINS Í 4 DAGA EÐA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
SJÁ ÖLL TILBOÐIN Í VERSLUN OKKAR EÐA Á SM.IS**

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

OPIÐ VIRKA DAGA
9 - 18
OG LAUGARDAGA
11 - 16

RÚV kl. 16.45 Fótbolti

Forkeppni HM kvenna í fótbolta. Ísland og Serbía eigast við í beinni útsendingu á Laugardalsvelli í lokaleiknum í forkeppni Heimsmeistarátöts kvenna í knattspyrnu sem fer fram í Kanada næsta sumar.



Í KVÖLD



How I Met Your Mother

STÖÐ 2 KL. 20.05 Níunda og jafnframt síðasta þáttaröðin um vinina Lily, Robin, Ted, Marshall og Barney og söguna góðu af því hvernig Ted kynntist barnsmóður sinni.



Léttir sprettir

STÖÐ 2 KL. 20.30 Í þættinum hvetur Ríkka fólk til þess að standa upp úr stólnum og finna íþrótt sem hentar viðkomandi og bera með því ábyrgð á eigin heilsu og jákvæðara samfélagi.



The Middle

STÖÐ 2 KL. 19.40 Þriðja syrran af þessum stórskemmtilegu þáttum um hið sanna líf millistéttafólksins. Það er aldrei lognmolla hjá Heck-fjölskyldunni þar sem ofurhúsmóðurin Frankie hefur í mörg horn að líta.

Bylgjan kl. 10.00 Ívar Guðmundsson

Ívar kemur þér inn í daginn með góðri tónlist.



RÚV

14.55 Martin læknir McNeice.
15.40 Disneystundin
15.41 Finnbogi og Felix
16.04 Sígildar teiknimyndir
16.14 Nýi skólinn keisarans
16.35 Táknafréttir
16.45 Forkeppni HM kvenna í fótbolta Ísland og Serbía eigast við í beinni útsendingu á Laugardalsvelli í lokaleiknum í forkeppni Heimsmeistarátöts kvenna í knattspyrnu sem fer fram í Kanada næsta sumar.

18.54 Víkingalottó
19.00 Fréttir
19.20 Veðurfréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Kastljós
20.05 Músíktilraunir 2014 Úrslitakvöld Músíktilrauna fór fram í Norðurljóssal Hörpunnar. Tíu hljómsveitir spiluðu af hjartans lyst.

21.05 Mánudagsmorgnarnar Bandarísk þáttaröð um líf og störf skurdlækna sem berjast fyrir lífi sjúklinga sinna. Aðalhlutverk. Ving Rhames, Jamie Bamber og Jennifer Finnigan.

22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Stríð í nánd Glæný sjónvarpsþáttaröð í þremur hlutum um síðustu vikurnar í aðdraganda heimsstyrjaldarinnar fyrri. Aðalhlutverk. Ian McDiarmid, Nicholas Farrell, Tim Pigott-Smith.

23.15 Njónnadeildin
00.10 Kastljós
00.25 Fréttir
00.35 Dagskrárlok

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Everybody Loves Raymond
08.20 Dr. Phil
09.00 The Talk
09.45 Pepsi MAX tónlist
15.30 King & Maxwell
16.15 The Royal Family
16.40 Welcome to Sweden
17.05 Extant
17.50 Dr. Phil
18.30 The Tonight Show
19.10 The Talk

19.50 30 Rock Bandarísk gamanþáttaröð sem hlotið hefur einróma lof gagnrýnenda. Í þessum lokaþætti fylgjumst við með Liz, Jack, Jennu og Tracy verða sér til skammar.

20.10 America's Next Top Model Bandarísk raunveruleikaþáttaröð þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu.

20.55 Fleming - LOKAPÁTTUR
21.45 Vexed - LOKAPÁTTUR
22.45 The Tonight Show The Good Wife - leikkonan Julianna Margulies er gestur kvöldsins ásamt grínistanum Jerry Lewis. Bandaríska hip-hop hljómsveitin Public Enemy slær taktinn í kvöld.

23.25 Fleming - The Making of
23.55 Revelations
00.40 Fleming
01.25 Vexed
02.25 The Tonight Show
03.05 Pepsi MAX tónlist

Golfstöðin

08.00 PGA Tour 2014 **14.00 Golfing World 2014**
14.50 PGA Tour 2014 - Highlights **15.45 Golfing World 2014** **16.35 LPGA Tour 2014** **18.00 Golfing World 2014** **18.50 Countdown to the Ryder Cup 2014** **19.15 Web.com Tour Highlights** **20.10 Golfing World 2014** **21.00 Countdown to the Ryder Cup** **21.25 Web.com Tour Highlights** **22.20 Golfing World 2014** **23.10 European Tour 2014 - Highlights**

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.05 Malcolm in the Middle
08.25 Wipeout
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 Doctors
10.10 Spurningabomban
11.00 Grand Designs
11.50 Grey's Anatomy
12.35 Nágrannar
13.00 Cold Feet 5
13.55 Episodes
14.25 Smash
15.10 Xiaolin Showdown
15.30 Grallararnir
15.55 New Girl
16.20 Arrested Development
16.50 The Big Bang Theory
17.10 Bold and the Beautiful
17.32 Nágrannar
17.57 Simpson-fjölskyldan
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Bad Teacher
19.40 The Middle
20.05 How I Met Your Mother
20.30 Léttir sprettir
20.50 Restless (1/2) Fyrri hluti breskrar framhaldsmyndar frá 2012 með Hayley Atwell, Rufus Sewell, Michael Gambon og Charlotte Rampling í aðalhlutverkum. Hvað gerist þegar allt sem þú trúir og treystir á reynist vera lygi? Það upplifir Ruth Gilmartin þegar mamma hennar, Sally, segist hafa lifað tvöföldu lífi. Hún heiti í raun Eva Delectorskaya og hafi starfað fyrir bresku leyniþjónustuna en hefur verið á flóttu í 30 ár. Vönduð mynd sem byggð er á samnefndri skáldsögu eftir William Boyd um ástir, svik og undirferli. Seinni þátturinn er á dagskrá miðvikudaginn 24. september.

22.20 Covert Affairs
23.05 Enlightened
23.35 NCIS
00.20 Major Crimes
01.05 True Stories
01.55 The Blacklist
02.40 The Blacklist
03.25 The Blacklist
04.10 Broadcast News

SPORT

07.00 Meistaradeildin - meistaramörk
07.45 Meistaradeildin - meistaramörk
08.30 Meistaradeildin - meistaramörk
10.45 Real Madrid - Basel
12.30 Liverpool - Ludogeres
14.15 Dortmund - Arsenal
16.00 Meistaradeildin - meistaramörk
16.45 Pepsímörkin 2014
18.00 Meistaradeildin - upphitun
18.30 Bayern Munchen - Man. City Bein útsending frá Meistaradeild Evrópu.
20.45 Meistaradeildin - meistaramörk
21.30 Ajax - PSG
23.20 Chelsea - Schalke
01.10 Meistaradeildin - meistaramörk

SPORT 2

12.00 Arsenal - Man. City
13.45 Football League Show
14.15 WBA - Everton
15.55 Chelsea - Swansea
17.35 Messan
18.50 Crystal Palace - Burnley
20.30 Premier League Review 14/15
21.25 Man. Utd. - QPR
23.10 Southampton - Newcastle

INN

20.00 Björn Bjarnason **20.30** Tölur og tækni
21.00 ABC barnahjálpi **21.30** Á ferð og flugi

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro

FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1

STÖÐ 3

17.30 Last Man Standing
17.55 Guys With Kids
18.15 Hart of Dixie
19.00 Jamie's 30 Minute Meals
19.25 Baby Daddy
19.50 Who Do You Think You Are?
20.50 Gang Related
21.35 Damages
22.30 Wilfred
22.50 Originals
23.30 Hart of Dixie
00.15 Jamie's 30 Minute Meals
00.40 Baby Daddy
01.05 Who Do You Think You Are?
02.05 Gang Related
02.45 Damages
03.35 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

Krakkastöðin

07.00 Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveinsson **07.45** Elías **07.55** UKI **08.00** Ofurhundurinn Krypto **08.22** Ljótí andarunginn og ég **08.44** Gulla og grænjaxlarnir **08.56** Tommi og Jenni **09.00** Lukku-Láki **09.25** Latibær **09.47** Hvellur keppnisbíll **10.00** Dóra könnuður **10.24** Mörgæsirnir frá Madagaskar **10.45** Doddí litli og Eyrnastór **10.55** Sumardalsmyllan **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveinsson **11.45** Elías **11.55** UKI **12.00** Ofurhundurinn Krypto **12.22** Ljótí andarunginn og ég **12.44** Gulla og grænjaxlarnir **12.56** Tommi og Jenni **13.00** Lukku-Láki **13.25** Latibær **13.47** Hvellur keppnisbíll **14.00** Dóra könnuður **14.24** Mörgæsirnir frá Madagaskar **14.45** Doddí litli og Eyrnastór **14.55** Sumardalsmyllan **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveinsson **15.45** Elías **15.55** UKI **16.00** Ofurhundurinn Krypto **16.22** Ljótí andarunginn og ég **16.44** Gulla og grænjaxlarnir **16.56** Tommi og Jenni **17.00** Lukku-Láki **17.25** Latibær **17.47** Hvellur keppnisbíll **18.00** Dóra könnuður **18.24** Mörgæsirnir frá Madagaskar **18.45** Doddí litli og Eyrnastór **18.55** Sumardalsmyllan **19.00** Fjörfskarnir **20.30** Sögur fyrir svefninn

GULLSTÖÐIN

17.55 Strákarnir
18.20 Frasier
18.45 Friends
19.05 Seinfeld
19.30 Modern Family.
19.55 Two and a Half Men
20.15 Örlagadagurinn
20.45 Heimsókn
21.00 Homeland
21.45 Chuck
22.30 Cold Case
23.15 Shameless
00.05 E.R.
00.50 Boss
01.45 Örlagadagurinn
02.20 Heimsókn
02.35 Homeland
03.20 Chuck
04.05 Cold Case
04.45 Shameless
05.35 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

BÍÓSTÖÐIN

11.40 Journey 2. The Mysterious Island
13.15 Dumb and Dumber
15.10 Hope Springs
16.50 Journey 2. The Mysterious Island
18.25 Dumb and Dumber
20.20 Hope Springs
22.00 The Company You Keep
00.00 The Cold Light of Day
01.35 Blitz
03.10 The Company You Keep

FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan

FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga

FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin



VIÐ ERUM Í SÍMANUM?

VIÐ HÖFUM BÆTT APPIÐ HELLING SVO ÞÚ NJÓTIR ÞESS SEM BEST.

TENGDU FACEBOOK VIÐ ÚTVAPPIÐ TAKTU ÞÁTT Í SKEMMTILEGUM LEIKJUM LÁTTU APPIÐ VEKJA ÞIG HLUSTAÐU Á Hljóðbrot úr þáttum KYNNTU ÞÉR VINSÆLUSTU LÖGIN



Frí uppfærsla á Útvappinu fæst á Google Play og App Store.



SIEMENS


Tækifæri í september



SIEMENS - Þvottavél WM 12E267DN

Vindur upp í 1200 sn./mín.

Tækifærisverð:
99.900 kr. stgr.
(Fullt verð: 129.900 kr.)



SIEMENS - Uppþvottavélar SN 45M205SK (hvít) SN 45M507SK (stál)

13 manna. Fimm kerfi.
Hljóð: 44 dB (re 1 pW).
Barnalæsing. „aquaStop“ flæðivörn.

Tækifærisverð (hvít):
126.900 kr. stgr.
(Fullt verð: 159.900 kr.)

Tækifærisverð (stál):
144.900 kr. stgr.
(Fullt verð: 179.900 kr.)



SIEMENS - Þurrkari WT 46B267DN

Gufuþétting, enginn barki. Sérkerfi:
Hraðkerfi 40 mín., undirföt, útifatnaður
og fleira. Skjár sem sýnir afgangstíma/
tímaseinkun. Krumpuvörn í lok kerfis.



Tækifærisverð:
107.900 kr. stgr.
(Fullt verð: 139.900 kr.)



SIEMENS - Kæli- og frystiskápur KG 36VUW20 (hvítur)

Útdraganleg „crisperBox“-skúffa.
„lowFrost“-tækni.
Stór „bigBox“-frystiskúffa. Hraðfrysting.
H x b x d: 186 x 60 x 65 sm.

Tækifærisverð:
97.900 kr. stgr.
(Fullt verð: 119.900 kr.)



SIEMENS - Keramíkhelluborð ET 645NE17

Með fallegum stálramma.
Fjórar hraðsuðuhellur. Snertisleði.

Tækifærisverð:
63.900 kr. stgr.
(Fullt verð: 79.900 kr.)



Bosch - Blandari MMB 2001

600 W. Bikar úr gleri. Tekur tvo lítra.

Tækifærisverð:
18.900 kr. stgr.
(Fullt verð: 23.900 kr.)

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

MORGUNMATURINN



Ég fæ oft valkvíða á morgnana en yfirleitt verður kornfleks eða hollustuhafraklatter á la Ale fyrir valinu, þar sem það tvennt er mjög mikið uppáhalds. Flott bensín inn í daginn!

Alexandra Sif Nikulásdóttir, fjarþjálfari hjá Betri árangri og förðunarfræðingur.

Leiðinlegt að sjá eftirlíkinguna

Kertin Pyro Pet úr smiðju hönnuðarins Þórunnar Árnadóttur hafa vakið mikla lukku en búið er að gera eftirlíkingu af því sem nefnist Skeleton Candles.

„Mér finnst þetta ekki vera heiður og bara mjög pirrandi að sjá svona eftirlíkingar,“ segir hönnuðarinn Þórunn Árnadóttir, sem á heiðurinn af Pyro Pet, kisukerti sem er sérstakt að því leytnu til að þegar það brennur niður birtist beinagrind úr áli.

Kertið hefur vakið mikla lukku út um allan heim en nýverið fékk Þórunn ábendingu frá stórum dreifingaraðila um að búið væri að gera eftirlíkingu af kertinu henn-

ar. Eftirlíkingin er bangsakerti sem nefnist Skeleton Candles og breytist einmitt í beinagrind úr áli. Líkindin eru sláandi en Þórunn safnaði fyrir framleiðslu Pyro Pet á Kickstarter og er það sama leið og fólkið á bakvið eftirlíkinguna er að fara. „Mér finnst mest skrítið að Kickstarter hafi hleypt þessu í gegn hjá sér, ég er í góðu sambandi við fólkið þar sem öll keyptu sér kisukertið á sínum tíma og hrós-uðu hönnuninni. Það er leiðinlegt

þegar svona kemur upp.“ Kisukertin hennar Þórunnar hafa slegið í gegn og eru meðal annars í búðinni Urban Outfitters. Upphaflega ætlaði Þórunn að safna fyrir framleiðslu á fjögur þúsund kertum en hefur nú selt um 10 þúsund stykki. „Sem betur fer hefur okkur tekist að koma Pyro Pet það vel á framfæri síðasta árið að við höfum verið að fá ábendingar um eftirlíkinguna frá viðskiptavinum okkar. Það er gott.“



PIRRANDI Þórunn Árnadóttir hönnuður er ekki ánægð með að búið sé að gera eftirlíkingu af kertinu hennar, Pyro Pet, en er fitt fyrir hönnuði að koma í veg fyrir svoleiðis.

Fyrirbyggjandi lúsasjampó

Notist reglulega eins og hvert annað sjampó fyrir hárbvott.



Gotitas de Oro - Anti-Lice Shampoo

Kemur í veg fyrir lúsasmit.

Fyrirbyggjandi lúsasjampó fyrir börn. Virk samsetning innihaldsefna ver hárið og hársvörðinn og kemur í veg fyrir lúsasmit án þess að valda óþægindum né ertingu. Afar milt en óflugt sjampó.

Virku innihaldsefni í sjampóinu eru náttúruleg. Þau fyrirbyggja og gefa líka raka:

Andiroba olía: 100% náttúruleg olía.

Notuð víða í heiminum, m.a sem vörn gegn skordýrabiti.

Quassia edik: Edik blanda með Quassia Amara seyði sem kemur í veg fyrir að egg lúsarinnar (nit) geti fest í hárinu.

Útsöluastaðir: Lyfjaver/Heilsuver, Lyfjaval Mjódd, Rima Apótek, Reykjavík Apótek, Garðs Apótek, Árbæjar Apótek, Apótek Hafnarfjarðar, Apótek Garðabæjar, Lyfsalinn-Glæsibæ, Austurbæjar Apótek, Lyfja Lágmula, Lyfja Smáratorgi, og Fjarðarkaup

Umboð: www.vitex.is

Eins og að vera á jeppa á risadekkjum

Emil Þór Guðmundsson hjólar um stræti borgarinnar á tryllitæki sem nefnist Fatboy-hjól og er nú fáanlegt hér landi en hjólinu er hægt að stýra upp á jökul.

„Það eru nokkrir nógu bilaðir til að fá sér svona, þetta er eins og að kaupa jeppa á risastórum dekkjum,“ segir Emil Þór Guðmundsson, einn eigandi hjólabúðarinnar Kría Cycles, sem hjólar nú um stræti borgarinnar á svokölluðu Fatboy-hjóli.

Hjólið vekur athygli vegfarenda enda um tryllitæki að ræða. Dekkin sjálf eru extra breið og kjörin til þess að hjóla á snjó og sandi en ekki síður á malbiki. „Síðan getur maður beðið eftir snjó og þá er hægt að fara upp á jökul,“ segir hjólaunnandinn Emil, sem ætlar greinilega ekki að láta veður og vind hafa áhrif á sig í vetur.

Þótt hjólin líti ansi hörkulega út þá eru þau samt sem áður afar þægileg og á hvers manns færi að stýra. „Það kemur manni samt á óvart hvað þetta pedalar vel. Þau bara rúlla og rúlla, þessi hjól.“ Fatboy-hjólin eru nú fáanleg í Kría Cycles og kosta frá 319.000 krónum.

Mikið hjólaæði hefur gripið landann undanfarin misseri enda bæði umhverfisvænn ferðamáti og góð hreyfing. Þó að hitastig fari lækkandi og ekki hægt að treysta á veðrið hér á landi er engin ástæða til að leggja hjólunum að sögn Emils.

En hvernig eiga hjólreiðamenn að útbúa sig fyrir veturinn? „Það eru ljós, númer eitt, tvö og þrjú. Þú vilt ekki fá strætó í bakið. Það eru alltof margir sem hjóla ljóslausir hér, það er bara eins og að keyra um á ljóslausum bíl. Þú vilt ekki vera „ghost rider“. Svo í nóvember fer maður að skipta yfir í nagladekk þegar hálfkan fer að koma. En vonum að haustið hangi aðeins lengur.“



VÍGA-LEGR Emil Þór með tryllitæki sem kallast Fatboy-hjól.

Fésbók hjólreiðamannsins

„Þetta er eins konar Fésbók hjólreiðamannsins,“ segir Emil um appið Strava, sem notað er af flestum hjólreiðamönnum sem vettlingi geta valdið. Með Strava er hægt að skipuleggja hjólreiðarnar betur og keppa við vini sína. „Svo getur maður fylgst með því hvar menn eru að hjóla og séð nýjar leiðir. Þetta er algjör snilld.“ Strava virkar þannig að notandinn býr til ákveðna „segmenta“ sem er tiltekin leið og vegalengd. Þá er hægt að keppa á móti einhverjum öðrum um tímann sem tekur að hjóla þessa leið. Ef maður nær síðan besta tímanum þá verður maður svokallaður KOM, eða „king of the mountain“.

Tónlist sem hreyfir við iðrunum

Veisla með hávaða, drunum og drunga á Húrra á föstudaginn

Hljómsveitin Plastic Gods hefur verið starfandi í næstum áratug og er þekkt fyrir að spila drunga- og stónerarokk með eigin blæ. Hljómsveitin hefur verið að vinna í óhefðbundnu setti fyrir tónleika á Húrra næstkomandi föstudag. Þá mun sveitin spila drunu- og hávaðatónlist með áhrifum frá raf-tónlist. Ásamt þeim koma fram tónlistarmennirnir AMFJ, Ultra-orthodox og Döpur, betur þekktur sem Krummi í Mínus.

En hvað er svona aðlaðandi við hávaða? „Við erum vön því að heyra umhverfishljóð þegar við löbbum út um dyrnar heima hjá okkur og það eru verksmiðjur í gangi, strætóar keyrandi fram hjá, fólk að tala. Hávaði er alls staðar og ég held að það sé búið að síast í undirmeðvitundina hjá fólki. Þegar það kemst að því að þetta er inni í manni þá dregur það fólk að þessari tónlistarstefnu, ef við ætlum að fara í þetta vísindalega,“ segir Krummi.

Tónleikarnir á föstudaginn hefjast klukkan 22.00 og kostar litlar 1.000 krónur inn.



PLASTIC GODS spilar sérútbúið sett á föstudag.

HVAÐ ER „NOISE“-TÓNLIST?



KRUMMI

„Noise“ eða hávaðatónlist einkennist af notkun á hávaða í músikölsku samhengi. Stefnan á uppruna sinn í móðernisma en ítalski fútúristinn Luigi Russolo skrifaði stefnuritið The Art of Noises árið 1913 þar sem hann hélt því fram að iðnbýltingin hefði hjálpað nútímamanninum að kunna að meta flóknari hljóð. Taldi hann að hefðbundin tónlist væri heftandi og að hávaðatónlist myndi koma í stað hennar í framtíðinni.

Hávaðatónlist hélt áfram að þróast í gegnum tuttugustu öldina og hefur alltaf haldist í hendur við þróun tilraunakenndrar tónlistar á öldinni. Frægir einstaklingar sem spila hávaðatónlist eða hafa notast við hávaða í verkum sínum eru til dæmis John Cage, Karlheinz Stockhausen, Lou Reed, Sonic Youth, Ryoji Ikeda, Merzbow, Psychic TV og margir fleiri.

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðalbestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Frettabladinnun Capacent, október-december, 2012 - hlufborgarsvæði 25-54 ára



7 ára ábyrgð á öllum
nýjum Kia bílum

www.kia.com

Kaupauki
með öllum
nýjum Kia bílum:
50.000 kr.
inneign til kaupa
á aukahlutum

Kia fjölskyldan

– sparneytnir verðlaunabílar

Sportage dísil

Eyðir frá 5,5 l/100 km
Verð frá 4.890.777 kr.



Fánlegur
sjö
manna



Sjö
manna

Sorento dísil

Eyðir frá 6,7 l/100 km
Verð frá 7.290.777 kr.

Carens dísil

Eyðir frá 5,1 l/100 km
Verð frá 4.890.777 kr.



Optima dísil

Eyðir frá 5,1 l/100 km
Verð frá 4.690.777 kr.



cee'd dísil

Eyðir frá 4,1 l/100 km
Verð frá 3.290.777 kr.



cee'd Sportswagon dísil

Eyðir frá 4,4 l/100 km
Verð frá 3.490.777 kr.



Picanto bensín

Eyðir frá 4,2 l/100 km
Verð frá 1.990.777 kr.



Einn
sparneytnasti
bill í heimi

Rio dísil

Eyðir frá 3,6 l/100 km
Verð frá 2.590.777 kr.

Fjármögnum það sem upp á vantar ergo



The Power to Surprise

Það margborgar sig að kynnast Kia fjölskyldunni. Sparneytni, öryggi og framsækin tækni einkennir þessa fjölbreyttu og margverðlaunuðu bílafjölskyldu. Þú finnur örugglega ferðafélaga við hæfi í Kia fjölskyldunni.

Kia verksmíðurnar þekkja gæði eigin framleiðslu. Þess vegna eru allir nýir Kia bílar með sjö ára ábyrgð, sem er lengsta ábyrgð sem bílaframleiðendur veita í Evrópu.

Komdu og reynsluaktu. Við tökum vel á móti þér.

Öll verð miðast við verðlista í september 2014

Þú finnur „Kia Motors Ísland“ á Facebook



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Á leið á rauða dreglinn í New York

Leikarinn Ólafur Darri heldur til New York í dag þar sem hann verður viðstaddur frumsýningu á kvikmyndinni A Walk among the Tombstones. Liam Neeson leikur aðalhlutverkið í myndinni en henni er leikstýrt af Scott Frank eftir samnefndri bók Lawrence Block. Ólafur Darri fer með hlutverk James Loogan í myndinni og mun án efa taka sig vel út á rauða dreglinum með Neeson. Myndin verður frumsýnd hér á landi um næstu helgi en nú þegar hefur birst fjögurra stjörnu dómur á kvikmyndavefnum Empire. Annars er Ólafur Darri við tölur á myndinni The Last Witch Hunter þar sem hann leikur við hlið Vins Diesel og Elijah Wood.



- áþ

Skrímsli verður til

Allflestir þekja til hópa á Facebook sem er umhugað um eitthvert eitt málefni. „Vinir lúpinnar“, „Áhugamannafélag um gæði vinnubragða á fréttamiðlum“ og „Fimmaurabrandarafjelagið“ eru dæmi um hópa sem hafa sprottið upp og meðlimir viðra skoðanir sínar á málefninu eða segja lélega fimmaurabrandara.

Fyrir rétt rúmum sólarhring stofnaði Kolbeinn Óttarsson Proppé hóp sem varð fljótur að vaxa og dafna og eru nú meðlimir hópsins rúmlega 400 talsins. Hópurinn heitir „Algjörlega óáhugaverðar fótboðaupplýsingar“. Þar er reglan einföld: meðlimum er bannað að bera á torg áhugaverðar upplýsingar um knattspyrnu. Stefán Pálsson, Sveinn H. Guðmarsson, Líf Magneudóttir og Gerður Kristný hafa til dæmis öll sent inn afar óáhugavert efni um knattspyrnu.



- sa

Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Hundar réðust að lömbum og átu þau lifandi
- 2 Jón Ragnar: Hélt að hann væri dáinn
- 3 Veikindi hjá velferðarsviði kosta borgina yfir hundrað milljónir segir borgarfulltrúi
- 4 Umfjöllun, viðtöl og einkunnir: Fram - Fjölirnir 1-3 | Fjölirnir úr fallsæti á kostnað Fram
- 5 Hefur fengið leyfi fyrir líknardrápi

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

WOW

FLUGFÉLAG FÓLKSINS

Köben - Beint flug allt árið
Frá 9.990 kr.

Berlín - Beint flug allt árið
Frá 9.990 kr.

London - Beint flug allt árið
Frá 9.990 kr.

París - Beint flug allt árið
Frá 9.990 kr.

Barcelona - Beint flug til 20. okt.
Frá 16.990 kr.

Alicante - Beint flug til 29. nóv.
Frá 16.990 kr.

wowair.is